

KOLFINNA NIKULÁSDÓTTIR
Fékk laumulega gjöf frá kærastanum
tíska heilsa heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



BRÚÐKAUP
Brúðarkjólur eru háðir bæði hefðum og tísku
Sérblað um brúðkaup
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



MAX
BLAÐ Í DAG
Verðhrun!
Verðhrun!
Verðhrun!
OPID TIL KL. 22:00

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. febrúar 2008 — 44. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Allt um heilsu á einum stað

Heilsuvefurinn doktor. is er tíu ára á þessu ári. Frá upphafi hafa hjúkrunarfræðingar ritstýrt vefnum.

TÍMAMÓT 34



Plata Poetrix tilbúin

Sjálfvalinn besti textahöfundur íslenskrar tónlistarsögu kveðst ekki kunna neitt í tónlist.

FÓLK 46



Hætt við að hætta

Jóhanna Vilhjámsdóttir er ennþá starfsmaður Kastljóssins.

FÓLK 54


Ferlinum lokið?

Handboltamaðurinn Jón Heiðar Gunnarsson leikur kannski ekki aftur handknattleik eftir að hafa fengið mar á heilann í leik gegn ÍBV.

ÍPRÓTTIR 48



VEÐRIÐ Í DAG



HLÝINDI Í dag verður suðaustan-strekkingur á vestrhluta landsins, annars hægarí. Rigning vestan til þegar líður á daginn, stöku dropar sunnan til en þurr og bjart með köflum norðan til og austan. Milt.

VEDUR 4

Fangaverðir bæta við sig vinnu til hjálpar fíklum

Rúmlega sjöttú prósenta fanga á Litla-Hrauni mældust með fíkniefni í blóði í úttekt Fangelsismálastofnunar seint á síðasta ári. Meðferðargangi var í kjölfarið komið á. Starfinu er haldið úti með umframvinnu.

FANGELSISMÁL „Nú orðið eru hér mjög margir strákar sem hafa farið illa út úr döpínu. Þeir þurfa á meiri aðhlyningu og leiðbeiningum að halda en þeir sem áður voru hér,“ segir Rúnar Eiríksson, varðstjóri á Litla-Hrauni, sem staðið hefur vaktina frá því 1981, lengst allra fangavarda í fangelsinu.

Meðferðargangurinn var tekinn í notkun 12. nóvember en á honum eru ellefu fangar sem freista þess að halda sér edru innan veggja fangelsis. „Við höfum allar götur frá því árið 2000 sótt um fjármagn til þess að koma upp svona starfi en aldrei fengið. Við töldum ekki vera hægt að bíða lengur með

þetta og komum starfsemi á koppinn með þeim úrræðum sem voru við höndina,“ segir Þórarinn V. Hjaltason sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun. Ekkert fjármagn hefur fengið til þess að halda meðferðarganginum úti en starfsfólk fangelsisins ákvað að bæta ganginum á verkefnalistann til þess að mæta brýnni þörf. „Í raun er þetta hrein viðbót við þau störf sem við vinnum hér fyrir,“ segir Einar Loftur Högnason. „En afskaplega gefandi og skemmtileg viðbót,“ segir Svala Þrastardóttir kollegi Einars.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir hugmyndina um fyrirmyndar-

fangelsi byggja á því að föngum sé gefinn kostur á að ná tökum á vandamálum sínum og varnaðaráhrif refsinga nái fram að ganga.

„Ég held að það hljóti allir að gera sér grein fyrir því að á fáum stöðum er jafn mikil þörf fyrir afeitrunarstöð og sérhæfða meðferð og einmitt hér á Litla-Hrauni,“ segir Þórarinn.

Bláamenn Fréttablaðsins heim sóttu fangelsið og ræddu við fanga, starfsfólk og stjórnendur um þau vandamál sem stöðja að fangelsinu vegna fíkniefnaneyslu fanganna og vonir um lausn á þeim.

- kdk/mh / sjá síðu 18 og 20



SEÐLABANKASTJÓRI TEKUR Í SPIL Davíð Oddsson seðlabankastjóri var meðal keppenda við opnun Bridgehátíðar 2008. Spurður hvort keppt væri um Bermúdaskál sagði hann: „Nei, en fyrst minnst er á það þá held ég að Íslendingar hafi ekki þorað að vinna heimsméistaratilinn aftur því þeir hafi óttast að ég kæmi að taka á móti þeim eins og forðum.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einhliða upptaka Íslendinga á evru myndi leiða til árekstra við Evrópusambandið: Komast ekki inn bakdyramegin

VIÐSKIPTI „Við kunnum ekki við það að lönd reyni að taka evruna upp bakdyramegin,“ segir Jürgen Stark, stjórnarmaður í Evrópska seðlabankanum.

Hann fjallaði um hugsanlega einhliða upptöku Íslendinga á evru á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs í gær.

„Það er íslenskra stjórnvalda að ákveða þetta og taka um leið ábyrgð á afleiðingunum og þeirri áhættu sem fólgin er í einhliða upptöku. Seðlabanki Evrópu er á móti einhliða upptöku evru og

mun ekki styðja við slíkt. Þá hefur þessi afstaða líka verið staðfest í sjálfu Evrópusambandinu.“

Percy Westerlund, sendiherra Evrópusambandsins gagnvart Íslandi, segir afstöðu sambandsins til einhliða upptöku evru hér á landi skýra. „Ég tel að það geti leitt til árekstra. Ísland og Evrópusambandið eru nán. Þið eruð hluti af Evrópska efnahagssvæðinu. Þið eruð í Schengen-samstarfinu. Þið eruð í hópi okkar nánustu bandamanna. Ákveði náinn bandamaður að stíga einhliða skref, sem



JÜRGEN STARK Evrópski seðlabankinn styður ekki einhliða upptöku evru hér á landi.

gengur algjörlega gegn grundvallarreglum hins, þá verður því ekki veð tekið.“

- ikh / sjá síðu 6



ARON KRISTJÁNSSON Efstur á lista HSÍ yfir artaka Alfreðs Gíslasonar eftir að Dagur sagði nei.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Dagur hafnaði HSÍ:

Aron er næstur í röðinni

HANDBOLTI Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins mun HSÍ nú ræða við Aron Kristjánsson um að taka við starfi landsliðsþjálfara karla en Dagur Sigurðsson gaf starfið frekar óvænt frá sér í gær. Forsvarsmenn HSÍ munu setjast niður með Aroni á næstu dögum. Aron sagði við Fréttablaðið í gær að hann hefði mikinn áhuga á að heyrja hvað þeir hefðu fram að færa og væri til í að fá sér kaffibolla með þeim.

- hbg / sjá síðu 48

Nánari upplýsingar
www.icelandair.is

TILBOÐ
Verð frá 12.890 kr.*

WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið í verði: Flug aðra leið og flugvallarskattar.

HEIMILIS BRAUÐ

Veldu ekta Myllu
Heimilsbrauð

- brauðið sem allir
á heimilinu velja



Valentínusar-
dagurinn...
...er í dag

2 fyrir 1
í bíó



Dagur elskenda

15stk
túlípanar
999

Með hverjum keyptum blómvendi í Blómavali á höfuðborgarsvæðinu fylgir 2 fyrir 1 bíómiði á hina frábæru rómantísku gamanmynd *27 Dresses* (*27 Kjólar*) með Katherine Heigl úr *Grey's Anatomy* í aðalhlutverki. *27 Dresses* verður frumsýnd 22. febrúar n.k.

Meðan birgðir endast


blómaval
heillandi heimur

Skútvogur - Grafarholt - Akureyri - Húsavík
Egilsstaðir - Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind

Opið hús í Háskólatorgi

Háskóla Íslands laugardaginn 16. febrúar kl. 11 - 16.

Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands kynna hundruð námsleiða í grunnnámi og framhaldsnámi sem í boði verða næsta skólaár.

Með sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands þann 1. júlí verður til öflugasta háskólasamfélag landsins. Enginn íslenskur háskóli býður meiri fjölbreytni og framtíðarmöguleika.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

YFIR 500
NÁMSLEIÐIR
Í BOÐI!

HÁSKÓLADAGURINN
16. FEBRÚAR 2008 KL. 11:00 - 16:00


Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst,
Háskólinn á Hólum, Háskólinn
í Reykjavík, Landbúnaðarháskóli Íslands
og Listaháskóli Íslands kynna
námsframboð sitt í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Framhaldsnám í Danmörku verður
kynnt í Norræna húsinu.

Valensia

Gjöfin hennar á Valentínusardaginn

Í Hagkaupum færð þú fjölbreytt úrval Valensia undirfata í stærðum sem henta íslenskum konum. Þú getur valið allt frá einföldum, látlausum línum úr hágæða efnum sem móta líkama þinn á léttan og þægilegan hátt til ríkulegs blúnduundirfatnaðar með stuðningi. Valensia undirföt eru endingargóð og endurspeglar undirfatatískuna hverju sinni. Fegurð, vönduð snið og þægindi eru í fyrirrúmi.



Nýtt
kortatímabil!

Fáanlegt í Smáralind, Holtagörðum, Krínglu, og á Akureyri, takmarkað úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FLEX

hágæða rafmagnsverkfæri í miklu úrvali



TBWA\REYKJAVÍK \ SIA - 9080253

ASETA

Aseta ehf
Tunguháls 19
110 Reykjavík
sími: 533 1600
aseta@aseta.is

Framkvæmdastjóri hjá Skeljungi svarar gagnrýni framkvæmdastjóra FÍB:

Olúfélög lík öðrum félögum

VERSLUN „Það er erfitt að nefna mörg stór fyrirtæki á íslenskum markaði sem ekki hafa gengið í gegnum eigendaskipti á síðustu árum,“ segir Stefán Karl Segatta, framkvæmdastjóri neytendasviðs hjá Skeljungi.

Því skekki það umræðuna að taka olúfélögin ein út og segja eigendur þeirra hafa fjármagnað kaupin á þeim með því að hækka álagninguna.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags Íslenskra bifreiðaeigenda, lýsti því yfir í gær að olúfyrirtækin hefðu aukid álagningu sína um allt að fimm krónur á hvern lítra. Þetta sé



STEFÁN KARL SEGATTA
Framkvæmdastjóri hjá Skeljungi segir hækku á eldsneytisverði ekki óeðlilega.

meðal annars vegna þess að nýir eigendur hafi komið að olúfélögum. Þeir hafi síðan hækkað

álagninguna til að fjármagna fjárfestingar sínar.

Stefán vill ekki dæma um útreikninga Runólfs en segir að betra væri að horfa á verðþróun til lengri tíma. Hann neitar því ekki að fjárfestingar kunni að spila þar inn í.

„Og það má alveg taka þessa umræðu,“ segir hann. Aðalatriðið sé þó að álagning olúfélaganna hafi ekki hækkað meira en sem nemur hækku kostnaðar til dæmis launa, flutnings og fjárfestingar.

Ekki náðist í forstjóra Olís og stjórnarformaður N1 svaraði ekki skilaboðum.

- kóp

Vita ekki hvað verður um leikskólann í maí

Óvissa ríkir um framtíð einkarekna leikskólans Hvarfs í Álfahverfi í Kópavogi. Þjónustusamningi við rekstraraðila hefur verið rift, en enginn veit hvað tekur við þegar hann rennur út 1. maí. Málið er í vinnslu, segir formaður leikskólanevndar.

MENNTUN Starfsemi á einkarekna leikskólanum Hvarfi í Kópavogi er í uppnámi. Þjónustusamningur ÓB Ráðgjafar, sem rekur skólann, var sagt upp um áramótin og rennur út 1. maí. Hvorki starfsfólk né foreldrar vita hvað verður um leikskólann þá.

„Við vitum ekki hvort leikskólinn fer undir aðra rekstraraðila, hvort hann verður boðinn út aftur eða hvort Kópavogsbær ætlar að taka yfir reksturinn,“ segir Edda Guðrún Guðnadóttir, trúnaðarformaður starfsmanna á Hvarfi. „Við vitum ekki hjá hverjum við vinnum þá, eða hvort við þurfum yfirhöfuð að mæta í vinnu eftir 1. maí.“

ÓB Ráðgjöf hefur rekið leikskólann frá 1. nóvember 2005 samkvæmt þjónustusamningi við Kópavogsbæ. Þeim samningi var sagt upp um áramótin vegna erfiðleika í samstarfi milli Kópavogsbæjar, sem á skólann, og ÓB Ráðgjafar. Engin ákvörðun hefur verið tekin um áframhaldandi rekstur skólans.



HVARF Þjónustusamningur Kópavogsbæjar við ÓB Ráðgjöf rennur út 1. maí, en honum var sagt upp vegna erfiðleika í samstarfi við rekstraraðila. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það hefur verið mikil óánægja meðal margra foreldra með þessa rekstraraðila, og fólk vill fá á hreint hvert framhaldið verður,“ segir Hlynur Þór Sveinbjörnsson, faðir fjögurra ára drengs á Hvarfi. „Okkur hefur ekkert verið tilkynnt hvað gerist 1. maí, við vitum bara að samningnum var sagt upp.“

Aðspurður hvers vegna svo mikil óánægja hafi verið meðal

foreldra segist Hlynur ekki vilja tiltaka neina sérstaka ástæðu, það hafi einfaldlega verið óánægja með ýmsa þætti rekstrarins hjá ÓB Ráðgjöf.

Samúel Örn Erlingsson, formaður leikskólanevndar Kópavogsbæjar, segir að það sé í höndum bæjaryfirvalda hvert rekstrarfyrirkomulag skólans verði, og það sé verið að ákveða núna.

salvar@frettabladid.is

RV Unique

RV Unique örtrefjaræstikerfið

- hagkvæmt, vistvænt og mannvænt



Bodil Fur,
sölumaður hjá
RV Unique í Danmörku

Nánari upplýsingar
veita sölumenn og
ráðgjafar RV

UniFlex II H Fiber ræstivagn

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RVUNIQUE 020802

VETRAR FJÖR

Frábært verð á vetrarvönum bílum í febrúar.
Verið velkomin á Vetrarfjör í B&L!



Tekið er á móti gestum og gangandi með heitu kakói og kleinum í sýningarsal okkar að Grjóthálsi. Óvæntir glaðningar fyrir gesti Vetrarfjors – frábær verð hjá B&L og umboðsmönnum um allt land.



SantaFe
Sjálfskiptur, 2.7L.

Vetrartilboð: **3.980.000**
Verð áður: 4.080.000
Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.),
dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.)
og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
320.000 kr.



Land Rover Freelander
Sjálfskiptur, leður, 2.2L., 160 hö.

Vetrarfjörverð: **4.670.000**
Verð áður: 4.770.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 110 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
345.000 kr.



Tuscon
Beinskiptur, 2.0L.

Vetrarfjörverð: **2.850.000**
Verð áður: 2.930.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 70 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
285.000 kr.



Síðustu **Arctic-Cat**
sleðarnir á sérstöku
Vetrarfjörstilboði
- fyrstir koma, fyrstir fá



BMW X5
Sjálfskiptur, 3,0L., 272 hö.

Vetrarfjörverð: **7.780.000**
Verð áður: 8.020.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 160 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 140 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
590.000 kr.



Renault Megane Sport Tourer
Beinskiptur, 1,6L., 115 hö.

Vetrarfjörverð: **2.290.000**
Verð áður: 2.400.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 40 þ.)
og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
200.000 kr.



Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1200 - www.bl.is

Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.

Umboðsaðilar: Bílas, Þjóðbraut 1, Sími: 431 2622 - Bílasala Akureyrar, Freyjunesi 2. Sími: 461 2533

B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460 - Bílasala Keflavíkur., Bolafæti 1, Sími: 421 4444



Merki um öruggari bílakaup

Bíll sem ber merki um Bílaábyrgð Varðar er betri bíll vegna þess að hann er tryggður fyrir óvæntum bilunum og göllum þó hann sé ekki lengur í verksmiðjuábyrgð.

Kynntu þér kosti Bílaábyrgðar í síma 514 1000 eða á vordur.is

vörður
tryggingar hf.

5125050 Auglýsingasími



HERJÓLFUR Gangi áætlanir eftir hefur nýtt skip siglingar milli lands og Eyja árið 2010.

Nýr Herjólfur og 5,6 milljarða framkvæmdir:

Fjórir eru að íhuga rekstur nýs Herjólfss

FRAMKVÆMDIR Fjórir aðilar vegna nú og meta útbodsskilmála vegna nýrrar ferju sem sigla á milli Vestmannaeyja og Bakkafjörú í Landeyjum.

Að undangengnu forvali var Eimskipi, Nýsi, Samskipum og fyrirtæki Vinnslustöðvarinnar og Vestmannaeyjabæjar gefinn kostur á að bjóða í verkið.

Útbodsgögn voru send út í janúar og rennur frestur til að skila inn tilboðum í byrjun apríl.

Í skýrslu stýrihóps um Bakkafjörúhöfn er gert ráð fyrir að ferjan – sem líkt og forverinn kallast Herjólfur – kosti rúmlega 1,7 milljarða króna. Verktakinn skal útvega, eiga og reka ferjuna samkvæmt ítarlegum skilmálum um ferðafjölda, stærð og sjóhæfni.

Samhliða þessu er verið að ljúka nauðsynlegri skipulagsvinnu vegna hafnarmannvirkja í Bakkafjörú. Er vonast til að ljúka megi vegagerð í sumar svo að hægt verði að hefja sjálfa hafnargerðina.

Miðað er við að siglingar nýs Herjólfss milli Bakkafjörú og Eyja geti hafist árið 2010. - bps

5,6 MILLJARÐAR KRÓNA

Kostnaðaráætlun stýrihóps

Verkliður	Kostnaður
Undirbúningur og hönnun	300
Aðst.sköpun og bráðab.vegur	360
Fyrirstöðugarðar	190
Skjólgarðar hafnar og dýpkun	1.770
Ferjubryggja og aðstaða	800
Ferja	1.730
Vegagerð	450

FJÁRHÆÐIR ERU Í MILLJÓNUM KRÓNA

ÓUMDEILANLEGUR SIGURVEGARI

SUBARU LEGACY ER SÉRLEGA VEL BÚINN OG FLOTTUR BÍLL Á HREINT ÓTRÚLEGU VERÐI. LEGACY ER FJÓRHJÓLADRIFINN OG HLAÐINN BÚNAÐI SEM GERIR HANN AÐ LANGBESTU KAUPUNUM Í SÍNUM FLOKKI. GERÐU SAMANBURÐ – ÞÚ SÉRÐ EKKI EFTIR ÞVÍ.

Subaru Legacy



Verð frá: **2.650.000 kr.**

Ríkulegur búnaður:

Fjórhljadrif, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geisla-spilari, 17" álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölv, hraðastillir o.m.fl.



Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförunum árum unnið stöðugt í því að bæta þjónustu við viðskiptavinum sínum. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomna og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrímsýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjaneshöfn



HELLISHEIÐARVIRKJUN Í orkumálafrumvarpi iðnaðarráðherra er kveðið á um að orkuauðlindir sem eru í samfélagslegri forsjá verði það áfram.

Orkumálafrumvarp enn í þingflokki sjálfstæðismanna:

Vonast til að klára málið á næsta fundi

STJÓRNMÁL Frumvarp Össurar Skarphéðinsonar iðnaðarráðherra um orkumál er enn til meðferðar í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt frumvarpið fyrir sitt leyti sem og þingflokkur Samfylkingarinnar.



ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, telur að umfjöllun flokksins sé langt komin og vonast til að verkinu ljúki á næsta fundi þingflokksins. Fulltrúar flokksins í iðnaðarnefnd hafa haft frumvarpið til sérstakrar meðferðar en þeir eru Kristján Þór Júlíusson, Björk Guðjónsdóttir, Herdís Þórardóttir og Ragnheiður Elín Árnadóttir.



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

Kristján Þór segir þau hafa

gefið sér góðan tíma til að fara yfir málið sem sé stórt og umfangsmikið og taki á mörgum prinsippmálum. Hann vill ekkert segja til um hvort lagðar verði til umfangsmiklar breytingar á efni þess.

Spurður hvort líklegt sé að málið verði klárað á næsta þingflokksfundum segist Kristján vona það. Hann segir þó að vika eða mánuður til eða frá skipti ekki máli í hans huga enda lögunum ætlað að gilda um ár og áratugi. „Við vöndum okkur við hlutina,“ segir Kristján.

Í frumvarpinu er skilið á milli samkeppnisstarfsemi og almannaþjónustu í rekstri orkufyrirtækja og kveðið á um að orkuauðlindir sem eru í samfélagslegri forsjá verði það áfram.

- bps

ADRO™

opnar þér nýjar víddir

Í fyrsta skipti er þægilegur hljómur og afburða talgreining sameinuð í einu tæki með hinn einstöku **ADRO** tækni. Hljóðið sem berst þér er ekki lengur þjappað og líflaust heldur vítt og breytilegt. Komdu og kynntu þér málið!

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Ókeypis heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ!
Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin, Kringlunni • Tímabantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is



Um leið og við bjóðum væntanlega viðskiptavinum velkomna í skemmtilegt samstarf, viljum við bjóða núverandi viðskiptavinum að koma og kynna sér nýjungarnar og hver veit nema verkstjórnir okkar, þeir Kári eða Kristján, skreppi með þér út að skipta um peru eða þurrkublað.

Kveðja frá þjónustudeild.



INGVAR HELGASON



SÓMABAKKAR

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*



*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.

SÓMI

Nánari upplýsingar á somi.is

Obama kominn með ótvíræða forystu:

Clinton farin að örvænta

BANDARÍKIN, AP Barack Obama er kominn með ótvíræða forystu í kapphlaupinu við Hillary Clinton um að verða forsetaefni Demókrataflokkksins.

Eftir forkosningar í þremur ríkjum Bandaríkjanna á þriðjudag hefur hann tryggt sér meira en 1.220 kjörmenn af þeim 2.025 sem þarf til að hljóta útnefninguna.

Clinton er þó ekki langt á eftir honum, með rétt tæplega 1.200 kjörmenn, og vonast til að ná forystunni á ný þegar forkosningar verða í Texas og Ohio í næsta mánuði. Þær vonir fara þó dvínandi, því samkvæmt skoðanakönnunum

hefur Obama einnig verið að saxa á forskot hennar þar.

Óslitin sigurganga Obama að undanförunu laðar enn fleiri kjósendur til hans, þannig að Clinton er farin að örvænta um framhaldið.

Munurinn á milli þeirra er þó svo lítill að líklega verður kapphlaup þeirra ekki útkljáð fyrr en á flokksþingi Demókrataflokkksins í lok ágúst. Þá kemur til kasta „ofurkjörmannanna“, það er að segja nærri 800 forystumanna flokkssins sem mega verja atkvæði sínu að vild.

Clinton hefur notið mun meiri stuðnings meðal þeirra en Obama, en á hinn bóginn er mikill þrýst-



CLINTON Í TEXAS Hillary Clinton treystir á að snúa við taflinu þegar forkosningar verða í Ohio og Texas í næsta mánuði.

NORDICPHOTOS/AP

ingur á forystumenn flokkssins að greiða atkvæði í samræmi við niðurstöður úr forkosningum. - gb

BANDARÍKIN

Bush vill fríðhelgi

George W. Bush Bandaríkjaforseti þrýstir nú á þingið um að samþykkja reglur um að símafyrirtæki, sem gert hafa leynipjónustumönnum kleift að hlera símtöl, njóti fríðhelgi þannig að ekki verði hægt að sækja þau til saka fyrir athæfið. Til rökstuðnings máli sínu sagði hann hryðjuverkamenn vera að skipuleggja miklu verri voðaverk en árástirnar 11. september.



LÍFKENNI Í tillögnum er gert ráð fyrir að fingraför allra sem ferðast inn á Schengen-svæðið verði skráð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SIMPLY CLEVER



MY

Skoda Fabia

ER MEÐ TENGI FYRIR IPOD

Verð:
1.790.000 kr.

Mánaðarleg útborgun: 17.900 kr.*

Komdu og eigðu stefnumót við Skoda Fabia.
Þú finnur strax að leitinni er lokið.

*M.v. 30% útborgun og bílasamning til 84 mánaða.
Árleg hlutfallstala kostnaðar: 6,6%.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is

Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



Eftirlit með ytri landamærum Schengen-svæðisins:

Lífkennaskráning verði skylda

BRUSSEL, AP Franco Frattini, sem fer með dómsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, kynnti í gær tillögur að víðtækri uppstokkun landamæragæslu á ytri landamærum Schengen-svæðisins svonefnda, sem Ísland er líka aðili að. Í tillögnum er meðal annars kveðið á um skyldu allra sem um ytri landamærin fara til að láta skrá fingraför sín og jafnvel fleiri lífkenni, og að gervihnöttum og fjarstýrdum eftirlitsflugvélum verði beitt til að fylgjast með mannaferðum á landamærasvæðum fjarri byggð, svo sem á sjó og til fjalla.

Frattini sagði nýja kerfið myndu bæta öryggi á ytri landamærum Schengen-svæðisins, sem 24 Evrópulönd eru nú aðilar að. Það myndi hindra fólk bæði í að komast inn á svæðið ólöglega og að dvelja lengur en vegabréfsáritanir heimila. Í þessu skyni eigi að beita „fullkonnustu tækni til að ná sem mestu öryggi“, tjáði Frattini fréttamönnum í Brussel. Sagðist hann vonast til að nýju reglurnar geti gengið í gildi fyrir árið 2013.

„Við viljum vera örlát við heiðarlegt fólk sem sækir okkur heim frá löndum utan Evrópu, en við viljum sýna mafíuhópum, aðilum sem stunda smygl á fólki, glæpa-



LÍFKENNI Í tillögnum er gert ráð fyrir að fingraför allra sem ferðast inn á Schengen-svæðið verði skráð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

mönnum og hryðjuverkamönnum fulla hörku,“ sagði hann.

Talsmenn mannréttindasamtaka gagnrýna áformin og segja þau hugsuð til að bægja fátæktarflóttamönnum frá Afríku og öðrum heimshornum frá Evrópu undir yfirskini baráttu gegn glæpum og hryðjuverkum. - aa

Tölum saman

Hótel KEA á Akureyri
í kvöld kl. 20.00

Staðan í heilbrigðismálum

Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra, fer yfir stöðuna í heilbrigðismálum á opnum fundi á Hótel KEA á Akureyri í kvöld kl. 20.00.

Allir velkomnir!



XD
SJÁLFBÆDISFLOKKURINN

Aðflutningur útlendinga: Færri flytja til landsins

BÚFERLAFLUTNINGAR Verulega dró úr aðflutningi erlendra ríkisborgara til landsins á síðasta ári samkvæmt Hagstofnunni. Árið 2006 voru aðfluttir 5.535 fleiri en brottfluttir en á síðasta ári voru 3.352 aðfluttir umfram brottflutta. 255 fleiri Íslendingar fluttu frá landinu á síðasta ári en til þess, en árið 2006 var þessi mismunur 280 manns.

Árið 2005 og 2006 fluttu tvöfalt fleiri erlendir karlmenn en konur landsins og er skýringin rakin til þenslu. Á síðasta ári varð breytingu á þessu því hlutfall kynjanna var nær jafnt eða 1.558 karlar og 1.539 konur. - jse

Hagfræðingar um veikingu krónunnar:

Dollarinn er kominn í 68 krónur

GJALDEYRISMÁL Gengi Bandaríkjadals hefur verið að hækka síðustu daga og krónan þar með að veikjast. Í gær var miðgengi Bandaríkjadollars skráð á tæpar 68 krónur og er þar með farið að nálgast þær 69,5 krónur sem það var um miðjan ágúst í fyrra. Dollarinn var 58,5 krónur í byrjun nóvember. Evran hefur einnig verið að styrkjast og var komin upp í tæpar 100 krónur síðdegis í fyrradag.

Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir að það séu góðar fréttir að krónan sé að veikjast hægt og rólega. „Það hefði getað gerst mjög snögglega, hratt og mikið í einu,“ segir hún og bendir á að veiking krónunnar kæli hagkerfið. „Þetta mun koma að hluta til fram í verðbólgu en hefur ekki afgerandi áhrif á



HÆGT OG SÍGANDI Krónan hefur verið að veikjast síðustu vikur.



KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR



GUNNAR HARALDSSON

kjaramálin ef veikingin verður áfram svona hæg.“

Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, bendir á að vextir hafi lækkað í Bandaríkjunum og víðar, en hávaxtastefna Seðlabanka Íslands hafi haldið vaxtamuninum uppi hér á landi og stutt við gengi íslensku krónunnar. Ekki virðist hafa verið flótti úr krónunni.

„Þetta eru ekki bara innlend áhrif heldur hluti af heildarmynd. Það er margt sem hefur áhrif á þetta. Kannski eru einhverjir að velta því fyrir sér hvort stýrivextir fari lækkanði og einhvers konar vaxtalækkunarferli fari af stað,“ segir hann og minnir á að veiking krónunnar komi sér vel fyrir útflutningsatvinnugreinarnar. - ghs



KONUR Í MÆÐRASTYRKSNEFND Margrjet Margjardóttir lögðu hönd á plóg til að allt gengi sem best fyrir sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Mataraðstoð hjálparstafa:

Færri sóttu um jólaaðstoð

FÉLAGSMÁL Nokkur fækkun var milli ára á umsóknum í jólaaðstoð Mæðrastyrksnefndar, Rauða kross Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar. Fyrir síðustu jól voru afgreiddar rúmlega 1.500 umsóknir en tæplega 1.650 umsóknir fyrir jólin 2006.

Segir í tilkynningu frá úthlutunaraðilum að öryrkjar hafi verið fjölmennir eins og undanfarin ár auk þess sem einstæðar mæður og barnmargar fjölskyldur voru meðal umsækjenda.

Um 100 sjálfbóðaliðar unnu í alls 800 klukkustundir og mörg fyrirtæki studdu úthlutunina rausnarlega með vörum og gjafakortum. Er þeim öllum þakkaður stuðningurinn. - ovd



FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSSINS Gestur G. Gestsson og Hrónn Ingólfsdóttir.

Farþegar fá betri þjónustu:

Vodafone í Leifsstöð

FJARSKIPTI Vodafone leigir aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað í Flugstöð Leifs Eiríkssonar samkvæmt samningi sem undirritaður var fyrir skömmu.


Er Vodafone með þessu að tryggja viðskiptavinum sínum betri farsímaþjónustu á flugvallarsvæðinu. Segir í tilkynningu frá fyrirtækinu að Vodafone njóti mikilla vinsælda hjá erlendum ferðamönnum á Íslandi.

Þá kemur fram að árið 2007 hafi tæplega 2,2 milljónir farþega farið um flugstöðina og áætlað sé að fjöldi farþega verði kominn í 3,2 milljónir árið 2015. - ovd

BRETLAND

Atvinnuleysi minnkar

Atvinnuleysi í Bretlandi dróst saman á síðasta ársfjórðungi 2007 og mældist það 5,2 prósent, miðað við 5,4 prósent á þriðja ársfjórðungi, að því er stjórnmöld tilkynntu í gær.



FÆR Í FLESTAN SNJÓ

170 hestafla dísilvél, sjálfskiptur með 3.500 kg. dráttargetu



KIA Sorento

Fullbúinn alvöru jeppi með ríkulegum staðalbúnaði

- 5 þrepa sjálfskipting
- ESP-stöðugleikastýring
- 16" álfelgur
- Öflug 170 hestafla dísilvél
- Pakbogur
- Hátt og lágt drif
- Ný og glæsileg innrétting
- Vindskeið og þokuljós
- Hraðastíllir (Cruise Control)
- 3.500 kg. dráttargeta

Verð frá 3.850.000 kr.

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

DRÁTTARBEISLI OG VETRARDEKK FYLGJA



VERKFAERA DAGAR

Vinnubolur
Mascot
5002646-55

1.999
~~2.799~~

Rafhlöðuborvél
Worx, 18V, 2 rafhlöður,
13mm patróna,
hleðslutími 1 klst, 55Nm
5244833

17.499
~~23.499~~

**VERÐHRUN
Á VERKFAERUM**

Gildir til 26. febrúar 2008



1.995

Stingsög
DWT, 550W, framkast, stillanlegur hraði
5245277



1.499

Tangarsett
Cosmos, 8 stk
5052764



6.999

Slípirokkur
Worx, 850W,
125 mm, taska
5244870



2.999

Verkfærataaska
Keter, 26",
málmælasing,
660x280x270 mm
5024776



2.699

Höggborvél
DWT, 500W, borar fylgja
5245280



999

Lyklasett
Toolux,
6,8,10,12,
13,14,
17,19 mm
5099146



1.999

**Verkfæra-
taska**
Keter, 22"
5024624



299

Hallamál
Komelon,
230 mm, segull
5014039



3.499

Hleðsluborvél
Verto, 14,4V, 2 rafhlöður,
5245006



5.999

Vinnugalli
Beaver, sterkur
m/hnépúðavösuum
5859580-9



7.999

Háprýstidæla
Nílfisk/Alto, 110
bör, 440 ltr á klst,
turbo stútur og
sápuhölf, 5 m slanga
5254255

Kraftpakkin

3 rafhlöður

19.499

Hleðsluborvél
Hitachi, 12V,
3 rafhlöður, ljós,
67 stk bitar og
borar fylgja,
hleðslutími
40 mín
5247028



HÚSASMÍDJAN
...ekkert mál

Segir ákvarðanir ráðherra ekki byggja á byggðastefnu heldur hentistefnu:

Vill landið sem eitt kjördæmi

STJÓRN MÁL „Landsbyggðin er ekki öll hrædd við að landið verði eitt 300 þúsund manna kjördæmi. Ég hef trú á því að það yrði það besta sem gæti komið fyrir byggð í landinu,“ segir Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík. Athygli vekur að bæjarstjóri í litlu bæjarfélagi á Vestfjörðum tali um Ísland sem eitt kjördæmi.

Grímur segir frændhygli og kjördæmapot ráða öllu. Sem dæmi nefnir hann skipan í stjórnir og ráð. „Það sem gerist er alltaf sama ruglið. Það fer eftir því hvaða ráðherra er við völd og hvar hann á heima hver tekur við starfinu. Þannig er hending hvort hæfasti

umsækjandinn er ráðinn eða hvort besti kosturinn er valinn í ráð eða nefndir á vegum hins opinbera þegar ráðherra á í hlut,“ segir Grímur sem telur einnig allar útdeilingar fjármuna byggja á þeim tengslum sem menn hafa.

„Ef þú lítur á landið sem heild ferðu að sjá hvað skiptir máli, til dæmis í mótvægisáðgerðum,“ segir Grímur aðspurður um hvort það að gera landið að einu kjördæmi breyti stöðunni. Telur hann mótvægisáðgerðir eigi að miðast að þeim svæðum sem þær þurfa. „Þú ert með þingmenn og ráðherra sem geta ekki sagt nei við sín héröð því þá falla þeir af stallin-



GRÍMUR ATLASON Bæjarstjóri Bolungarvíkur telur að frændhygli og kjördæmapot ráði öllu. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON um. Það byggir ekki á langtímasýn eða byggðastefnu heldur hentistefnu. - ovd

★ Tenerife
frá 42.024 kr.



EKKI Í DAGSLJÓSINU Mansal er ekki í dagsljósinu og enginn hefur yfirsýn yfir það, hvorki hér né annars staðar í Evrópu. Nágrannabjórðirnar hafa sett háar fjárhæðir í málaflökkinn en Íslendingar eru rétt að byrja að móta áætlanir og vinnureglur.

Ein kona fengið hæli vegna mansals

Enginn dómur hefur fallið í mansalsmáli hér á landi og engin virk leit að fórnarlömbum er í gangi. Aðeins ein kona hefur fengið hæli. Nágrannabjórðirnar hafa eytt miklu í mansal en Íslendingar hafa ekki sett krónu í þessi mál.

OFBELDI Enginn dómur hefur fallið í mansalsmáli í kynlífsiðnaði hér á landi, engar skaðabætur hafa verið greiddar og ekki er nein virk leit að fórnarlömbum í gangi. Aðeins ein kona hefur fengið hæli hér á landi vegna þess að hún var talin vera fórnarlamb mansals.

„Mansal er ekki í dagsljósinu og enginn hefur yfirsýn yfir það, hvorki hér né annars staðar í Evrópu,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.

Fulltrúar fjórtán stofnana, ráðuneyta og félagsamtaka mynda starfshóp, sem er hluti af samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, og hafa hist í tvö ár undir forystu Guðrúnar. Innan hópsins hefur myndast þverfaglegt teymi sem hefur mótað með sér óformlegar vinnureglur um hvernig bregðast skuli við ef mansal kemur upp.

„Við höfum gert vísi að vinnureglum fyrir okkur sjálf,“ segir Guðrún. „Við getum kallað hvert í annað ef við hittum fórnarlamb mansals og þurfum einhvers konar hjálp. Þetta er ein leið til að tryggja samræmd vinnubrögð.“

Norðmenn hafa eytt 1.120 milljónum íslenskra króna í mansalsverkefni og Danir hafa ákveðið að



VÍSIR AÐ VINNUREGLUM „Við höfum gert vísi að vinnureglum fyrir okkur sjálf,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.



AÐGERÐAÁÆTLUN GEGN MANSALI Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hefur sett á fót starfshóp til að vinna aðgerðaáætlun gegn mansali.

eyða 800 milljónum íslenskra króna í mansalsverkefni næstu árin en Íslendingar hafa ekki sett krónu í slík verkefni enn sem komið er. Guðrún segir að félagsmálaráðherra hafi þó sett á fót starfshóp til að vinna aðgerðaáætlun gegn mansali. Það er til viðbótar mansalsrannsókn sem Rauði krossinn hyggur á.

„Við gerum ráð fyrir að þessari áætlun fylgi peningar. Ég er full bjartsýni vegna þess að Jóhanna Sigurðardóttir hefur tekið að sér þennan málaflökk og lýst yfir að hún vilji takast á við þau verkefni sem taka þarf á,“ segir Guðrún.

Mismunandi er hvernig mansal

er skilgreint en almennt má segja að mansal tengist vændi eða kynferðislegri misnotkun. Guðrún segir að súlustaðirnir beri merki mansals og nefnir sem dæmi ummæli eins eigendanna að hann hefti frelsi kvennanna á staðnum í átta tíma eftir að vakt lýkur.

„Það er ekki nægilegt að segja að kona hafi komið af fúsum og frjálsum vilja til landsins. Það er líka mansal ef milligöngumaðurinn nýtir sér bágar aðstæður hennar. Einnig þótt konurnar séu ekki fluttar á milli landa. Þess vegna getum við skilgreint íslenskar konur í vændi sem fórnarlömb mansals.“

ghs@frettabladid.is

SUMAR FERÐIR

sumarferdir.is

Forsætisráðherra Ástralíu stendur við kosningaloforð:

Frumbyggjar beðnir afsökunar

ÁSTRALÍA, AP Kevin Rudd, forsætisráðherra Ástralíu, bað í gær frumbyggja landsins formlega afsökunar á þeirri illu meðferð sem þeir máttu sæta af hálfu hvítu innflytjendanna, sem tóku sér öll völd í landinu í byrjun síðustu aldar.

Árum saman hafa frumbyggjar krafist afsökunarbeiðni frá stjórnvöldum, en án árangurs, einkum fyrir að hafa á árunum 1910 til 1970 tekið allt að 100 þúsund börn nauðug frá foreldrum sínum. Þessi börn eru jafnan nefnd „stolnu kynslóðirnar“ í Ástralíu.

Rudd hafði lofað því í kosningabaráttu sinni á síðasta ári að hann myndi láta það verða eitt sitt fyrsta verk að biðjast afsökunar fyrir hönd stjórnvalda.

Í gær mættu um hundrað frumbyggjar, allt saman fólk af „stolnu kynslóðunum“, til að fylgjast með þegar Rudd bar fram afsökunarbeiðnina á þjóðþingi landsins í höfuðborginni Canberra.



TILFINNINGA-ÞRUNGIN STUND
Frumbyggjar fylgdust með þegar Kevin Rudd bar fram afsökunarbeiðni á þjóðþingi Ástralíu í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

„Verkinu er ekki lokið, þetta er bara byrjunin,“ sagði Lowitja O’Donoghue, 75 ára kona sem á yngri árum var tekin frá foreldrum sínum. Hún sagði verst að móðir sín hefði ekki lifað nógu lengi til að upplifa þessa stund.

Þótt Rudd hafi beðist afsökunar hefur hann ekki fallist á að stjórnin greiði frumbyggjum skaðabætur. - gb

Múhameðsteikning endurbirt í blöðum

Danir óttast nú nýja holskeflu mótmæla eftir að helstu dagblöð landsins endurbirtu skopmynd af Múhameð. Leiðtogi danskra múslima vill hefja samræður.

DANMÖRK Öll helstu dagblöð Danmerkur birtu í gær skopmynd af Múhameð spámanni með sprengju í vefjarhetti sínum. Með myndbirtingunni vilja þau lýsa yfir stuðningi við teiknara myndarinnar, Kurt Westergaard.

Daginn áður hafði danska lögreglan handtekið þrjá menn sem áformuðu morðtilræði gegn Westergaard. Danir óttast nú nýja öldu mótmæla í Danmörku og víðar um heim gegn endurbirtingu myndarinnar, sem upphaflega birtist ásamt ellefu öðrum skopmyndum af Múhameð í Jótlandspóstinum haustið 2005.

Leiðtogar danskra múslima fordæmdu áformin um að myrða Westergaard, en sögðu jafnframt rangt að endurbirta umdeilda teikningu hans af spámanninum.

„Við erum svo ósátt við að teikningin sé endurprentuð,“ segir Mostafa Chendid, leiðtogi trúfélags múslima í Danmörku, í viðtali við bandarísku fréttastofuna AP. Hann sagði að samtökin, sem voru í forystu fyrir mótmælunum gegn teikningunum árið 2006, ætli að efna til mótmæla fyrir utan þinghúsið í Kaupmannahöfn.

„Engu blóði hefur verið úthellt í Danmörku út af þessu máli, og engu blóði verður úthellt. Við erum að reyna að róa fólk, en við skulum sjá til hvað gerist. Við skulum byrja að tala saman,“ sagði hann.

Múslimar í Indónesíu brugðust illa við þegar blaðamaður frá norska dagblaðinu Aftenposten skýrði þeim frá að skopmyndin hafi verið endurbirt.

„Við skiljum ekki hvernig hægt er að birta þessar teikningar aftur,“ sagði Sayaful Bahri Anshori, talsmaður múslima á Indónesíu. „Bera þessir menn enga virðingu fyrir íslam?“ Hann var ekki í vafa um að enn á ný yrði efnt til mótmæla víða um heim.



DÖNSKU BLÖÐIN Í GÆR Eftir að danska lögreglan kom upp um áform um að myrða skopteiknarann Kurt Westergaard birtu öll helstu dagblöð Danmerkur í gær hina umdeilda Múhameðsteikningu hans.
NORDICPHOTOS/AFP

Samkvæmt íslamstrú eru allar myndbirtingar af spámanninum bannaðar, hvort heldur þær eru jákvæðar eða neikvæðar, og er tilgangur bannsins að koma í veg fyrir skurðgoðadýrkun.

Árið 2006 efndu múslimar víða um heim til harðra mótmæla gegn

birtingu skopmyndanna í Jótlandspóstinum haustið áður. Almenn fóru mótmælin friðsamlega fram, en víða var mikil heift í fólki. Víða var kveikt í dönskum fánum og í Nígeríu var kveikt í mörgum kirkjum og fórust þar tugir manna. gudsteinn@frettabladid.is

Hópbílar útbúa öryggismyndefni fyrir langferðabíla sína:

Aukið öryggi í hópferðabílum

ÖRYGGI Hópbílar hafa nýlengi tekið við að útbúa DVD-öryggisdiska sem nota á í rútum fyrirtækisins. Eru þeir hugsaðir til að kynna þá öryggisþætti sem hafa þarf í huga þegar ferðast er með langferðabílum. Farþegar eru hvattir til þess að nota öryggisbelti og farið er vel yfir hvernig bregðast eigi við ef óhapp eða slys ber að höndum. Í dag þekkist öryggismyndefni af þessu tagi aðallega í flugvélum en með aukinni tækni í langferðabílum verður breyting þar á.

Efni þessara nýju diska er mun ítarlegra en efnið sem sýnt var á gömlu myndböndunum og munu þeir leysa spólurnar alfarið af hólmi. Myndefnið er um tveggja mínútna langt og uppbyggt þannig að texti er lesinn upp samhliða myndrænu efni. Hægt er að velja á milli fjölda tungumála.

Pálmar Sigurðsson, skrifstofu- og starfsmannastjóri Hópbíla, segir þá lengi hafa haft hugmynd um að gera svona disk. Eftir að fyrirtækið fór í áhættu-



HÓPBÍLAR Starfsmannastjóri Hópbíla segir að ákveðið hafi verið að gefa út DVD-diskinn eftir að fyrirtækið fór í áhættugreiningu í nóvember.

greiningu í nóvember í fyrra, og farið var yfir hvaða hættur geta stöðjað á á rútuferðalögum, varð diskurinn til.

Pálmar segir að byrjað hafi verið að nota diskinn strax í fyrra og að almenn ánægja sé með útkomuna. - kka



☆ ... eru betri en aðrar

Við erum vonarstjörnur

Líklega eru hvergi á Íslandi jafn margir fíklar saman komnir og á Litla-Hrauni. Fangavörður með tæplega þrjátíu ára reynslu segir starf sitt hafa breyst mikið. Sífelld fleiri ungir strákar sem hafa farið illa út úr neyslu komi í fangelsið. Eins og staðan er nú er ekki gert ráð fyrir neinum sértekum meðferðarúræðum eða afeitrun á Litla-Hrauni. *Karen D. Kjartansdóttir og Magnús Halldórsson* litu við á ganginum og spurðu fanga, starfsfólk og stjórndur um framtíðarvonir á bak við rimlana.

Í 27 ár hefur Rúnar Eiríksson, varðstjóri á Litla-Hrauni, staðið vaktina yfir fögnum. Í febrúar-slabbinu á Suðurlandi leiðir hann blaðamann um svæðið með lykla í hönd. Hann heilsar vinallega mönnum sem standa úti í kuldanum við Rimlakjör, verslun fangelsisins, og segir blaðamönnum að margir þeirra séu góðir strákar.

Rúnar hefur séð marga menn koma og fara. „Ég hef séð miklar breytingar verða á vistmönnum hér. Nú orðið eru hér margir ungir strákar sem hafa farið illa út úr dörpinu. Þeir þurfa því á meiri aðhlyningu og leiðbeiningum að halda en þeir sem áður voru hér,“ segir Rúnar.


Við erum stödd inni í skrifstofu-byggingu við hlið fangelsisins. Rúnar lítur út um gluggann og út á lóðina þar sem fangarnir standa og segir hugsi: „Ég held að uppbygging alvöru meðferðardeildar sé mjög nauðsynleg í þessu fangelsi.“ Hann bætir við að hann bindi miklar vonir við nýjan forstöðumann Litla-Hrauns, Margréti Frímansdóttur, sem og nýjan forstjóra Fangelsismálastofnunar, Pál Winkel. „Þau tvö eru mjög ný í þessu starfi en það er kraftur í þeim og bullandi áhugi sem gæti orðið til þess að tekið yrði á meðferðarmálum eins og þörf er á vegna þeirra breytinga sem hafa átt sér stað meðal vistmanna,“ segir hann.

Meirihlutinn undir áhrifum

Síðastliðinn september var gerð allsherjar úttekt á fíkniefna- og lyfjaneyslu fanga hér á landi. Niðurstöðurnar sýndu að á Litla-Hrauni hafði 71 prósent fanga nýtt fíkniefna eða bannaðra lyfja. Ástandið í öðrum fangelsisum var mun betra. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að opna svokallaðan meðferðargang á Litla-Hrauni. Fangelsismálastofnun var ekki úthlutað umfram fjármagni til að standa að þessu úrræði og hefur það því helst byggst upp á aukinni vinnu starfsmanna fangelsisins og auðvitað löngun fanganna sjálfra

MENNTUNARSTAÐA FANGA ÁÐUR EN AFPLÁNNUN HÓFST

■ Grunnmenntun eða minna hluti af framhaldsskóla
■ lönmenntun
■ Stúdent
■ Háskólagráða



HEIMILD: FANGELISMÁLASTOFNUN

til að halda sig frá eiturfjögum. Í viðtali við Fréttablaðið 9. febrúar eftir að krufningarskýrsla sýndi að í fangelsinu hefði fangi látist eftir að hafa verið gefið meðadon við fráhvörfum sagði Matthías Halldórsson aðstoðarlæknir: „Þessi atburður sýnir ef til vill þörfina á því að koma upp meðferðar- og afeitrunardeild í fangelsinu, og ég ætla að vona að hægt verði að koma slíkri aðstöðu í gagnið sem fyrst.“

„Við erum vonarstjörnur Fangelsismálastofnunar“

Það er ekki algengt að blaðamenn fái að ganga um fangelsið og ræða við fanga eins og þá lystir. Á meðferðarganginum skilur Margrét Frímansdóttir, forstöðumaður Litla-Hrauns, okkur þó eftir til að fangarnir geti haft meira næði til að spjalla við okkur. Það er mikil reykingarlykt inni á ganginum. Við borðið sitja nokkrir menn sem við könnumst við úr dómsölum, fréttum sem við höfum sjálf skrifað og suma frá unglingsárum okkar sjálfrá. Fljótt takast með okkur skemmtilegar samræður enda andrúmsloftið á ganginum létt og viðmælendurnir með eindæmum skemmtilegir. „Við erum vonarstjörnur Fangelsismálastofnunar,“ segir einn fanganna þegar blaðamenn eru búnir að kynna sig og allir skella upp úr.

„Finnst þér hún ekki falleg?“

„Viltu fá að sjá litlu stelpuna mína?“ segir einn fanginn eftir stuttar samræður og býður til klefa. Á veggnum er fjöldi myndar af litilli stúlku sem brosir framman í ljósmyndarann. „Finnst þér hún ekki falleg?“ segir fanginn, Jens Hjartarson, stoltur, lítur á myndirnar og veit augljóslega að við spurningunni er aðeins eitt svar. Nokkurra mánaða gömul börn fá nánast alla til að hugsa að framtíðin verði mikið betri en fortíðin og fyrir þau vilja flestir foreldrar fóna öllu. Það tekst þó ekki alltaf,



SAMTAL PRESTS OG FANGA Hreinn S. Hákonarson prestur sést hér ræða við fangana á meðferðarganginum. Við hlið Hreins er Hans Alfreð Kristjánsson fangi sem hefur verið á ganginum frá því honum var komið á lagginar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

staklega ekki þegar fólk glímur við eiturfjögum og alkóhólisma. Jens horfir áfram hugfanginn á myndina, hann er ungur og virðist líklegur til að geta staðið sig eftir að afplánuð lýkur. Hann vonast til að fá reynslulausn innan skamms. Jens viðurkennir að hafa lengi verið í rugli en allt horfi nú til bóta. „Ég losna fljótlega út. Það bíður mín vinna og svo auðvitað fjölskyldan. Ég held að mér eigi alveg eftir að takast að vera edru núna,“ segir hann og brosir.

Afslappað andrúmsloft

Eins og gefur að skilja hafa allir fanganna á meðferðarganginum komist í kast við lög og glímt við fíkniefni. Margir eru ögn feimnislegir og aðeins einn samþykkir að láta sjást í andlitið á sér og færstir treysta sér til að koma fram undir nafni.

Það að eiga skemmtileg samtöl, flissa að bröndurum og kalla þessa menn, sem margir hverjir eru nokkuð nafntogaðir vegna fortíðar sinnar, fornöfnum eins og um hversdagslegar samræður sé að ræða

slær okkur samt ögn út af laginu. Það er hægt að láta sér líka vel við menn, jafnvel þótt þeir hafi brotið af sér og sitji svo sannarlega ekki inni að ástæðulausu.

Loksins edru í meira en mánuð


Jón Einar Randversson er einn þeirra sem eru tilbúnir til að ræða við okkur undir nafni. Hann er laglegur ungur strákur sem ekki er með á hreinu hve lengi hann á eftir að sitja inni þar sem nokkur af hans málum eru ófrágingin fyrir dómstólum. Hann segist hafa byrjað ungur í óreglu og mikið verið á götunni. „Ég á mjög góða

fjölskyldu sem alltaf hefur staðið á bak við mig,“ segir hann og kveikir sér í sigarettu. „Ég er svartí sauðurinn,“ segir hann og hlær. Hann hefur mjög góða nærveru en segist þó sjálfur ómögulegur í mannlegum samskiptum. Eins og flest allir fangarnir vitna um við okkur segir hann helst kost meðferðargangsins vera léttinn af því að vita ekki af dópi í næsta klefa við sig. „Þetta lítur allt mjög vel út hjá mér. Ég vil vera á normal brautinni, mig er farið að langa í

UPPELDISSTAÐA

■ Tveir foreldrar
■ Einstætt foreldri

HEIMILD: FANGELISMÁLASTOFNUN



Eldri Borgarar Reykjavík Kynningarfundur

Fyrirhuguð ferð eldri borgarar til Vesturheims í maí næstkomandi verður kynnt að Stangarhyl 4, föstudaginn 15. febrúar kl. 10:30

Fararstjórinn Jónas Þór sagnfræðingur annast kynninguna.



OPINSKÁTT SAMTAL Jón Einar Randversson sést hér ræða við blaðamann í klefa sínum. Hann segist aldrei hafa verið edru jafn lengi og nú eftir að hann byrjaði í neyslu. Hann vonar að meðferðarstarf á Litla Hrauni verði styrkt svo hægt sé að grípa fíklana strax þegar þeir koma inn niðurbrotnir.



YVES SAINT LAURENT

VIÐ KYNNUM YVES SAINT LAURENT
Í HAGKAUPUM HOLTAGÖRÐUM
DAGANA 14. - 21. FEBRÚAR.

FRÁBÆRAR NÝJUNGAR
Í VORLÍNUNNI 2008

Ný og spennandi hreinsilína
Sérfræðingur verður á
staðnum og veitir ráðgjöf
með krem og litaval, fimmtudag,
föstudag og laugardag.

Glæsilegir kaupaukar ef verslað er fyrir
6000 kr. eða meira.

NÝTTU ÞÉR TÆKIFÆRIÐ
OG KÍKTU Á OKKUR



VORLÍNAN 2008

Make-up Palette Pop – Pop Stick Blush N°2 – Eye Colour Touch N°2 Eye Colour
Touch N°3 – Mascara Volume Infini Curl N°6 – Rouge Pur N°138 – French Manicure.

www.ysl.com

Fánlegt í snyrtivöruverslunum Hagkaupa.

Nýtt
þortatímabil!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FRÉTTASKÝRING – BAK VIÐ LÁS OG SLÁ

1. HLUTI

fjölskyldu og standa mig í lífinu. Það er mjög gott að geta stefnt á það," segir hann. Ljósmyndari kemur þá inn og spyr hvort hann geti fengið að smella af mynd. Jón segir það vera í lagi en styður hönd við kinn til að andlitið sjáist ekki.

"Ég hef verið að reyna að vera edrú í bráðum fimm ár og verið inn og út af meðferðarstofnunum. Ég hef samt aldrei náð meira en einum mánuði fyrr en núna. Nú hef ég verið edrú í hálf ár," segir Jón. Hann útskýrir að honum hafi tekist að verða edrú á ganginum sem hann hafi verið á áður en vilj-að komast á meðferðarganginn til að geta haldið sér þannig.

"Strákar sem hafa verið í dópi frá því þeir voru tólf eða fjórtán ára eiga mikið erfiðara en aðrir. Ég er rosalega lélegur í mannlegum samskiptum og öllu svona. Það er mikill ótti í mér við að tala við fólk og óryggi sem maður er búinn að byggja upp í kringum neysluna," segir Jón hreinskilnislega. Hann er einlægur og hefur sett sér skýr markmið.

Jón segir lífið í fangelsinu oft ólíklegt til betrunar enda endurkomur vegna ítrekaðra brota algengar. "Ég bara vona að það komi fleiri svona gangar. Þú veist, þannig að menn geti byggt þetta meira og meira upp hjá Fangelsismálastofnun og reynt verði að grípa fíklana strax þegar þeir koma inn niðurbrotnir."

"Hey, þetta var bara harmleikur alkóhólístans"



Þegar við áttum okkur á því að við höfum líklega dvalið mun lengur á ganginum en yfirvöld ætluðust til ákveðum við að drífa okkur út. Við veifum til fanganna, þökkum fyrir skemmtilegt spjall og göngum að næstu útgönguleið eins og við erum von. Hurðin opnast ekki þegar á hana er ýtt og fangarnir flissa góðlátlega að einfelddinni og þekkingarleysi á læstum hurðum. Spjallið heldur því áfram um stund. Við endurtökum spurningarnar um hvort ekki séu allir sáttir og förum yfir það hvaða nöfn megi nefna. "Mér er alveg sama hvað þið gerið," segir Hans Alfred Kristjánsson, maður um fimmtugt. Hann er elstur fanganna, hefur notað eitruylf í tugi ára og hefur töluverða reynslu af að um hann sé skrifað í fjölmiðlum. Hans er þó einn þeirra fáum sem hefur tekist að vera á meðferðarganginum frá því hann var opnaður í nóvember og virðist því standa sig vel.

Sá nafntogaðasti fanganna segir



HORFT INN UM LUKTAR DYR Innanstokksmunir í þessum fangaklefa eru allir boltaðir niður, öryggisins vegna.

AFPLÁNUNARFERILL




þó að líklega sé búið að fjalla nóg um hann að undanförunu í blöðum og ljósvakamiðlum. "Hey! Þetta var bara harmleikur alkóhólístans," segir hann einlægur um brotið og skiljanlega sjá allir ástæðu til að hlæja af þeim ummælum. "Harmleikur alkóhólístans! Þetta verður pottþétt fyrirsögnin hjá þeim," heyrir sagt þegar okkur er loks hleypt út um dyrnar.



RÚNAR EIRÍKSSON Á VAKTINNI Rúnar hefur staðið vaktina yfir föngum frá því árið 1981. Hann segir vistmenn Litla-Hrauns hafa breyst mikið í gegnum tíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ATVINNUSTAÐA FORELDRA FANGA



"Einmitt hér á Litla-Hrauni"

"Í raun er þetta hrein viðbót við þau störf sem við vinnum hér fyrir," segir Einar Loftur Högnason við borð þar sem fagfólk, starfsfólk og stjórnendur, hefur komið saman til að ræða við blaðamenn um starf meðferðar-eildarinnar og þá framtíðarsýn sem það vonast eftir á Litla-Hrauni. "En afskaplega gefandi og skemmtileg viðbót," segir Svala Þrastardóttir fangavörður um hæl og undir það tekur Einar heilshugar. "Það væri

bara eðlilegt að það væri gert ráð fyrir þörfinni fyrir alvöru meðferðardeild hérna," bætir hann við og undir það taka allir við borðið. Þórarinn V. Hjaltason, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, bætir svo við: "Ég held að það hljóti allir að gera sér grein fyrir því að á fáum stöðum er jafn mikil þörf fyrir afeitrunarstöð og sérhæfða meðferð og einmitt hér á Litla-Hrauni."

Fyrsta grein af fjórum

MARKMIÐIÐ AÐ GETA VAKNAÐ OG ELDAÐ

Flestir fanganna á Litla-Hrauni þurfa á meðferð að halda. Þeir eru veikir. Í mörgum tilfellum vegna þess að þeir eru háðir fíkniefnum, og hafa verið um árabil, en einnig vegna þunglyndis, kvíða og annarra fylgifyrsta neyslu og sviptingu frelsis. "Það hefur lengi staðið til að koma þessum gangi upp. Þetta er ekki bara okkar hugmynd, heldur ekki síst fanganna sjálfra," segir Anna Kristín Newton sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun. Hún segir meðferðarganginn vera "draum sem rættist" en hann hefur nú verið starfræktur í rúma þrjú mánuði. "Frá opnun 12. nóvember höfum við haft samstarf fanga, heilbrigðisstarfsfólksins og annarra starfsmanna að leiðarljósi. Það mikilvægasta sem starfið gengur út á er að búa til rútínu, dagskrá sem fangarnir geta byggt líf sitt á. Hún snýst um að vakna á morgnana, fá sér morgunmat, kaupa inn og reyna að lifa eðlilegu lífi án þess að snerta fíkniefni. Þetta getur verið mikið átak fyrir menn sem hafa kannski aldrei unnið neitt og aldrei þurft að vakna að morgni," segir Anna Kristín.

Hversdagsleg markmið – stór skref

Meðferðin er ekki byggð upp á sama hátt og hefðbundnar vímuefnamedferðir sem oftast en ekki eru byggðar upp á stífum lyfjagjöfum og fyrirlesturum. Markmiðið er að byggja grunn að betri sjálfsmynd, grunni betrunar. "Þetta hefur gengið alveg ágætlega," segir Einar Loftur Högnason fanga-vörður sem vinnur með föngunum á degi hverjum ásamt kollega sínum, Svölu Þrastardóttur. "Sami kjarninn hefur verið saman þarna svolítið lengi núna og hann hefur staðið sig mjög vel. Vissulega er þetta ekki alltaf dans á rósum en heilt yfir hefur reynslan af þessu verið góð," segir Svala. "Eins og gefur að skilja er mikil eftirspurn eftir gangi sem þessum innan veggja fangelsisins."

Sálfræðingar Fangelsismálastofnunar, Þórarinn Hjaltason og Anna Kristín, segja meðferðarganginn í raun og veru hálfgerð "kraftaverk" þar sem

UMRÆÐUEFNI PRESTSINS OG FANGA

Fjórúti efnir

1. Heimili
2. Heimilisofbeldi
3. Frelsi
4. Ég sjálf(-ur) og framtíð mín
5. Miskunnsemi
6. Ofbeldi
7. Að vilja gleyma
8. Hæfileikar
9. Jákvæðni og neikvæðni
10. Ég og aðrir
11. Þráhyggja
12. Dauðinn
13. Að hafa eitthvað fyrir stafni
14. Refsingar
15. Fyrirgefning
16. Kvíði – áhyggjur
17. Faðir minn
18. Hið illa – satan
19. Illmælgir
20. Reiði
21. Hamingjan
22. Karlmannskuímyndin
23. Síðustu árin – minningar
24. Tilgangur lífsins
25. Sjálfsmorð
26. Fjölmíðlar og fangelsi
27. Gleði
28. Streita
29. Þunglyndi
30. Ljós
31. Móðir mín
32. Kvenímyndin
33. Guð
34. Samviska
35. Freisting
36. Virðing – sjálfsvirðing
37. Sannleikur
38. Bæn
39. Eftirsjá – iðrun

fjármagn til reksturs gangsins hefur ekki fengist. "Við höfum allar götur frá því árið 2000 sótt um fjármagn til þess að koma upp svona starfi en aldrei fengið. Við töldum ekki vera hægt að biða lengur með þetta og komum starfseminni á koppinn með þeim úrræðum sem voru við höndina," segir Þórarinn. "Það er ekkert sjálfsagt að gera þetta því í raun er

þetta hrein viðbót á verkefnum."

Dvöl á meðferðarganginum byggir á því að fangarnir sýni vilja til þess að takast á við vandamálin sín. Setji sér markmið og haldi sér frá vímuefnum. "Það eitt að setja markmiðin getur verið erfiður þröskuldur fyrir marga," segir Þórarinn.

Fastir liðir – betrun

Fastir liðir hjá föngunum eru AA-fundur og samræður með Hreini S. Hákonarsyni presti. Á þessum fundum fá fangarnir tækifæri til þess að ræða líðan sína og tilfinningar. Stundum gengur það vel en stundum verr, eins og gengur. Smátt og smátt tekst mönnum að brjótast út úr skelinni sem hefur umlukt þá um langt skeið. "Við reynum að skapa gott andrúmsloft saman til þess að ræða málin. Það kemur fátt í staðinn fyrir það þegar menn geta farið að tala um hvernig þeim líður óþvingað," segir Hreinn. "Þegar menn hafa stigið það skref þá eru menn komnir langt. Þá fara menn að kynna sjálfum sér upp á nýtt og geta tekist á við ný verkefni."

Ef föngunum tekst að ná markmiðunum sem þeir setja sér þá er kominn grunnur til að byggja á. Hann kann að vera viðkvæmur og auðbrjótanlegur í fyrstu en smám saman verður hann lífæð betrunar. "Venjulegt fólk getur vaknað að morgni og farið í vinnu. Fárvæikir sjúklingar, sem aldrei hafa farið í gegnum afeitrunarferli, eiga auðvitað í vandræðum með þetta," segir Anna Kristín.

Hún segir það í raun "með ólíkindum" að afeitrunardeild sé ekki á Litla-Hrauni og í fangelsum yfirhöfuð. "Ég held að það sjái það allir að ef dvöl í fangelsi á að geta verið betrunarvíst, að minnsta kosti upp að vissu marki, þá verður að koma upp afeitrunardeild fyrir fíkla." Í nýrri fangelsisbyggingu sem enn er á teiknborðinu er gert ráð fyrir afeitrunardeild. "Án hennar verður alltaf ákveðið hlutfall fanga sem nær aldrei bata," segir Anna Kristín.

BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL

10% afsláttur



808

NF sjófryst ýsuflök roðlaus
808 kr/kg. **MERKT VERÐ 899 KR/KG.**

10% afsláttur



725

NF saltfiskbitar beinlausir m/roði
725 kr/kg. **MERKT VERÐ 806 KR/KG.**

10% afsláttur



845

NF laxabitar beinhreinsaðir m/roði
845 kr/kg. **MERKT VERÐ 938 KR/KG.**

Sjófryst ýsa, beinhreinsaður lax og saltfiskur, beinlaus m/roði.



798

Óðals nautahakk **798 kr/kg.**
Innihald 85% nautakjöt og 15% prótein.

40% afsláttur



BONUS Ferskur heill kryddaður kjúklingur
479 kr/kg. MERKT VERÐ 799 KR/KG.

25% afsláttur



898

Nautaats borgarar 10 stk. 120g
898 kr. MERKT VERÐ 1198 KR/KG.

NÝTT KORTATÍMABIL

NÝTT KORTATÍMABIL



998

Sparigrís Bacon
998 kr/kg.



198

EUROSHOPPER broccoli
1 kg 198 kr



198

EUROSHOPPER broccolimix
1 kg 198 kr.



198

Myllu skúffukaka
400 gr 198 kr.



999

KS frosið læri í sneiðum **999 kr/kg.**




298

Ömmu Pizzur ferskar 350g **298 kr.**

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30



3 FYRIR 2

I did a bad thing
Linda Green

Kúnstin að kyssa

Frú Bovary
Gustave Flaubert

Eldað í hægum takti
Joanne Glynn

Drive her wild
Katy Bevan

Fríðþæging
Ian McEwan

One night stand
Julie Cohen

Black Rose
Nora Roberts

Sjortarar
Tracey Cox

Lendar elskhugans
Vigdís Grímsdóttir

Kama Sutra


eymundsson.is

Eymundsson

Bóksali frá 1872

Kjarni málsins

> Fjöldi framhaldsskólanema sem lærðu ítölsku skólaárið 2006 til 2007.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

menntun

nám, fróðleikur og vísindi

Málþing

Íslenskunemar halda Mímisþing

Íslenskunemar halda Mímisþing, málþing í samstarfi við ReykjavíkurAkademiuna, laugardaginn 16. febrúar. Málþingið verður haldið á 4. hæð JL-hússins við Hringbraut. Dagskrá stendur frá klukkan 12.00 til 18.00, með tveimur hléum, þar sem boðið verður upp á léttar veitingar og kaffi.

Meðal þess sem verður í boði er erindi Sigrúnar Ammendrup um flámæli á 19. öld. Heimir Freyr Víðarsson mun velta upp þeirri spurningu hvort þágufallsýki hafi einnig verið að finna í forníslensku og Ásta Sigurjónsdóttir fjallar um samspil sögumanns, lesenda og Sturlu í skáldsögunni Sendiherrann eftir Braga Ólafsson. Fundarstjóri er Kristín Þóra Pétursdóttir.



Streita vegna framburðar

Ný rannsókn sýnir að kennarar af erlendum uppruna hafa jákvæð viðhorf til skólans. Áhyggjur af íslenskuframburði geta valdið streitu. Kennararnir geta einangrast og samskipti milli kennara verið yfirborðskennnd og slitrótt.

Upplifun flestra grunnskólakennara af erlendum uppruna af íslenski skólamenningu er jákvæð við fyrstu kynni. En hinir, sem í byrjun höfðu neikvæða upplifun af starfinu, geta síðar upplifað einangrun í starfi. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar sem Björk Helle Lassen, kennari við Ingunnarskóla í Reykjavík, hefur gert.

Björk kynnti rannsókn sína á fyrirlestri í Kennaraháskóla Íslands í gær og fjallaði þá um reynslu og upplifun kennara af erlendum uppruna af því að starfa í grunnskólum á Íslandi. Björk tók viðtöl við 84 grunnskólakennara af erlendum uppruna á árunum 2005-2006 og fylgdi síðan eftir persónulegum frásögnum 29 kennara.

„Segja má að fyrstu erfiðleikar í starfi hafi verið tungumálið en það var einstaklingsbundið hve fljótt kennararnir náðu tökum á því. Það var hins vegar erfitt að rekja einangrun í starfi eða vöntun á félagsskap utan vinnunnar til áhrifa af fyrstu kynnum. Þetta bar lítið á góma. Það var frekar að



SÖKNUÐU MEIRI SAMVINNU Björk Helle Lassen kennari kynnti niðurstöður viðtalsrannsóknar sinnar í gær. Hún segir að grunnskólakennararnir, sem hún talaði við, hefðu talið sig njóta faglegs sjálfstæðis en saknað meiri samvinnu milli kennara og að meiri virðing væri borin fyrir starfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR

munur milli tungumála hefði meiri áhrif á kennarana og dæmi voru um streitu vegna framburðar,” segir Björk.

Lítið var minnst á samstarf innan skólans umfram hefðbundna verkaskiptingu. „Kennararnir töldu sig njóta faglegs sjálfstæðis en þeir söknðu meiri samvinnu milli kennara og að meiri virðing væri borin fyrir starfinu. Sérstaklega var talað um að meiri faglega umræðu milli kennara vantaði og að samskipti þeirra væru yfirborðskennnd og slitrótt. Sumir kennaranna upplifðu einangrun og jafnvel að þeir væru misskildir. Þrátt fyrir það höfðu allir jákvætt

viðhorf til íslensks skólasamfélags, töldu það opið og bjóða upp á tækifæri til að bæta og þróa.“

Flestir kennaranna höfðu reynslu af kennslu barna af erlendum uppruna en sumir höfðu efasemdir um getu skólasamfélagsins til að sinna þörfum þeirra.

„Þeir lögðu áherslu á móðurmálskennslu erlendu barnanna samhliða íslenskukennslu og sumir töldu blöndun í bekk vera betri kost en sérkennslu. Kennararnir töldu erlend áhrif jákvæð fyrir íslenskt samfélag en sumir höfðu áhyggjur af því að þau gætu leitt til stéttaskiptingar,” segir Björk.

ghs@frettabladid.is

Málnotkun í íslenskum fræðum og vísindum:

Veikleikamerki að nota ekki íslensku

„Það er veikleikamerki ef íslenskan er að verða ónothæf í vísindasamfélaginu á Íslandi,” segir Haraldur Bernharðsson málfræðingur hjá Stofnun Árna Magnússonar. Hann er einn frummælenda á málþingi Íslenskrar málnefndar sem haldið verður á morgun, föstudag, þar sem fjallað verður um stöðu íslenskunnar í vísindasamfélaginu.

„Framtíð og staða tungumáls ræðst ekki af fjölda þeirra sem tala málið, heldur að tungumálið sé notað á öllum sviðum samfélagsins,” segir Haraldur og telur vísindasamfélagið vera þar mikilvægt svið. Sem dæmi nefnir Haraldur að skrif fræðimanna séu minna metin í vinnumatskerfi Háskóla Íslands, séu þau skrifuð á íslensku.

Þá þurfi að huga að því þegar verið sé að bjóða upp á kennslu á ensku. „Þar er Háskólinn á Bifröst að stíga nýtt skref með því að bjóða upp á námsbraut á ensku,” segir Haraldur. „Það er ákveðinn skilningur á því að íslenskir háskólar séu að laða að sér erlenda sérfræðinga og erlenda nemendur, en hið sjálfgefna svar virðist að kenna þá á ensku. Það er ekki hugað að því að erlendir nemendur eða sérfræðingar hafi áhuga á því



HARALDUR BERNHARÐSSON Segir mikilvægt að íslenska sé notuð á öllum sviðum, líka í vísindasamfélaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að læra íslensku.“ Hann bendir meðal annars á að þegar erlendir sérfræðingar komi hingað til starfa, verði vinnumálið enska, en sérfræðingunum sé ekki markvisst boðið upp á að læra íslensku. „Ef Háskóli Íslands ætlar sér að

verða alþjóðlegur háskóli, þarf að taka íslenskuna með í þeirri útrás,” segir Haraldur.

Málþingið verður haldið í stofu 101 í Háskólatorgi Háskóla Íslands og stendur frá klukkan 14.00 til 17.00.

HONDA
The Power of Dreams



Betri bíll þegar þú:

A

Sérð bensínverðið

B

Vilt mikinn búnað

C

Leggur í stæði



Komdu og prófaðu
margverðlaunaðan Jazz
á Honda-lágu verði

Honda Jazz 1,4 beinskiptur,
fullbúinn, verð aðeins:

1.799.000 kr.
á mánuði **21.980** kr.*

Honda Jazz 1,4 sjálfskiptur,
fullbúinn, verð aðeins:

1.899.000 kr.
á mánuði **23.189** kr.*




Honda Jazz er glæsilega hannaður fjölnotabíll og lipur sem smábíll. Honda Jazz verður eftirlæti þitt strax og þú þarft að skjótast í innkaupin, láta dótið hverfa ofan í farangursrýmið eða skutla krökkunum í frístundirnar. Honda Jazz er með ríkulegan staðalbúnað og lausnir eins og töfrasæti, 5 gíra beinskiptingu eða 7 þrepa sjálfskiptingu, tölvustýrða loftkælingu, rafdrifnar rúður og spegla, upphitaða spegla og geislaspilara. Honda Jazz er einn sparneytnasti bíllinn á markaðinum en er engu að síður kraftmikill og snöggur. En umfram allt - Honda Jazz er skemmtilega stór og áreiðanlegur fjölnotabíll á Honda-lágu verði.



Vatnagördum 24-26 • Sími 520 1100
bernhard.is

Útgjöldin

> Neysla á eggjum á hvern íbúa, í kílóum talið.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: TINNI SVEINSSON, RITSTJÓRI HÚSA OG HÍBÝLA

Eggjasuðutækið kemur í góðar þarfir

„Bestu kaupin eru án efa íbúðin mín. Við keyptum hana fyrir nokkrum árum þegar markaðurinn átti eftir að hækka allverulega en þar að auki tókst mér að draga litlu fjölskylduna mína úr Hlíðunum og aftur í Vesturbæinn þar sem okkur líður afskaplega vel,“ segir Tinni Sveinsson, ritstjóri Húsa og híbýla.

„Frá íbúðinni er stutt í skóla og skemmtilegur andi í hverfinu. Það er allt fullt af göngustígum og þótt hverfisbúðum fari fækkandi eru þær nokkrar eftir þarna og nóg að gera í þeim.

Ég átti verulega erfitt með að hugsa um verstu kaupin. Ég hef ekki keypt nein bjánaleg tæki í gegnum tíðina sem ég nota ekki. Tevélna mína fékk ég gefins og get því ekki tiltekið hana og

eggjasuðuvélina nota ég þannig að hún telst varla sem slæm kaup.

Það dót sem ég kaupi en nota ekki mikið eru annars vegar bækur og hins vegar Playstation-leikir. Ég stenst mjög sjaldan mátið þegar ég sé girnilega bók en hún fer bara í staflann, sem fer því ört stækkandi. Um leikina er því þannig farið að þar sem ég er nú gamall tölvuleikjahundur reyni ég að fá börnin mín í lið með mér. Ég kippi því oft ódýrum leikjum með heim og fæ þau með í leikjastund en þær enda því miður yfirleitt þannig að þau segja bara kurteislega: „Pabbi minn, halt þú bara áfram að leika þér“ og skilja mig einan eftir við tölvuna.“



GÓÐ HÚSRÁÐ

PRÍFUR EKKI OF VEL

■ Að þrifa ekki of vel er besta ráðið sem Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, getur gefið, því þá verðum við sterkari á svellinu.

„Að þrifa aldrei of vel,“ segir Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur spurður um húsráð. „Því þá venjumst við sambúðinni með bakteríum og slíku og verðum þannig mun sterkari á svellinu.“ Hvaðan hann hafi þetta góða húsráð svarar Grímur: „Ég hef þróað þetta með mér. Ég áttaði mig á þessu með tímanum. Kostirnir eru að þá fær maður minna af flensum og svoleiðis og svo er náttúrulega annar kostur að geta verið meira saman.“



Frelsið ódýrast hjá SKO

Farsímanotanda af yngri kynslóðinni er best borgið hjá SKO, samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins.

Mest þarf hann að borga hjá Vodafone og Símanum. Fimmtíu prósent munur er á hæsta og lægsta verði.

SKO býður upp á ódýrustu farsímaþjónustuna fyrir dæmigerðan notanda af yngri kynslóðinni. Dýrust er þjónustan hjá Vodafone og Símanum. Þetta er niðurstaðan í verðkönnun Fréttablaðsins.

Verðskrár hjá fjarskiptafyrirtækjum geta verið æði flóknar og gert neytendum erfitt um vik að bera saman verð á þjónustu milli fyrirtækja. Til að einfalda samanburðinn í verðkönnun Fréttablaðsins var búinn til ímyndaður farsímanotandi, sem notast jafnt við SMS sem símtöl til að vera í sambandi við aðra og er með fyrirframgreitt frelsiskort í stað hefðbundins símreiknings.

Notandinn hringir úr farsímanum sínum í tíu mínútur á dag, og er hvert símtal að meðaltali tvær mínútur að lengd. Það gerir samtals 150 símtöl á mánuði, þar sem hann talar í 300 mínútur. Fjöldi símtala hefur áhrif á upphafsgjald, sem er einn af kostnaðarliðunum.

DÆMIGERÐ NOTKUN


Viðskiptavinur af yngri kynslóðinni

Mínútur á mánuði	300
- Í heimasíma	150
- Í farsíma utan kerfis	75
- Í farsíma innan kerfis	75
- Þar af í farsímavín	25
SMS á mánuði	300

VERÐSAMANBURÐUR Á FARSÍMAÞJÓNUSTU

Mánaðarlegur kostnaður miðað við dæmigerða notkun

■ Upphafsgjald ■ Símtöl í farsíma innan kerfis
■ Símtöl í farsíma utan kerfis ■ Símtöl í heimasíma ■ SMS

HEIMILDIR: VERÐSKRÁR SÍMFYRIRTÆKJANNA
ÓHEIMILT ER AÐ VÍSA TIL VERÐKÖNNUNAR FRÉTTABLAÐSINS Í AUGLÝSINGUM NEMA MEÐ LEYFI

Símtölin skiptast jafnt á milli farsíma og heimasíma; notandinn hringir í 150 mínútur á mánuði í farsíma og 150 mínútur í heimasíma. Símtöl í farsíma skiptast þannig að helmingurinn er í farsíma innan sama kerfis, eða 75 mínútur, og hinn helmingurinn í farsíma utan kerfisins. Af mínúturnum 75 sem eru í farsíma innan kerfis eru 25 þeirra þó í skráða farsímavini.

Þess utan sendir notandinn tíu SMS á dag, eða 300 á mánuði. Í verðskrár fjarskiptafyrirtækjanna er ekki gerður greinarmunur á SMS-sendingum innan og utan kerfis.

Miðað við þessa notkun er mán-

aðargjaldið lægst hjá SKO, eða 6.241 króna. Næstlægst er það hjá Nova, eða 7.606 krónur. Næst á eftir kemur Síminn með 9.275 krónur, og að lokum Vodafone með 9.459 krónur sem er hæsta verðið.

Til að einfalda verðsamanburðinn var ekki tekið tillit til sértíla boða sem gilda fyrir ákveðna dagsetningu. Aðeins var farið eftir verðskrá fyrirtækjanna miðað við notkun dæmigerðs notanda.

EKKI VAR HELDUR GERÐUR GREINARMUNUR Á SÍMTÖLUM Í NOVA-FARSÍMA OG SÍMTÖLUM Í AÐRA FARSÍMA UTAN KERFIS, EN SÍMINN OG VODAFONE RUKKA MEIRA FÜRIR SÍMTÖL Í FARSÍMA Í NOVA-KERFINU.

salvar@frettabladid.is

Ítalir reyna að spara orku á orkusparnaðardegi hinn 15. febrúar:

Orka spöruð gegn hlýnun jarðar

Orkusparnaðardagurinn verður haldinn á Ítalíu á morgun. Þannig á að vekja athygli almennings á umhverfis- og orkumálum, sporna við hlýnun jarðar og efla þátttöku og aðgerðir í umhverfisvernd. Nokkrar þjóðir nota þessa aðferð til að hvetja stofnanir og heimili til að draga úr orkuneytslu.

Eygerður Margrétardóttir hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar vekur athygli á deginum. „Okkur finnst þetta spennandi og ég tel að við ættum að feta í fótspor þeirra,“ segir Eygerður. Enginn slíkur dagur er þó í bígerð hér á landi.

Árið 2005 var þessi dagur fyrst haldinn á Ítalíu, en vinsæll útvarpsþáttur þar á landi kom með hugmyndina sem var svo sett í framkvæmd. Síðast þegar orkusparnaðardagurinn var haldinn var slökkt á ljósum sem lýsa upp nokkur helstu minnismerki Ítala. Þúsundir veitingahúsaeigenda kveiktu á kertum og buðu upp á kvöldverði sem krefjast lítillar orku við matreiðslu eins og kemur fram á netsíðu Umhverfissviðs.

- af

SPARNAÐARRÁÐ Af vef Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar

- Nota sparperur
- Þíða ísskápa reglulega
- Ekki setja húsgögn fyrir framan ofna.
- Ekki láta hleðslutæki vera í sambandi áfram eftir notkun.
- Slökkva ljós í herbergjum sem enginn er í.
- Stilla tölvuna á hvíld ef

- hún stendur ónotuð í tíu mínútur.
- Of lítið loft í dekkjum eykur eldsneytisneytslu.
- Vera oftast samferða öðrum í einkabílum. Kynna sér almenningsgöngur og nota þær meira. Ganga oftast eða hjóla styttri vegalengdir og hvíla bílinn.



EYGERÐUR MARGRÉTARDÓTTIR Finnst hugmynd Ítala um orkusparnaðardag góð.

GEFÐU HÚÐINNI TÆKIFÆRI TIL AÐ ANDA

OXYGEN POWER HREINSIGEL - AÐEINS FRÁ NIVEA VISAGE!

- Hreinsar andlitið með örsmáum perlum og undirbýr húðina fyrir hámarksupptöku súrefnis.
- Endurnærir húðina.

www.NIVEA.com

Af hverju að borga of háa vexti?




TILBOÐS
VEXTIR!

17,20%



Tilboðslán

- Lægri greiðslubyrði
- Lægra lántökugjald
- Óverðtryggt lán



Dæmi um meðalgreiðslu á mánuði					
Fjöldi ára	200.000 kr.	400.000 kr.	600.000 kr.	1.000.000 kr.	2.000.000 kr.
1	19.340	38.123	56.906	94.472	184.120
2	10.521	20.651	30.781	51.042	101.694
3	7.581	14.827	22.073	36.566	72.796
4	6.111	11.915	17.719	29.327	58.347
5	5.229	10.168	15.107	24.984	49.678
6	4.641	9.003	13.365	22.089	43.898
7	4.221	8.171	12.121	20.021	39.770
8	3.906	7.547	11.188	18.470	36.674

Forsendur: 1,5% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 17,20% vextir - Kostnaður lánaður

Pú borgar 317.277 kr. minna með því að taka tilboðslán hjá S24

M.v. 2 milljón króna lán í 8 ár og 17,20% vexti hjá S24 og 21% vexti hjá öðrum bönkum og sparisjóðum þá borgarðu 3.305 kr. minna á mánuði með því að vera með lánið hjá S24, eða **39.660 kr. minna á ári og 317.277 kr. minna í heildina.**



*Miðað við vaxtatöflu S24 01.12.2007, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
*M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 31.03.2008.

Sæktu um... www.s24.is

MAX

fimmtudagur



**Tilboðin
verða bara
betri og betri**



JVC LT42A80ZU

42" LCD breiðtjald • Upplausn: 1366x768 punktar • DynaPix D.I.S.T. myndtækni - fjölgar línur og punktur • HD Ready • Skerpa 1.000:1 • Fullkomnar Litstýringar (Gamma Curve og Dyn. Black Level) • 20w RMS Nicam stereó hljóðkerfi • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp off.

Opið til kl. 22 í kvöld

Opnunartími

Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19

Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18



MAX / Kaupúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

**Beint á móti IKEA
Við hlífina á BÓNUS**

MAX

RAFTÆKI



1.989 kr.

Fullt verð ~~3.989~~

Brauðrist

Exido 243003

950w brauðrist • Stál • 2ja sneiða • Grind ofaná fyrir lítil brauð
• Hægt að rista öðrum megin eða báðum megin • Alltaf köld viðkomu • 5 tímastillingar • Mylsnebakki



Ferðahárblásari

Remington D3019

1800W ferðahárblásari • Tveggja hita - tveir hraðar
• Spenna - 120/230-240V • Takki fyrir kalt loft
• Hitadreifari fyrir sitt háir
• Klær fyrir EUR/UK, EUR/USA

2.489 kr.

Fullt verð ~~4.989~~

Gjafasett



Sléttujárn

Remington S2005

Sléttujárn • Stíllanlegur hiti upp í 230°C • Tilbúið til notkunar á 60 sek. • Keramik plötur til tryggja öfluga og jafna hitadreifingu

2.989 kr.

Fullt verð ~~5.989~~

Gjafasett

Dæmið er einfalt - hlutirnir eru ódýrari í Max

Sjálfvirk ROOMBA ryksuga



iRobot 560 ROOMBA

Sjálfvirk ROOMBA ryksuga • Tveir burstar fyrir gólf og teppi • Hreinsar undir og í kringum húsgögn • Fer yfir svæði a.m.k. fjórum sinnum • Tvö „Virtual Wall Lighthouses“ girða svæði • Snýr sjálfvirk aftur til hleðslustöðvar • Nemur óhrein svæði og er lengur þar • Fylgir veggbrúnum og nær vel inn í horn • Stíllir sjálfvirk fyrir gólf eða teppi • Hleðslustöð og auka sía fylggja

39.989 kr.

Fullt verð ~~49.989~~

Kæliskápur

Whirlpool ARC1699

179sm kæliskápur • 375 lítrar kæli • Orkunýting A • Hljóð: 40dB • 5 glerhillur • Mál (hxbxd): 179x59,6x60,6sm

49.989 kr.

Fullt verð ~~69.989~~



Opið til kl. 22 í kvöld

Tilboðin gilda til 20. 02. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

SKARTFATNAÐUR FYRIR STERKAR KONUR

Hildur Inga Björnsdóttir
hannar skartfatnað sem setur
punktinn yfir i-ið.

TÍSKA 2



RAFMAÐNAD HEILSU- TJÓN

Garðar Bergendal á tæki sem
bætir lífsgæði þeirra sem þjást
af völdum neikvæðra
rafbylgna.

HEILSA 4



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

HÚSGAGNA LAGERSALA

Verðdæmi:

Leðursófasett áður 239,000 kr

Nú **119,900** kr

Hornsófar tau áður 198,000 kr

Nú **103,000** kr

Tungusófar

verð frá **85,900** kr

ALLTAF BESTA
VERÐIÐ

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Útlitsgölluð húsgögn
- **Svefnsófar** -áklæði að eigin vali

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími

Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16



Kolfinna Nikulásdóttir var búin að máta kápuna svo oft í búðinni að afgreiðslukonurnar voru farnar að kannast við hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kápan keypt á laun

*Kolfinna Nikulásdóttir, slagverksleikari og bak-
raddasöngkona í hljómsveitinni Retro Stefson,
hafði lengi augastað á kápu sem kærastinn
keypti svo handa henni í laumi.*

„Ég sá kápuna í Trilogiu á Laugaveginum og langaði mikið í hana. Hún var þó ekki á mjög viðráðanlegu verði. Ég var samt alltaf að fara inn í búðina að skoða hana og máta og voru afgreiðslukonurnar farnar að kannast við mig. Ég held að þær hafi jafnvel langað til að ég eignaðist kápuna því hún var svo fin á mér,“ lýsir Kolfinna.

Eitthvert kvöldið fór hún síðan með kærastanum sínum út að borða og þá dró hann kápuna upp úr poka. „Ég varð ekkert smá ánægð enda hafði ég farið í búðina daginn áður til að spyrja um kápuna og fékk þá að vita að hún væri farin.“ Kolfinna segir afgreiðslukonuna hafa sagt að einhver ljóshærð stelpa hefði keypt kápuna til að villa enn frekar um fyrir henni.

Kolfinna fer annars ekki troðnar slóðir í fatavali, þrátt fyrir ungan aldur, og kaupir lítið af fjöldaframleiddum fötum. „Mér finnst skemmtilegt að kaupa hönnun sem ég veit að eitthvað er á bakvið. Það er líka gaman að styrkja hönnuði sem eru að reyna að lifa af ástríðu sinni,“ segir Kolfinna. Hún segir það þó kosta sitt og keypti hún til dæmis tvo rándýra kjóla um daginn. „Ég er mikil kjólastelpa en er eiginlega komin í smá pásu núna. Ég er líka með algera skóðellu en verð líklega að bíða dálítið með að kaupa mér næsta par.“

Kolfinna segir nóg að gera í tónlistinni og er ánægð með þær góðu viðtökur sem hljómsveit hennar hefur fengið. Við erum að spila mjög víða og það var til dæmis frábært að vera með á Iceland Airwaves.

Kolfinna er nemandi í MH og tekur virkan þátt í leikfélaginu. „Núna erum við að æfa mjög skemmtilegt spunaverk sem heitir EIntak og verður það frumsýnt í Undirheimum í MH fyrsta mars.

vera@frettabladid.is

**GERIMAX TYGGJÓ
ORKUSKOT!**

NYHED TYGGEGUMMITABLET COOL BREEZE 10 stk.

HURTIQTVIRKENDE
GERIMAX
GINSENG
GINSENG + GUARANA
INSTANT ENERGY

TYGGEGUMMITABLET SOM KOSTTILSKUD




Nú eru að koma
nýjar vörur
www.vefta.is

Vefta
Tískuföt Hólagarði
s: 557 2010

Skartfatnaður fyrir sterkar og sjálfstæðar konur

Hildur Inga Björnsdóttir
hannar skartfatnað sem setur
punktinn yfir i-ið.

Hönnuðurinn Hildur Inga Björnsdóttir hannar undir merkinu Xir-ena. Hún hannar flíkur til að nota yfir eða undir önnur föt og eiga þær að setja punktinn yfir i-ið. Flíkunum er meðal annars ætlað að höfða til skapandi kvenna á öllum aldri sem vilja marka sér sérstöðu.

„Línunni tilheyrja toppar, pils, kjólar og leggings og fötin er ýmist hægt að nota spari eða hversdags. Sumar flíkur má líka nota á mismunandi vegu. Þær eru úr teygjanlegum ítölskum jersey-efnum og skreyttar með þæfðri íslenskri ull,“ segir Hildur Inga.

Hún tekur þátt í verkefninu ÚH-18 á vegum Útflutningsráðs Íslands ásamt átta öðrum fyrirtækjum. Verkefnið miðar að því að koma íslenskum fyrirtækjum á framfæri erlendis og stefnir Hildur helst á breskan og þýskan markað. Hún fékk styrk frá Félagi kvenna í atvinnurekstri til þátttöku í verkefninu og lætur mjög vel af því.

Auk fatahönnunarinnar malar Hildur Inga myndir og er að byrja að fíkra sig áfram með skartgripahönnun. „Ég mun tvinna þetta þrennt saman en ég veit allt út frá svipaðri hugmyndafræði. Í skartgripunum er steina- og sjávarþema og svo hef ég verið að mála konur úr íslensku þjóðsögnum sem jafnvel stökkbreytast í steina. Í fatahönnuninni fæ ég innblástur úr náttúrunni og eiga flíkur að höfða til sterkra og sjálfstæðra kvenna,“ útskýrir Hildur Inga en fötin fást í verslunum Cific í Bankastræti 11 og 101 Skjöldur að Pósthússtræti 13.
vera@frettabladid.is



Hildur Inga í skartpils á vinnustofu sinni á Korpúlfsstöðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FYRSTA OG EINA
RÝMINGARSALAN

BÚÐIN
FLYTUR

Parisar
TÍZKAN
LAUGAVEGI 71, 2.HÆÐ

Tjáðu þig!

50MB frítt myndasvæði!
Búðu til myndaalbúm á síðunni þinni!



Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi



Myndlistarmaðurinn Sunna Sigfríðardóttir í skartkjól sem nefnist Hafbrim.

Rithöfundurinn Þórdís Björnsdóttir í skarttoppi sem ber nafnið Sjófugl.



Reem Acra er þekktust fyrir glæsilega kvöldkjóla og þótti léttleiki og glamúr einkenna haustlínu hennar fyrir 2008.

Tíðindalaust á tískuviku

TÍSKUVIKUNNI Í NEW YORK LAUK Í SÍÐUSTU VIKU EN ÞAR MÁTTI SJÁ HÖNNUÐI SÝNA VOR- OG HAUSTLÍNUR FYRIR ÁRÍÐ 2008.

Tískuvikunni lauk án krassandi upákoma og þóttu fötin sem hönnuðir kynntu þetta árið settleg. Áhrifa sjötta áratugarins mátti sjá gæta í dömulegum sniðum, blómamynstrum og léttum efnum og kemst Suzy Menkes, tískugagnrýnandi hjá Herald Tribune, svo að orði að íhaldssamar mæður hefðu sannarlega lagt blessun sína yfir þessar flíkur sem sýndar voru í New York þetta árið þar sem þær hefðu kannast við þær úr eigin fataskáp.



Einfaldur og glæsilegur kvöldkjól frá Reem Acra en hún þótti sjálfri sér samkvæm í elegans.



Bill Bliss sýndi dömuleg snið og aðskorna jakka sem minntu óneitanlega á fatnað sjötta áratugarins.



Létt efni bylgjuðust um fætur fyrirætlananna hjá Rebeccu Taylor og lítirnir dókkir.

Rebecca Taylor sýndi léttar skyrstur og kjóla í dökkum litum og blómamunstri fyrir haustið.

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki





Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Valentino úr veislunni

Hátískusýning er afrakstur af löngu og erfiðu starfi þar sem ómæld vinna hefur verið lögð í hverja flík. Upp í 2.000 vinnustundir fyrir einn kjól. Vinna sem lifir á sýningarpallinum í nokkrar mínútur, stundum til að hverfa að eilífu í gleymsku í geymslu tískuhússins.

Valentino Caravani færði tískaúhugafólki fallega gjöf í tilefni af síðustu sýningu sinni í París á dögunum. Hann leyfði sjónvarpsmönnum að fylgjast með undirbúningi sýningarinnar, allt frá teiknaborðinu að sýningarpöllum á Rodin-safninu. Vinnustofan er í Róm og þar fylgdist meistarinn með hverju handtaki. Valentino byrjaði ungur að teikna og átti erfitt með að hemja sig fyrir síðustu sýninguna; hefði getað hannað þrisvar sinnum meira. Hann var aðeins 26 ára á þeirri fyrstu 1957.

Á vinnustofunni eru áttatíu hendur sem sitja tímum saman við sauma, sumar eru búnar að vera með Valentino í fjórutíu ár og þekkja hvert spor. Á eftir fylgja mátnir með fyrirsetum og lagfæringar því allt á að vera fullkomið. Þótt Valentino hafi átt mikillar velgengi að fagna í París hefur hann alltaf hannað og saumað á Ítalíu og því eru milljónakjólarnir 75 sendir til Parísar rétt fyrir sýninguna. Með þeim fer helmingur saumakvennanna til að fullkomna verkið þegar fyrirseturnar sem eiga að sýna kjólana máta daginn fyrir sýninguna. Meira að segja Roberta eldabúskan „mamma italiana“ fylgir með svo starfsfólkið borðar ítalskt eins og heima til að halda við starfsanda liðsins.

Á síðustu stundu mætir Natalia Vodianova topp-módel, stjarna sýningarinnar, til að máta kjólinn sem opnar hana. Hvert smáatriði er þaulæft, tónlistin hefur verið valin, styrkurinn ákveðinn, allt frá ítölskum óperum til Amy Winehouse, kvikmyndatónlistar úr „La Dolce Vita“ Fellinis og „2046“ Wong Kar-Wai.

Aðsetur tískuhúss Valentinos í París er á skartgripatorginu Place Vendôme, aðeins nokkra metra frá Ritz-hótelinu, þar sem gestir hönnuðarins gista og þnngað þarf að senda fjölda kjóla sem samskipta-deild tískuhússins lánar, því auðvitað klæðast gestirnir Valentino á síðustu sýningunni og listinn er langur. Eftir sýninguna leka tár af hvörnum margra aðstoðarmanna og kvenna sem og fyrirsetna, blað er brotið.

Valentino segir að leyndarmál hátískunnar sé að efnið eigi að líta út eins og enginn hafi snert það þegar flíkin er tilbúin. Hann hefur í 45 ár fegrað konur, aldrei gert úr þeim furðuverk í nafni frumleika. Líkt og Michael-Angelo okkar tíma, óður til kvenlegrar fegurðar. Og Valentino segir: „Betra að fara úr veislunni meðan þar er enn fullt af fólki“.

Þannig kveður listamaður heim tískunnar. bergb75@free.fr

Húðgaldrar hunangs og sítrónu

Náttúran býr yfir helstu leyndarmálunum um fegurð kvenna. Hunang og sítróna eru þar fremst í flokki fyrir unaðsmjúkt hörund.

Í öllum þorpum Provence-héraðs í Suður-Frakklandi eru býflugur ræktaðar til framleiðslu á undursætu hunangi, en hunang er einmitt meðal mest hrifandi fjársjóða náttúrunnar og eitt elsta fegurðarlyf veraldar. Ahrif þess á húðina eru mýkjandi og endurnærandi því hunang er ríkt af sykri, steinefnum og vítamínum.

Blanda hunangs og sítrónu er eftirsóknarverð og nú hefur fransk snýrtivöruframleiðandinn L'Occitane framleitt baðvörur úr blöndu þessara mikilvægu fegurðargjafa náttúrunnar. Honey & Lemon línan ilmar auðvitað ótrúlega girnilega, ásamt því að vera hrein upplifun fyrir líkama og sál.

-þlg

Honey & Lemon-baðlínan frá L'Occitane en



Býflugnarækt er áberandi í Provence-héraði í Suður-Frakklandi.



Lagersala

60%

afsláttur af öllum vörum

idunn

tískuverslun

Laugavegi, s. 561-1680



Stílhrein hönnun frá VIOLINO

Nýjung hjá Lystadún Marco



Kynningarverð

á Glæsilegum leðursófum og stólum.



Síðasti dagur rýmingarsölnunnar

Allt að 90% afsláttur

Fyrstir koma fyrstir fá!

Freemans

Freemans/Clamal • Reykjavíkurvegi 66 • Hafnarfjörður • S: 565 3900

Ný sending



Laugaveg 54, sími 552 5201



JÓGA
MORGUN / HÁDEGI / SÍÐDEGI
BYRJENDANÁMSKEIÐ HEFST 18.FEB

Ásta Arnardóttir • 862 6098
www.this.is/asta • astaarn@mi.is
www.lotusjogasetur.is • Borgartúni 20

Jóga helgi
Jóga - Slökun - Velliðan
Helgina 1. - 2. mars 2008
Fosshótel Reykholti

ICELANDYOGA.COM
WELLNESSICELAND.COM
Hugljómun og heilsa með Fosshótel

www.icelandyoga.com / sími 435 1260

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi

SÖLUSTADIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRVERSLANIR

Mikilvæg skilaboð!

Fullkominn naglavöxtur, þurr naglabönd úr sögunni! Naglastyrkir með Naglabanda næringu

Útsölustaðir: apótek og snyrtivörverslanir

5125050
Auglýsingasími

LOFTHREINSITÆKI

-betra loft -eyðir ryki
-dregur úr ofnæmisvökum

Verð frá 5.990

is-húsið
Smiljávogi 70 • 500 Kópavogur
Sí: 544 8000 • www.ishuid.is

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Hér má sjá Garðar Bergendal að störfum með rafþjóna sem leita uppi neikvæðar rafbylgjur. Slíkan ófögnað má laga á varanlegan hátt og koma í veg fyrir ýmsa kvilla sem hrjá mannfólkið; allt frá húðþurrki upp í krabbamein.

Rafmagnað heilsutjón

Með tilkomu linnulausrar tæknivæðingar í íslensku samfélagi hefur rafsegulsvið í nánasta umhverfi aukist. Garðar Bergendal á tæki sem bætir lífsgæði þeirra sem þjást af völdum neikvæðra rafbylgna.

„Ég lagði stund á þessi fræði eftir að hafa fengið krabbamein í höfuðið fyrir áratug síðan. Þá kom til mín maður sem gat umpólað rafbylgjum, en undir húsinu, nánar tiltekið beint undir rúmi mínu, reyndist vera ákveðin tegund jarðsprungna sem kallast öðru nafni jarðára og magnar upp rafsegulbylgjur,“ segir Garðar Bergendal hjá Kletti rafbylgjumælingum sem hindrað getur neikvæð áhrif rafbylgna úr jörðu. Þegar blaðamaður tekur á Garðari hús er hann á leið til hjóna sem bæði eru nýgreind með krabbamein.

„Læknarnir vildu meina að krabbameinið væri tilkomið vegna spennustöðvar við hlið húss þeirra, en það er ekki einleikið hversu oft ég fer til fólks sem býr í námunda við spennustöð og er komið með krabbamein. Verst er að neikvæðar rafbylgjur má laga og með því fyrirbyggja sjúkdóma, en því miður er fólk oft orðið alvarlega veikt þegar það leitar til mín,“ segir Garðar sem af reynslu veit að slæmum sjúkdómshorfum má snúa til betri vegar með umpólu rafmagns í umhverfi sjúklings.

„Minnstætt eru margt minna viðskiptavina en ofarlega í huga hjón úr Keflavík. Systir húsfreyjunnar hafði samband fyrir fjórum árum og þegar þangað kom taldi ég víst að maðurinn væri helsjúkur og konan var rúmfast líka. Mánuði eftir að ég hafði umpólað rafmagninu voru bæði komin með fótaferð, og fyrir ári leit ég til þeirra aftur og þá var maðurinn laus við krabbann, farinn að vinna á ný, og konan á hröðum batavegi. Annað dæmi snertir fólk með kæfisvefn sem losnar við súrefnisvélina eftir umpólun rafmagns. Þessar staðreyndir tala sínu máli, en sjálfur tek ég mest mark á sjálfum mér og losnaði við krabbann eftir að rafmagn var lagað heima,“ segir Garðar sem kennir sterkum rafmagnsbylgjum að stórum hluta um þann faraldur sem krabbamein er orðið í Íslendingum.

„Við erum alltaf að framleiða meira rafmagn, leggja spennustöðvar, kapla í jörðu og síma-möstur sem senda frá sér afar skaðlegar rafbylgjur. Í skólum hvet ég krakka til að minnka notkun farsíma og nota meinlausari vekjaraklukkur á morgnana. Eldri menn hafa misst eistun, sem talið er vegna þess að þeir hafa gamsann hringlandi í buxnavösum. Lengi get ég áfram talið upp heilsutjón af völdum neikvæðra

rafbylgna sem hvarvetna mælast öflugar og vaxandi, en í sumar fékk ég verkbeiðni vegna unglíngna í garðyrkjustörfum sem fengu í sig rafmagn úr moldinni,“ segir Garðar, sem á dögunum vann sitt verk í Norðlingaskóla við góðan árangur, en starfsfólk staðfestir að andrúmsloft sé þar allt annað og líðan skólafólks betri.

„Bændur hafa mikið leitað til mín vegna búfenaðar sem illa þrífst og þar hef ég lagfært rafmagn, en í kjölfarið hefur nyt í kúum aukist um fimmtán prósent og jógurbólga horfið með öllu. Rafmagnsbylgjur hafa áhrif á allt sem lifandi er og nóg að skoða hvernig umhorfs er í Straumsvík þar sem jörð er sviðin undir rafmagnslínunum,“ segir Garðar sem síðan 2000 hefur árlega mælt rafbylgjur úr jörðu, tenglum, tölvum, gsm-símum og ljósum á yfir 200 heimilum og vinnustöðum.

„Allar þessar bylgjur hafa áhrif á fólk og skepnur, og geta valdið ýmsum kvillum eins og mígreni, síþreytu, svefntruflunum, vöðvabólgu, exemi, húðþurrki, fóta- verkjum og liðkasti í mjöðm, en einnig alvarlegum sjúkdómum á borð við krabbamein. Þetta má allt laga með varanlegum árangri, en víst þyrftu stjórnvöld að vera meðvitaðri um áhrif neikvæðra rafbylgna og koma til móts við þjóð sína til að fyrirbyggja frekara heilsutjón.“

thordis@frettabladid.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA



Heimsins minnstu heyrnartæki koma frá ReSound

Dot er góður punktur fyrir þá sem vilja heyra vel.

Þessi punktur er agnarsmátt heyrnartæki sem með nýjustu tölvutækni bætir við heyrnina þeirri tíðni sem notandinn hefur tapað. Hringdu og láttu okkur fræða þig meira um þessa undraverðu tækni.



HEYRNARMÆLINGAR

HEYRNARVERND

HEYRNARTÆKI

RÁÐGJÖF



Nánari upplýsingar www.heyrn.is - Tímápatanir í síma 534 9600

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is



Notalegar kvöldstundir

Fallegur lampi sem gefur frá sér hlýlega birtu er sannkallað þarfabing á dimmum vetrarkvöldum.

Þótt dagurinn sé farinn að lengjast verulega er ennþá dimmt á kvöldin og auk þess kalt og hráslagalegt úti. Fátt er því notalega á síðkvöldum en að vera bara heima og koma sér fyrir á góðum stað með bók. Fallegur standlampi getur þá komið sér vel og ekki verra ef birtan frá honum er svolítið hlýleg.

emilia@frettabladid.is



Pfaff.
65.400
krónur.

Epal. 78.400 krónur.

Pfaff.
25.900
krónur.

Epal.
44.800
krónur.

Lúmex. 65.690 krónur.

OFUR TILBOÐ!!

Stafræn framköllun

2.600kr.
100 myndir

4.800kr.
200 myndir

ATH!
Við erum fluttir
Strætóhúsið
í Miðdönni!

myndval
www.myndval.is

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL

- Toppblaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

BYLGJAN
989
ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

alla virka daga kl. 7

BYGGINN
BÍTIÐ

Brautir - Glerveggir - Glerhurðir - Hert Gler

Hawa
GEZE

JÄRNGLER
Járn og gler ehf - Skútuvogur 1h
Barkarvogsmegin - S: 58 58 900
www.jarngler.is



Margbreytilegur stjaki

DANSKI HÖNNUÐURINN LOUISE CAMPBELL Á HEIÐURINN AÐ KERTASTJAKA SEM ER HÆGT AÐ SETJA SAMAN AÐ VILD.

Kertastjakinn samanstendur af að minnsta kosti sjö kertastjökum og sex tengingum. Stjakarnir minna á kristalla en tengingarnar á blóm-sveig. Nafn stjakans, „The More The Merrier,“ þýðir í raun því meira því betra en hægt er að kaupa eins margar pakkningar og maður vill og tengja stjakana saman eftir eigin höfði.

-ve

Nýsmíði sf.



Sérhæfum okkur í uppsetningu gifsveggja, gifslofta og allri almennri gifsvinnu. Einbýli, fjölbýli, skrifstofu og iðnaðarhúsnæði.

Gerum tilboð að kostnaðarlausu.
www.nysmidi.is S:899-4666

allt - sem þig vantar

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI

Arnarbílar
www.arnarbilur.is



NÝR TOYOTA LAND CRUISER 200 LUXURY 2008, 6 Prepa Ssk, 5.7LV8 381 Hestafil, 8 MANNA, Bakkmyndavél, Naví, Leður, Toppúluga, Og margt fleira, Verð 10.990 þ. Nánari uppl á www.arnarbilur.is sm: 120497 S: 567 2700.



HONDA CR-V árg 5/05, ek 34.þ km, 2.0L Ssk. Álfelgur, Dráttarkrókur, Sumardekk a felgum fylgja, Topp eintak, Verð 2.450. þ áhv 2.128 þ. Nánari uppl á www.arnarbilur.is sm: 110959 S. 567 2700



MMC OUTLANDER SPORT árg 12/2004, ek 54.þ km, 2.0L Bsk. Leður, Toppúluga, dráttarkúla, Flottur bíll, Verð 1.990 þ. áhv 1.520 þ. Nánari uppl á www.arnarbilur.is sm: 120430 S: 567 2700

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilur.is

Fosshamar



BMW X5 árg.'06. Ek. 19.500 km. Fallegur bíll! Hvítur / ljóst leður að innan. Sem nýr! Verð aðeins 4.900.000. Sími 893 0200.



Mercedes Benz GL-450 árg. '07. Ek. 12.700 km. Stórglæsilegur! Leður/öskugrátt. 7 manna. DVD, 2 skjár. Loftþúðafjöðrun. Hiti í framsætum. Fjarlægðaskynjarar. 2 sóllúgur ofl. Bíll með frábærum aukabúnaði og kostar nýr rúmar 12 millj. Er í ábyrgð! Verð aðeins 7.900.000 Sími 893 0200.



Black Beauty!Mercedes Benz GL-450 Árg.'07 Skráður júlí 06. Ekin 19.000 km. Svartur, Leður/öskugrátt. 7 manna. Með öllu! Loftþúðafjöðrun. Hiti í sætum. Fjarlægðaskynjarar. 2 sóllúgur. Stigbretti & togkrókur (ekki á mynd) ofl. Bíll með öllu! Verð aðeins : 8.300.000.- Göður staðgr. afsláttur! Er í ábyrgð! Kostar nýr 11.5-12 millj. FOSSHAMAR ehf. Sími 820 1909 & 893 0200.



Black Beauty!Mercedes Benz GL-450 Árg.'07 Skráður júlí 06. Ekin 19.000 km. Svartur, Leður/öskugrátt. 7 manna. Með öllu! Loftþúðafjöðrun. Hiti í sætum. Fjarlægðaskynjarar. 2 sóllúgur. Stigbretti & togkrókur (ekki á mynd) ofl. Bíll með öllu! Verð aðeins : 7.900.000.- Göður staðgr. afsláttur! Er í ábyrgð! Kostar nýr 11.5-12 millj. FOSSHAMAR ehf. Sími 820 1909 & 893 0200.

Fosshamar
Sími: 8201909
[ghs.foss\(hj\)simnet.is](http://ghs.foss(hj)simnet.is)



TOYOTA LAND CRUISER 120 6/2006 Ek.61 þkm,álfelgur, 8manna,6 diska magasin,dráttarbeisli,filmur.ofl.ofl Verð 4890 þús —SKOÐA SKIPTI Bilabankinn s.588-0700

Bilabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

Bílar til sölu

Við stórlækkum sölukostnað!
Skráðu bílinn hjá okkur - frítt!

NETBÍLAR
www.netbilar.is

Netbilar.is stórlækka þinn sölukostnað. Aðeins eitt verð kr. 29.900 m/vsk fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Verðvernd í bílasölu.



Chevrolet 1500 Silverado LTZ árg. 2007 ekin 16 þ. km einn með öllu. DVD, toppúluga, 20" dekk. Bara flottur!! S. 898 2811. www.plusgallery.is



Toyota Double Cap Diesel árg. 1991 ek. 237 þ. 33" dekk og hús. Verð 260 þ. S. 898 2811.

Bílaábyrgð á vordur.is



Einn með öllu !
M. Benz ML 500, 2005 svartur, 304 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn ABS hemlar, Aksturstölva, Álfelgur, Fjarstyrðar samlæsingar, Geislaspilarí, Gleroppúluga, Hiti í sætum, Höfuðpúðar aftan, Innspýting, Kastarar, Leðurklæði, Líknarbelgur, Loftkæling, Rafdrifnið sæti ökumanns, Rafdrifnar rúður, Rafdrifnir speglar, Reyklaus, Samlæsingar, Smurbók, Stigbretti, Útvarp, CD, Veltistýri, Vökvastýri, Navigation og sími sem þarf bara að virkja. Ákvilandi 4.5 mill. Verð 4.990 mill. Uppl. í s.822 8166.



Mazda 3, árg. 2006/08, ekin aðeins 14 þús. Til sölu. Þessi draumabíll er engum líkur. Búin öllum hugsanlegum aukahlutum og tækninýjungum. Ekki láta þennan framhjá þér fara!!! Birgir 695 2728.



Hyundai Terracan '04 áhv. 2,9 ásett 3390 þ. 38" breyttur, ek. 62 þ. Á nýjum dekkjum. 160 l tankur, driflæsing, hlutföll, short shifter, kroni demparar. S. 866 9174.



LAND ROVER DEFENDER 2003 km 180.000. breyttur 37" ný dekk,spil,snorkel,loftkæling, Topp standi: verð: 2.550.000 S: 6956668



Honda Civic 1.4, '97, ek. 170 þ. bsk. sk. 08. Ný timareim. V 380 þús. S. 820 3478.



4x4
VW Golf skuttbíll 4x4 árg. '98 ekin 120 þ., 5gíra, nagladekk. Gangverð 300 þ. en þitt verð 220 þ. Uppl. í s. 662 8290.



Toyota Tundra - Fæst á
Glænýr bíll. Sportpakki, „20 álfelgur, Brettakantar, leðurinnrétting, nýja 5.7 vélín, klædd skúffa, sjálfskiptur ofl. ofl. ofl. Uppl. í síma 861 3316.



Nissan X-Trail Sport árg. '03, ek. 73 þús. Ásett verð 1590 þús. Tilboð 1250 þús. Uppl. í s. 894 5000.



Toyota Rav 4 SPORT PERFORMANCE flottari tegund. Sjálfskiptur 4x4 ekin aðeins 45þ árg 05' sk 2010 ásett 2.5 tilboð 2.2 uppl í síma 891 6769.



BMW 760i v12
08/2003, ek. 118 þús, 21" alpina felgur. Þessi er drekkhlaðinn af aukahlutum. Sjón er sögu ríkarí. Lán ca 5,4 millj. Ásett verð 8.990 millj. Skoða tilboð og skipti. Uppl. í s. 820 4469.

Ódýr bíll. Til sölu Ford Escord árg. '96. Verð 50 þ. Uppl. í s. 867 3022.

Tilboð tilboð!
VW Passat árg. 12/98, álf, krókur, nýskoð. Listaverð 535 þús. Tilboð 380 þús. Uppl. í s. 691 9374.

Mazda 3 árg. '04 ek. 80 þ. mm ssk. Verð 1350 þ. Yfirtaka á láni. Uppl. í s. 868 3409.



0-250 þús.

Góð kaup! Ford Ranger '92 árg. Ekin 200þ.km. Góð nagladekk fylgja. Kúplingin er farin að slappast og ég gef 50 þ.kr afsláttur út á það sem gera 150 kall. Ingi 897 0209



Mazda 626'96,ek.204 þús ssk NÝ.SK'09.S+-Vdekk.bíll í Toppstandi. V.165þ S.695-2381



4WD Lancer Evo IX 9/2007, - SEM NÝR - umboðsbíll, ek. 8 þús. 6 gíra, túrbína, Intercooler, stöðugleikakerfi, vindskeið/spoiler. Lán 4270 :-|: Verð 4470,- Birgir 820 22 23

250-499 þús.




Skólastrákur óskar eftir bíl. Jeppa/fólksbíll. 0-100 þúsund. Sími 866 3838.
Skodaður bíll óskast fyrir allt að 120 þús. stgr. Uppl. í s. 894 9002.

Einstæð 2 barna móðir óskar e/ bíl á verðb. 40-50 þ. helst sk. Uppl. í s. 844 6531.

Óska eftir bílum fyrir ca 15-100 þús. stgr. Mega vera klesstir eða bílaðir. Athuga allt. Uppl. í s. 898 2111.
Óska eftir bíl á 0-100 þ. ekki eldri en '96. Má þarfnast lagfæringar. S. 691 9374.



Chrysler PT Cruiser '01, ek 55 þús, gullmóli, beinskípt, gleroppúluga, ný-vestrar-dekk, 17" dekk, verð 1390 þús, áhvilandi lán 990 þús. Birgir 820 22 23.



2 milljónir +

M. Benz R500 4 Matic 2006 ek. 46 þús. Þessi er með öllu. Ásett 7.390 þ. Tilboð 5.990 þ. 1140 þ. út og yfirtaka 4850 þ. Ath skipti. S. 868 4785.



Volvo S40 svartur, ek. 22 þ., árg. 05/2005. 1,8 bensín, bsk., 17" low Profile sumar- og vetrardekk fylgja með. Álfelgur, ljósgrátt leður og álinnrétting. Deluxe pakki. Einn eigandi. Verð 2,150 m.kr. GSM 856 7150.



Flottur F350 bíll til sölu. Árg. 2005 og ekin 87þús. Glæsilegur bíll í toppstandi. Uppl. í 695-4000.



4WD Lancer Evo IX 9/2007, - SEM NÝR - umboðsbíll, ek. 8 þús. 6 gíra, túrbína, Intercooler, stöðugleikakerfi, vindskeið/spoiler. Lán 4270 :-|: Verð 4470,- Birgir 820 22 23

Bílar óskast

Skólastrákur óskar eftir bíl. Jeppa/fólksbíll. 0-100 þúsund. Sími 866 3838.
Skodaður bíll óskast fyrir allt að 120 þús. stgr. Uppl. í s. 894 9002.

Einstæð 2 barna móðir óskar e/ bíl á verðb. 40-50 þ. helst sk. Uppl. í s. 844 6531.

Óska eftir bílum fyrir ca 15-100 þús. stgr. Mega vera klesstir eða bílaðir. Athuga allt. Uppl. í s. 898 2111.

menn þurfa mjög að hugsa sitt ráð. Þeim er nú meiri þörf að snúa ræðu sinni inn á við en eyða of miklum tíma í að útmála artir andstæðinganna. Ekki þar fyrir, Framsóknarflokkurinn stendur ekki í neinni þakkarskuld við andstæðinga sína hin síðari ár fyrir býsna blóðugar árásir á flokkinn. Varla verður sagt að framsóknarforustan hafi varist fimlega eða búist til sóknar af herkænsku. Þess vegna eiga framsóknarmenn nú að horfa inn á við, skoða í sinn eigin barm.

Þó heyrir ég flokksmenn mína suma hverja æmta út af því að flokkurinn hafi „misst af völdunum“, rétt eins og það sé eitthvert slys eða óréttlæti þó að gamalreynður flokkur og löngum mikilsráðandi í ríkisstjórnnum lendi í

stjórnarandstöðu eftir slaka útkomu í alþingiskosningum. Sjálf-sagt munu margir vilja fá fyllri skýringu á því hvað ég á við með því að segja að forustu Framsóknarflokksins beri að líta í sinn eigin barm. Sú ábending mín er vitaskuld margslungin. En augljóst er að framsóknarmenn þurfa að spurja sig margra spurninga. Það er ekki endilega mitt hlutverk að semja spurningarnar eða stjórna spurningaleiknum.

En í allri auðmýkt bið ég forustu-fólk flokksins að hugsa vel sitt ráð. Það verður ekki barist til sóknar með sundrað lið. Rifjið upp söguna, lærið af reynslunni. Vissulega snúast stjórnsmál um núíð. En hyggið að rótunum. Nútíð Framsóknarflokksins á sér rótfestu í sögunni

og að sjálfsgöðu framtíðin. Enginn efast um að tíminn er hraðfleygur, þjóðfélagsaðstæður breytast ört, en það er út af fyrir sig ekkert nýtt. Framsóknarflokkurinn hefur fyrr orðið að laga sig að þjóðfélagsbreytingum og átt sinn þátt í þeim. En stefnu sína verður flokkurinn að miða við rótföst grunngildi, aðlagast breytingum á réttum forsendum. En það á vafalaust við um aðra stjórnsmálaflokka og önnur valdaöfl í þjóðfélaginu. Nútíminn hefur staðið sig vel í því að fjarlægast tæknistig miðalda, en stjórnsmálsmenn samtímans ættu ekki síður að virða lýðræðið og hreinsa pólitíkina af stjórnarháttum miðaldamanna.

Höfundur er fyrrverandi ráðherra.



INGVAR GÍSLASON



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Hugsandi fólk nemur ný lönd

Ágúst Einarsson
rektor

WWW.BIFRÖST.IS

Fjölbreytt nám við Bifröst

Búðu þig undir framtíðina í Háskólanum á Bifröst með hagnýtu og metnaðarfullu námi sem er í nánum tengslum við atvinnulífið. Námsframboð á Bifröst hefur aukist jafnt og þétt, boðið er upp á grunn- og meistaranám á háskólastigi í þremur deildum, nám í frumgreinadeild auk símenntunar á sviði viðskipta og rekstrar. Á Bifröst færðu úrvalsmenntun auk þess sem þér býðst þátttaka í kraftmiklu, lífsglöðu og einstöku samfélagi.

Kynntu þér málið á bifrost.is.



GULLSMÍÐJAN
*Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmíður*
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIDJAN.IS

ENNEM / SJÁ / NM31884

FRUMGREINAEILD
• Staðnám
• Fjarnám

VIÐSKIPTAEILD
• BS í viðskiptafræði
• BS in Business Administration
• MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
• MS í alþjóðaviðskiptum
• MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

LAGAEILD
• BS í viðskiptalögfræði
• ML í lögfræði
• MA í skattarétti

FÉLAGSVÍSINDAEILD
• BA í heimspeki, hagfræði og stjórnsmálafræði (HHS)
• MA í menningarstjórnun
• MA í Evrópufræðum



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 5.094 +1,78%	Fjöldi viðskipta: 664 Velta: 12.126 milljónir
MESTA HÆKKUN	MESTA LÆKKUN
↑ EXISTA +4,66%	↓ 365 -4,07%
↑ SPRON +4,63%	↓ MAREL -1,62%
↑ FL GROUP +4,62%	↓ EIK BANKI -1,36%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,82 -0,76% ... Bakkavör 45,90 +2,92% ... Eimskipafélagið 30,65 -0,33% ... Exista 12,35 +4,66% ... FL Group 10,20 4,62% ... Glitnir 18,00 +2,56% ... Icelandair 26,55 +0,19% ... Kaupþing 734,00 +1,52% ... Landsbankinn 28,75 +1,23% ... Marel 97,40 -1,62% ... SPRON 5,88 +4,63% ... Straumur-Burðarás 12,65 +0,72% ... Teymi 5,17 -0,77% ... Össur 90,60 +1,46%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nagnar.is

Ekstra Bladet biðst afsökunar

Danska dagblaðið Ekstra Bladet hefur beðið Kaupþing afsökunar vegna greinaskrifa um starfsemi bankans sem birtust í greinaflokki blaðsins haustið 2006. Blaðið mun sömuleiðis greiða bankanum skaðabætur og lögfræðikostnað vegna málsins.

Í greinaflokknum voru meðal annars settar fram alvarlegar ásakanir í garð Kaupþings og Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns bankans. Greinarnar birtust á dönsku í blaðinu en á vefsíðu þess á ensku og dönsku.

Í tilkynningu frá Kaupþingi segir að Ekstra Bladet hafi leitað eftir sátt í málinu og beðið bankann afsökunar fyrir dómstólnum. Þá

muni það láta afsökunarbeiðni standa á heimasíðu sinni í einn mánuð.

Ekki náðist í Sigurð Einarsson þegar eftir því var leitað í gær. Bent Falbert, ritstjóri Ekstra Bladet, sagði í samtali við Vísi.is í gær að afsökunarbeiðnin nái einungis til enskrar þýðingar á greinaflokknum enda hafi síðanefnd danskra fjölmiðla fella úrskurð blaðinu í vil.

Bankinn hafi hins vegar talið að ensku útgáfuna hefði mátt túlka sem svo að Kaupþing væri sakað um glæpsamlegt athæfi. Það hafi ekki verið ætlunin og því ákveðið að biðjast afsökunar, að sögn ritstjórans.



SIGURÐUR EINARSSON Ekstra Bladet hefur beðið afsökunar á enski útgáfu greinaflokks um Kaupþing og Sigurð Einarssonar, stjórnarformann bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



PALLBORÐIÐ Niðurstöður Viðskiptaþings ræddu í gær Hreiðar Már Sigurðsson, Róbert Wessman, Þóra Arnórsdóttir sem stýrði umræðum, Tryggvi Þór Herbertsson og Katrín Pétursdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bankarnir þurfa aðgang að evru

Í pallborði „viðskiptalífsins“ á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs í gær voru skiptar skoðanir um hvort krónan væri byrði eða blóraböggull, en að því var spurt í yfirskrift þingsins.

„Fyrir fjármálafyrirtæki er óstöðugleiki byrði,“ segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings. „Við verðum að hafa aðgang að Seðlabanka með evrur,“ segir hann og telur þá staðreynd eina í raun útiloka einhliða upptöku myntarinnar hér.

Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis, segir ljóst að krónan sé útflutningsfyrirtækjum byrði og telur eitt brýnasta verkefni hagstjórnar að stuðla að stöðugleika gjaldmiðilsins.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Aska Capital, segir að hér eigi allir að líta sér nær, sér í lagi stjórnvöld og fjármálafyrirtæki, þar sem sameiningar og hagræðingar sé þörf. „Vandinn er að fjármálakerfið og hið opinbera hefur verið á fylleri,“ sagði hann í pallborðinu. Hreiðar Már segir eitt brýnasta verkefnið að losna við viðskiptahallann og draga úr skuldum þjóðarbúsins. „Það er umræða sem ég hef saknað.“ - óká



HÖFUÐSTÖÐVAR STOREBRAND Gengi bréfa Storebrand rauk upp um ellefu prósent í gær.

Fá tvo milljarða frá Storebrand

Kaupþing og Exista fá um 1,9 milljarða króna í arðgreiðslur fyrir tæpan 29 prósent hlut í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand. Kaupþing fær mest, um 1.300 milljónir króna, en Exista afganginn.

Hagnaður Storebrand nam tveimur milljörðum norskra króna, jafnvirði 25 milljarða íslenskra, í fyrra. Þetta er fjögur hundruð milljónum norskra króna meira en í hitteðfyrra. Hagnaðurinn á fjórða ársfjórðungi nam 676 milljónum norskra króna, sem er rúmlega 52 prósent hækkun á milli ára og yfir væntingum.

Fjárfestar tóku fréttunum fagnandi enda rauk gengi bréfa í Storebrand upp um ellefu prósent í norsku kauphöllinni í gær. - jab



Öflug símenntun fyrir hjúkrunarfræðinga

Endurmenntun HÍ fagnar samningi við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga um símenntun fyrir félagsmenn. Framundan eru fjölmörg spennandi námskeið til styrkingar í fagi jafnt sem almennri færni. Að auki bjóðast félagsmönnum sérkjör á önnur valin námskeið hjá Endurmenntun.

Í tengslum við samstarf EHÍ og FÍH verða fimm námskeið í boði á vormisseri 2008:

Viðbótar og óhefðbundnar meðferðir í hjúkrun
hefst 21. feb.

Framsögn og fundarsköp
hefst 10. mars

Næring og vökvajafnvægi
haldið 18. apríl

Að skrifa grein og koma fram í fjölmiðlum
haldið 4. apríl

Er hjúkrun launuð vinna eða hugsjónastarf?
- Að semja um kaup og kjör
hefst 7. maí



Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is

KEVIN KEEGAN FÆDDIST
PENNAN DAG ÁRIÐ 1951

„Ég mun aldrei aftur spila
á Wembley, nema ég spili
aftur á Wembley.“

Kevin Keegan er fyrrverandi
þjálfari enska landsliðsins en þjálfar nú lið Newcastle United í ensku úrvalsdeildinni.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 14. FEBRÚAR 1929

Glæpamenn ráðnir af dögum

Pennan dag árið 1929 gengu fjórir menn klæddir lögreglubúningum inn í höfuðstöðvar glæpamannsins Bugs Moran í Chicago-borg.

Þar voru fyrir sjö meðlimir úr gengi Bugs Moran sem fjórmenningarnir stilltu upp við vegg og skutu til bana. Þessi atburður er þekktur sem Valentínusar-fjöldamorðin enda bar þau að á Valentínusardag. Morðin voru liður í stríði á milli gengja Al Capone og Bugs Moran. Þeir áttu sín yfirráðasvæði í Chicago þar sem þeir smygluðu og seldu áfengi á þriðja áratug síðustu aldar. Með þessu tilræði æt-



aði Capone að láta myrða Moran. Gengi Capones vissi að von var á mikilvægri sendingu í höfuðstöðvar Bugs og hann yrði þar með alla sína bestu menn.

Það varð Bugs hins vegar til happs að hann var seinn fyrir og sá því hvar „lögreglumennirnir“ fjórir gengu inn í höfuðstöðvar hans. Hann komst því undan en enginn af mönnum Capones sem tóku þátt í morðunum var nokkurn tíma handsamaður.

AL CAPONE Ætlaði að losna við keppinautinn en mistókst.

MERKISATBURÐIR

- 1887 Brotist er inn á skrifstofu lögreglustjórans í Reykjavík og þaðan stolið peningakassa. Aldrei náðist að hafa hendur í hári ræningjans.
- 1912 Arizona verður 48. ríki Bandaríkjanna.
- 1945 Chile, Ekvador og Perú ganga í Sameinuðu þjóðirnar.
- 1994 Rússneski fjöldamorðinginn Andrei Tsjikatilo er tekinn af lífi.
- 1994 Björk Guðmundsdóttir er valin besta alþjóðlega söngkonan og besti nýliðinn á Brit-tónlistarhátíðinni.
- 1981 48 látast í bruna á skemmtistað í Dublin á Írlandi.

DOKTOR.IS: Á TÍU ÁRA STARFSAFMÆLI Á ÁRINU

Allt um heilsu á einum stað

Unnur Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, er ritstjóri Doktor.is sem um þessar mundir fagnar tíu ára afmæli sínu. Doktor.is hefur vaxið og dafnað og er nú stærsti heilsuvefur landsins.

„Heilsuverndarstöðin á og rekur Doktor.is og allt efni sem er á vefnum er skrifað af sérfræðingum. Ég sem ritstjóri sé um allt efni sem fer inn á vefinn og er hann uppfærður daglega,“ segir Unnur.

Á Doktor.is getur fólk aflað sér upplýsinga um heilsuvernd en auk þess geta lesendur sent inn fyrirspurnir sem eru spyrjandanum og öðrum til gagns.

Unnur svarar mikið til fyrirspurnum sjálf en leitar til sérfræðinga þar sem við á. Margir sérfræðingar sjá einnig um að svara fyrirspurnum. „Það verður að taka það fram að á vefnum er aldrei hægt að rekja fyrirspurnir til viðkomandi aðila. Öll umsýsla og efni er í mínum höndum,“ segir Unnur.

Doktor.is fær um 16 þúsund heimsóknir á viku og stærsti hópurinn sem heimsækir vefinn eru ungar konar. Unnur nefnir að áskrifendur að Doktor.is séu á öllum aldri.

„Við höfum tekið vefinn algjörlega í gegn, hann fékk nýtt útlit og innihald hans hefur verið mikið endurbætt. Allt þetta hefur verið gert til að auðvelda almenningi aðgang að þeim fjölbreyttu upplýsingum sem vefurinn hefur að geyma. Einnig hafa verið settar inn nýjungar á vefinn,“ segir Unnur.

Helsta nýjungin er Heilsudagbók-in þar sem áskrifendum gefst kostur á að setja inn heilsufarsupplýsingar, til dæmis um hæð og þyngd og geta sett sér út frá því heilsutengd markmið og fylgst með árangrinum bæði á tölulegan og myndrænan hátt. Vefurinn er opin öllum til lestrar en aðeins áskrifendur geta prentað út greinar, sent inn fyrirspurnir og skráð sig í Heilsudagbókina.

Saga Doktor.is hófst árið 1998 þegar hann var stofnaður af þremur íslenskum læknum sem voru við nám í Danmörku. Fyrirmynd vefsins er frá Skandinavíu og í upphafi hét vefurinn netdoktor.is. Frá 1998 hafi ýmsir aðilar komið að Doktor.is en í dag á og rekur Heilsuverndarstöðin vefinn en hún veitir þjónustu á sviði heilsuverndar, vinnuverndar og heilbrigðisþjónustu.



Unnur Jónsdóttir hefur verið ritstjóri Doktor.is í eitt ár. Síðustu tíu ár hafa hjúkrunarfræðingar sinnt starfi ritstjóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Allt efni og greinar Doktor.is eru á íslensku og er markmiðið að auðvelda öllum þeim sem heimsækja vefinn að nálgast efnið.

Lyfjaskrá á Doktor.is er mjög ítarleg. „Lyfjabókin á vefnum er ný, um er að ræða lyfjaskrá sem er uppfærð mánaðarlega og þar er alltaf hægt að nálgast nýjustu upplýsingar um öll þau lyf sem eru til sölu á Íslandi,“ segir Unnur. Hún

segir að markmið vefsins sé þó ekki að fólk hætti að leita til fagaðila. „Ég lít fyrst og fremst á Doktor.is sem heilsuvef með upplýsingum um heilbrigði en við tökum það skýrt fram að vefurinn kemur í aldrei í staðinn fyrir heimsókn á heilsugæslustöðvar eða til læknis.“

Unnur segir að vefurinn muni halda áfram að vaxa og þjóna lesendum sínum.

mikael@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,

Gunnar Ingi Ingimundarson

Faxabraut 31 b, Keflavík,

lést á Líknardeild Landspítalans 10. febrúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 19. febrúar kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnst Gunnars er bent á styrktarreiðing í Sparisjóði Keflavíkur. 1109-05-412412 kt. 030268-5129.

Linda Gústafsdóttir

Sara María Gunnarsdóttir Egill Ragnar Brynjarsson
Guðjón Ingi Gunnarsson
Unnur Ágústa Gunnarsdóttir
Sverrir Svanhólm Gunnarsson
Ragna Kristín Árnadóttir
Unnur Guðjónsdóttir Sverrir Jónsson
Gústaf Adólf Ólafsson
systkini og fjölskyldur.



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi, langafi og sambýlismaður,

Haraldur Guðmundsson

skipstjóri, Grundarbraut 5, Ólafsvík,

verður jarðsönginn frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 16. febrúar kl. 14.00. Sætaferðir verða frá Umferðarmidstöðinni (BSÍ) kl. 10.30.

Fyrir hönd aðstandenda,
Pétur Haraldsson.



Ástkær maðurinn minn og faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhann Tómas Egilsson

frá Akureyri, fyrrverandi útibússtjóri, Lækjarsmára 6, Kópavogi,

lést á Hjúkrunarheimilinu EIR laugardaginn 9. febrúar. Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju í Reykjavík föstudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

Björg Jónsdóttir Ólafur H. Torfason
Sigríður Dóra Jóhannsdóttir Kristín Gunnarsdóttir
Egill Jóhannsson Ane Mette Sørensen
Örn Jóhannsson
barnabörn og barnabarnabörn.

FEBRÚARTILBOÐ

á legsteinum og fylgihlutum

10-50% afsláttur

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ósk Ágústsdóttir

frá Reykjum í Hrutafirði,

andaðist á sjúkrahúsinu Hvammstanga 8. febrúar. Útför hennar fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 14.00 Jarðset verður í Staðarkirkjugarði. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Sjúkrahúsið á Hvammstanga.

Guðrún Einarsdóttir Guðjón Sigurðsson
Þóra Jóna Einarsdóttir Karl Emil Ólafsson
Helga Einarsdóttir Ásbjörn Björnsson
Jóhanna G. Einarsdóttir Halldór Ari Brynjólfsson
Þórhildur Rut Einarsdóttir Hallgrímur Bogason
Hulda Einarsdóttir Ólafur H. Stefánsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Albert Hólm Porkelsson

bakameistari, frá Siglufirði, Kveldúlfsgötu 22, Borgarnesi,

andaðist þriðjudaginn 12. febrúar á Sjúkrahúsi Akraness.

Sigríður Guðmundsdóttir

Ágústína Albertsdóttir Sigurður Arason
Katrín Albertsdóttir Loftur Jóhannsson
Kristján Þorkell Albertsson Elín Ebba Guðjónsdóttir
Annabella Albertsdóttir Sigurgeir Óskar Erlendsson
afa- og langafabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

FERMINGAR TILBOÐ

REYKJAVÍK



Í ÖLLUM VERSLUNUM TÖLVULISTANS

ACER ASPIRE 5720Z

Örgjörvi	1.46GHz Intel Core Duo T2310 1MB flýtiminni, 533FSB
Minni	2GB Dual DDR2 667MHz Stækkanlegt í 4GB
Harður diskur	250GB SATA hljóðlátur diskur 5400RPM og 8MB buffer
Skrifari	8xDVD±RW DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár	15.4" WXGA WideScreen skjár Breiðljáðsskjár með CrystalBrite
Skjækort	384MB Intel GMA X3100 stýður TurboCache allt upp í 896
Hátalarar	Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Þráðlaust	54Mbps þráðlaust netkort Innbyggð 802.11g með loftmeti í skjá
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Einnig innbyggð 56k mótald
Stýrikerfi	Windows Vista Home Premium Óruggara og öflugra
Annað	Aðeins 2.8kg með rafhlöðu Rafhlöðuending allt að 2.5 tímar

WINDOWS VISTA

Tölvan er uppsett með Windows Vista Home Premium ásamt öllum uppfærslum og er tilbúin til notkunar



8X DVD ± SKRIFARI

Vandaður 8xDVD Dual Layer skrifari sem les og skrifar bæði DVD og venjulega geisladiska



VEFMYNDAVÉL

Skýr og góð 0.3MP Acer CrystalEye vefmyndavél innbyggð í skjáinn sem virkar vel með msn og skype



FRÁ
2.947
Á MÁNUÐI KR

VERÐ 89.900

ASUS EEEPC 2G SURF



7"
JAFN STÓR
OG ÁS BLÁÐ
FARTÖLVA

900 MHz Intel Celeron Mobile ULV 353 örgjörvi
512MB DDR minni • 2GB solid-state harður diskur
7" TFT LCD skjár sem stýður 800x480 upplausn • 128MB
DVMT3 Intel GMA900 skjækort • Kortalesari • 0.9 KG að þyngd
VGA tengi • Sérhannað Linux kerfi að nafni Xandrox

VERÐ 28.900

MSI PR200 BLEIK



FRÁ
3.547
Á MÁNUÐI KR

1.5GHz Core 2 Duo T5250 - örgjörvi með 2MB flýtiminni
2GB DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harður diskur
DVD±/DL skrifari • 12,1" WXGA WideScreen skjár
Intel GMA X3100 PCI-Ex skjækort • 4 in 1 kortalesari
Bluetooth • 1.3MP myndavél • Windows Vista Home Premium

VERÐ 109.900

ACER 5920G-60



FRÁ
4.447
Á MÁNUÐI KR

2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 - 4MB flýtiminni
2GB Dual DDR2 minni • 250GB SATA 5400RPM harður diskur
DVD±/DL skrifari • 15.4" WXGA WideScreen CrystalBrite skjár
512MB DDR Geforce 8600GT skjækort • 5 in 1 kortalesari
Bluetooth • 0.3MP myndavél • Windows Vista Home Premium

VERÐ 139.900

ACER 7720G-60




FRÁ
4.747
Á MÁNUÐI KR

2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 örgjörvi með 4MB flýtiminni
2GB DDR2 667MHz minni • 320GB SATA harður diskur
DVD±/DL skrifari • 17" WXGA WideScreen CrystalBrite skjár
256MB DDR Geforce 8400 skjækort • 5 in 1 kortalesari
Bluetooth • 0.3MP myndavél • Windows Vista Home Premium

VERÐ 149.900

TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ



REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMÍÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765
SELFOSS • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | ÞJÓNUSTUDEILD • HÁTÚN 6A • S: 414 1720

Þetta er þýðing um þýðing, innviðarvillur og myndavél. Upphæðin er meðdrögð á mánuði og er miðað við 48 mánaðaþjónu. 3.5% stimpil og forsendu-gjöld ásamt vörum er innifalið. Verð er samkvæmt ákvarðun TL á hverjum tíma og er minn 19.50%.



Vilt þú efla orkuna og komast í betra form?



Goran Superform er 4 vikna heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun. Þú tekur hröðum framförum og stígur örugg skref í átt að líkamlegri vellíðan.

Námskeiðin byrja 18. febrúar
– kl. 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30

Grand Spa er með bestu og glæsilegustu heilsulindum landsins og býður viðskiptavinum sínum upp á heildræna slökun, snyrtimeðferðir og líkamsrækt. Þar starfa einstaklingar sem eru í fremstu röð á sínu sviði og leggja sig fram við að veita þér framúrskarandi þjónustu.



Nudd – fullkominn streitubani

La Mer snyrtistofa – einstakar snyrti- og húðmeðferðir

Technogym – nýjustu og bestu líkamsræktartækin

Kinesis æfingakerfi – eykur styrk, jafnvægi og liðleika

Goran Superform – örugg en einföld skref í átt að líkamlegri vellíðan

Ski fitness – góð líkamsþjálfun sem hjálpar þér að ráða við brekkurnar í frínu

Golf fitness – stuðlar að mýkri sveiflu og betri liðan

Dansþjálfun – skemmtileg og ögrandi líkamsrækt fyrir einstaklinga á öllum aldri

Slökunarrými – gufubað, sauna og nuddpottur, þar sem þú færð háls- og herðanudd

Árskorti Grand Spa fylgir slysatrygging iðkenda frá Sjóvá.

SJÓVÁ

Grand Spa | Grand hótél | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík
Sími 578 8200 | www.grandspa.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Ást er...sjálfsfórn

ROALD VIÐAR EYVINDSSON LÆRÐI ÝMISLEGT UM ÁSTINA AF VINI SÍNUM



Við vinur minn vorum að ræða um ástina og hvaða merkingu hún hefði. Vinurinn sagðist þá hafa komist að þeirri niðurstöðu að ástin væri samofin fórninni. Þegar ég spurði hvað hann meinti eiginlega tók hann eftirtalin dæmi.

Ást er... að láta sig hafa það að vakna við upphafslagið úr Miss Saigon á hverjum einasta morgni í heilt ár til þess eins að ganga í augun á manneskjunnri sem maður elskar heitt, þrátt fyrir að hafa megnustu óbeit á flestum söngleikjum.

Ást er... að bjóða þeim sem maður

elskar á söngvamyndina Chicago í bíó og sitja skælbrosandi undir dansandi sirkus í tvo klukkutíma þrátt fyrir að vera farinn að hata söngleiki af öllum lífs- og sálar-kröftum.

Ást er... að bera harm sinn í hljóði þegar sá sem maður elskar heitt syngur hástöfum lög úr söngleikjum í tíma og ótíma. Lög sem maður þolir ekki lengur fyrir sitt litla líf og hefur oft beðið viðkomandi um að syngja ekki þegar maður er heima.

Ást er... að pína ofan í sig fullt fat af slímugum kolkrabbaöngum þrátt fyrir að vita fátt eins ógeðslegt og vera að því kominn að æla af viðbjóði, til þess að móðga ekki spænskan auðjöfur sem aðilinn

sem maður elskar á í viðskiptum við.

Ást er... að taka til sama draslið dag eftir dag eftir manneskjuna sem maður elskar og minna sig á við hvern táfylusokk sem tínist til ofan í óhreinakörfu að maður ætlar að verja ævinni með þessari himnesku veru. Þótt hún sé oggulftill draslari.

Ást er... að leysa ekki loft fyrstu tvö árin í sambúð með þeim sem maður elskar, nema til að andvarpa og þá ekki af uppgjöf heldur af hreinskærri ást. Prumpa svo á bak við hurð eftir það þótt hinn láti allt gossa.

Þannig kenndi vinurinn mér að ást án sjálfsfórnar er merkingarleysa.

myndasögur

■ Pondus



Rólegur, rólegur, rólegur, rólegur, rólegur!



Eftir Frode Øverli

■ Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

■ Kjölturakkar



Eftir Patrick McDonnell

■ Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

BT

PS3/XBOX 360 **6.999** ISLENSKUR TEXTI ISLENSKT TAL

DVD **2.299** FYLGIR

AÐEINS BROTT AF ÚRVALINU

PS3/XBOX 360 **6.999** PS3/XBOX 360 **6.999** DVD **1.999** DVD **2.299** FYLGIR

PC **4.999** PS3/XBOX 360 **6.999** DVD **1.499** DVD **2.299** FYLGIR

LEIKJAVÉLARNAR FÁST Í BT

SONY
943075
SONY PLAYSTATION 3 40GB

44.999

Xbox 360 Elite
Þyngd aðeins: 132 gr.

47.999

Bergþóra heiðruð í Salnum

Á morgun hefði söngvaskáldið og baráttukonan Bergþóra Árnadóttir fagnað 60 ára afmæli sínu, en hún lést fyrir aldur fram í fyrra.

Í tilefni afmælisins verða haldnir tónleikar til minningar um Bergþóru og fara þeir fram í Salnum, Hamraborg 6, annað kvöld kl. 20.30. Margir af okkar hæfileikaríkustu söngvurum og hljóðfæraleikurum munu klæða tímalaus lög Bergþóru í nýjan og persónulegan búning. Þeirra á



RAGNHEIÐUR GRÖNDAL Hún kemur fram á tónleikunum.

meðal eru Ragnheiður Gröndal, Magga Stína, Lay Low, Hansa, Svavar Knútur, Jónas Sigurðsson, Hjörleifur Valsón, Tatu Kantomaa, Björgvin Gíslason, Birgir Bragason, Ástvaldur Traustason, Steingrímur Guðmundsson og fleiri. Það er Hjörleifur Valsón sem hefur veg og vanda af skipulagningu tónleikanna en hann var nánin vinur og samstarfsmaður Bergþóru. Miðaverð er 2.700 kr.



VIÐ HÖFNINA Ein af ljósmyndum Guðmundar W. Vilhjálmssonar.

Varðveisla minninga

Sýningin Minningar í myndum opnar í sýningarrýminu Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag. Á sýningunni má berja augum 30 til 50 ára gamlar ljósmyndir eftir Guðmund W. Vilhjálmsson.

Guðmundur hefur tekið ljósmyndir í rúm 50 ár. Hann var félagi í „Litla ljósmyndaklúbbnum“ og átti myndir á frægri sýningu í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1961. Sýningin sýnir brátt blað í sögu ljósmyndunar á Íslandi þar sem myndirnar voru óhlutbundnar, en fram að því hafði ekki verið hefð fyrir slíkri nálgun á ljósmyndatökur hér á landi.

Fyrir myndirnar sem Guðmundur sýnir nú í Ljósmyndasafni Reykjavíkur hefur hann víða leitað fanga og má sjá í þeim ýmis viðfangsefni og nálganir. „Á sýningunni eru myndirnar annars vegar prentaðar og hengdar á vegg en einnig sýndar á skjá. Myndirnar

sem birtast á skjánum eru mestmegnis gamlar Reykjavíkumyndir en þær sem á veggjunum hanga eru ljósmyndir frá höfninni og frá Hveravöllum. Á þessum síðarnefndu myndum er nokkuð um óhlutbundin viðfangsefni; ég tek til að mynda ljósmyndir af oliuskellum á sjónum og af fornum sem birtast í náttúrunni,“ segir Guðmundur aðspurður um viðfangsefni sýningarinnar.

Náttúran hefur lengi veitt Guðmundi innblástur í listsköpun sinni, jafnt í ljósmyndun sem í málara-list. „Ég fór að mála fyrir þrjátíu eða fjörutíu árum og geri meira af því núorðið en að taka ljósmyndir. Málverkin mín eru algerlega óhlutbundin, en þau eiga það sameiginlegt með ljósmyndunum að náttúran er ein af mínum helstu uppsprettum innblásturs. Náttúran inniheldur auðvitað öll heimsins form og tekur stöðugum breytingum þannig að maður uppgötvar í sífelli eitthvað nýtt, til dæmis í leik ljóss og skugga.“

Heimur ljósmyndarinnar hefur

tekið stakkaskiptum undanfarinn áratug eða svo við uppgang stafrænnar tækni. Guðmundur segist hafa gaman af að prófa sig áfram með þá möguleika sem þessi nýja tækni veitir ljósmyndurum. „Þegar ég var að byrja að taka ljósmyndir var bara til svart-hvít filma og við framkölluðum myndirnar í myrkraherbergjum. Þetta var að sjálf-sögðu mun meiri vinna en fer í þetta ferli í dag þegar maður getur hlaðið myndunum jafnóðum inn í tölvuna. Ég hef nokkuð gaman af að taka stafrænar myndir, en ekki þykir mér síður gaman að geta unnið með gömlu ljósmyndirnar mínar í forritum á borð við Photoshop. Myndirnar á sýningunni voru upphaflega allar teknar á Kodachrome-filmu en öðluðust nýtt líf með aðstoð skanna og tölvu. Það voru sannarlega ánægjulegir endurfundir að vinna með þær að nýju,“ segir Guðmundur að lokum.

Sýningin Minningar í myndum stendur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, fram til 8. apríl. vigdis@frettabladid.is

GAMANÓPERAN
SÍGAUNABARÓNINN
EFTIR JOHANN STRAUSS - Íslensk þýðing: Egill Bjarnason og Þorsteinn Gylfason
Í GAMLA MJÓLKURSAMLAGINU BORGARNESI
La. 16. feb. kl. 20.00 - UPPSELT
Su. 17. feb. kl. 20.00 - UPPSELT
Þr. 19. feb. kl. 20.00 - UPPSELT
Fi. 21. feb. kl. 20.00 - LAUS SÆTI
Fö. 22. feb. kl. 20.00 - ÖRFÁ LAUS
Su. 24. feb. kl. 20.00 - LAUS SÆTI
Miðapantanir 437 1598 • tskb@simnet.is • Uppl.: www.borgarbyggd.is

Þjóðleikhúsið um helgina
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30-18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30-20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Sólarferð e. Guðmund Steinsson
frumsýn. 15/2 uppselt, 16/2 uppselt
Baðstofan e. Hugleik Dagsson
sýn. 14/2, 15/2, 16/2 örfá sæti laus
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. 15/2 og 16/2 örfá sæti laus
Gott kvöld e. Áslaugu Jónsdóttur
17/2 kl. 13.30 og 15
allra síðustu sýningar
Skilaboðaskjóðan 17/2 örfá sæti laus

Salurinn
FÖSTUDAG 15. FEB KL. 20:30
BERGÞÓRA ÁRNADÓTTIR 60 ÁRA
Minningartónleikar um söngvaskáldið ÖRFÁ SÆTI LAUS
SUNNUDAG 17. FEBRÚAR KL. 20
ÞJÓÐARGJÖF TIL ÍSLENDINGA
Einn fremsti kammerkór heims.
NOKKUR SÆTI LAUS
ÞRIÐJUDAG 19. FEBRÚAR KL. 20
DENIS BOURIAKOV OG
VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON
Tvær rísandi stjörnur.
ÖRFÁ SÆTI LAUS
BYR SPARRIÐJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

ÁST í samstarfi við Vesturport
27. febrúar
28. febrúar
2. mars
SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

ÍSLENSK ÆTTLEIÐING
30 ÁRA
Öllum fjölskyldum sem ættleitt hafa með milligöngu félagsins er boðið í afmælisfagnað
17. febrúar nk. í Haukahúsinu að Ásvöllum í Hafnarfirði kl. 15-17

HALLA & KÁRI
KOLSVARTUR GAMANLEIKUR EFTIR HAVAR SIGURJÓNSSON

„Frumkýning í Hafnarfjarðarleikhúsinu er alltaf tilhlökkunarefni. Í þetta sinn stígu flinkir leikarar á svið með skemmtilega sýningu.“
Elisabet Brekkan, Fréttablaðið.
„Hjálmar Hjálmarsson fer á kostum í hlutverki sjónvarpsins“
„... get ég ekki annað en mælt með sýningunni, sem er troðfull af skemmtilegum atriðum ...“
Martin Regal, Morgunblaðið.
„... konan sem sat tveim sætum frá mér hló oft hátt og snjallt. Og ég er viss um að hún var í raun og veru að skemmta sér...“
Jón Viðar Jónsson, DV.
Næstu sýningar:
Lau. 9. febr. Kl. 20.00
Lau. 16. febr. Kl. 20.00
Lau. 23. febr. Kl. 20.00
Lau. 1. mars. Kl. 20.00
HAFNARFIJARDAR LEIKHUSÍÐ
Miðasala: 555 2222. www.midi.is

Auðmýkt Birgis í Turpentine

Auðmýkt er heiti myndlistarsýningar Birgis Snæbjarnar Birgissonar sem opnar í hinu framsækna Gallery Turpentine á morgun kl. 18.

Í fréttatilkynningu frá Gallery Turpentine er eftirfarandi texti frá listamanninum sjálfum: „Þetta eru verk sem byggja á nokkrum postulínsstytum sem ég hef fundið og málað. Ég hef átt farsælt samstarf með Vigfúsi Birgissyni ljósmyndara og í sameiningu hefur okkur tekist að



skapa heim eða andrúm í kringum þessar stytur. Andrúm sem á í raun fátt skylt við ljósmyndir og er einnig komið ansi langt frá upprunalega hlutum. Það gerist eitthvað þarna í ferlinu. Postulínið fer frá því að vera kalt og glansandi yfir í að verða matt og loftkennt þegar það er málað með olíu-

POSTULÍN Eitt af verkum Birgis Snæbjarnar Birgissonar á sýningunni í Gallery Turpentine.

litunum. Þegar við svo ljósmyndum stytturnar verður til eitthvað allt annað. Útkoman er líkust stefnumóti mildi og mýktar. Verkin eru ný en postulíninu hef ég verið að safna undanfarin ár og geri áfram.“

Ekki er langt síðan sýningu Birgis Snæbjarnar, Ljósærð ungrú heimur 1951-, lauk á Kjarvalsstöðum, en sýning sú hlaut mikið lof gagnrýnenda og annarra sýningargesta. Sýningin í Turpentine er þó býsna ólík þeirri sýningu; beitt er annarri tækni við gerð verkanna en jafnframt einkennist viðfangsefnið af meiri auðmýkt.

Sýningin stendur í Gallery Turpentine til 1. mars.

- vp

Tillögur um Vatnsmýri

Sýning á 136 tillögum sem bárust í hugmyndasamkeppni um skipulag Vatnsmýrarinnar verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í dag kl. 17. Fyrir um daginn verða kynntar á sama stað niðurstöður úr hugmyndasamkeppninni og þær sjö tillögur sem þóttu skara fram úr verðlaunaðar. Í kvöld kl. 20 munu svo uppboðshaldarar taka Hafnarhúsið yfir og efna til uppboðs á lóðum í Vatnsmýrinni þar sem fólki gefst færi á að festa sér afmarkaða lóð samkvæmt skipulagi vinningstillögunnar. Engar kvaðir fylgja þátttöku í uppboðinu, heldur er um að ræða hressilegan leik þar sem búast má við miklu kapphlaupi um bestu bitana.

Keppnin um skipulag Vatnsmýrarinnar hófst í lok mars 2007 og var þátttaka heimil fagfólki í arkitektúr og skipulagi um allan heim. Mikill áhugi reyndist vera á keppninni enda óvenjulegt að kallað sé eftir hugmyndum um



VATNSMÝRIN Hvernig er best að skipuleggja þetta svæði?

svo stórt svæði nálægt miðbæjar-kjarna höfuðborgar. Keppendur höfðu aðgang að umfangsmiklum gögnum um skipulagsforsendur svæðisins, ásamt skýrslum um samráð við borgarbúa og hagsmunaaðila um þá möguleika sem Vatnsmýrin kynnir að bjóða upp á. Í forsendum var ekki tekin afstaða

til þess hvort flugvöllur væri áfram á svæðinu heldur kallað eftir hugmyndum um þróunarmöguleika. Sýningarstjóri er Guja Dögg Hauksdóttir deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur.

Samhliða sýningunni kemur út vegleg bók með öllum tillögnum.

A&A

Arnason & Andonov ehf.
Frimerkjasala, mynt/veðla og málverkauppboð
Stamps, Currency and Art Auctions

Uppboð 17. febrúar í IÐNÓ við tjörnina.

Uppboðsdagskrá:

- | | |
|------------------|-------------------------------------|
| 1 hluti kl 12:00 | Frímerki. |
| 2 hluti kl 13:30 | Póstkort og mynt. |
| 3 hluti kl 14:30 | Póstkortasafn Sigurðar Örylgssonar. |
| 4 hluti kl 17:00 | Bækur, málverk og aðrir listmunir. |

Allir velkomnir!

Arnason & Andonov ehf., Austurströnd 1, 170 Seltjarnarnes
s.551-05 50, aa-auctions@simnet.is, www.aa-auctions.is

Uppboðshlutir til sýnis fimmtudag 14 og föstudag 15 frá kl. 10-18, og laugardag frá kl. 10-16 á Austurströndinni. Einnig á vefnum ásamt uppboðsskilmálum.

Draumasmiðjan í samstarfi við Leikfélag Reykjavíkur og Íslenska dansflokkinn:



ÓPELLÓ, DESDEMÓNA OG JAGÓ

Synt í Borgarleikhúsinu

[1d]

BORGARLEIKHÚSIÐ



14. - 21.

FEBRÚAR Í HAFNARHÚSINU

VATNSMÝRI 102 REYKJAVÍK

NIÐURSTÖÐUR ÚR HUGMYNDA-SAMKEPPNI UM VATNSMÝRI

Dagskrá yfir sýningardagana

14. febrúar – fimmtudagur

kl 20 Viðburður: Opið „uppboð“ á lóðum í Vatnsmýri með hliðsjón af vinningstillögu úr samkeppninni. Umsjón Guja Dögg Hauksdóttir deildarstjóri byggingarlistardeildar og sýningarstjóri.

15. febrúar – föstudagur

kl 16 Kynning og pallborð: Verðlaunahafar kynna tillögur sínar og dómnefnd gerir grein fyrir niðurstöðum sínum og í kjölfarið verða opnar pallborðsumræður um framtíðarsýn og skipulag borgar í Vatnsmýrinni.

16. febrúar – laugardagur

kl 14 Leiðsögn: Guja Dögg Hauksdóttir deildarstjóri byggingarlistardeildar og sýningarstjóri annast leiðsögn um sýninguna.

17. febrúar – sunnudagur

kl 14 Leiðsögn: Steve Christer arkitekt og dómnefndarmaður annast leiðsögn um sýninguna.

21. febrúar – fimmtudagur

kl 17 Fyrirlestur: Massimo Santanicchia arkitekt fjallar um fagurfræði og tíðaranda í skipulagi borga.

Aðgangur
ókeypis
Free
admission

Reykjavíkurborg


Listasafn Reykjavíkur
Reykjavik Art Museum



Spjalla saman um bíómyndir

> NÝR HRYLLINGUR FRÁ CRAVEN

Næsta hryllingsmynd Wes Craven, leikstjóra *Scream* og *Nightmare on Elm Street*, nefnist *25/8*. Fjallar hún um brjálæðing sem snýr aftur fimmtán árum eftir að hann var talinn af og fer að brytja niður unglinga fædda 25. ágúst. Tökur hefjast í apríl.



bíó

bio@frettabladid.is

Þátturinn *Bíótal* hefur verið sýndur á heimasíðunni *Kvikmyndir.is* síðan um miðjan desember í fyrra. Umsjónarmenn síðunnar eru kvikmyndanirðirnir Tómas Valgeirsson og Sindri Grétarsson.

„Þegar það var nýbúið að opna nýjan vef hjá *Kvikmyndir.is* í lok nóvember langaði okkur að setja mikið af nýjungum inn. Við vissum að það væri videóspilari á síðunni og fannst gaman að hafa gagnrýni á honum,“ segir Tómas. „Ég fékk hugmyndina frá þáttum sem voru til fyrir áratug sem hétu *Taka 2* sem Guðni Elísson sá um. Ég var tiltululega ungur þegar ég sá þá en hafði rosalega gaman af þeim og þeir höfðu mikil áhrif á bíóvalið mitt.“

Tómas kynntist Sindra er þeir skrif-

uðu báðir umfjallanir á gömlu *Kvikmyndir.is*-síðunni. „Við vorum aktívir gagnrýnendur en bara sem venjulegir notendur og kynntumst í gegnum það.“

Sindri hefur nýlokið námi við Kvikmyndaskóla Íslands en Tómas hefur aftur á móti starfað sjálfstætt við myndbandavinnslu í tæp fimm ár. Hann nefnir David Fincher og Coenbræður sem uppáhaldsleikstjórana sína. „Í nýjasta þættinum á síðunni erum við að fjalla um gamlar Coenmyndir, ásamt þeirri nýjustu, *No Country for Old Men*. Hún er besta myndin sem ég hef séð af þessum Óskarskandíðötum. Ef þeir vinna vona ég bara að það komi þeim ekki í „mainstreamið“ í framhaldinu.“ - fb



TÓMAS OG SINDRI Umsjónarmenn *Bíótal*s heita Tómas Valgeirsson og Sindri Grétarsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRUMSÝNDAR UM HELGINA



Jumper

Jumper, sem er heimsfrumsýnd hérlendis, fjallar um fólk með yfirnáttúrulega krafta sem getur farið hvert sem er, hvenær sem er. Fólkíð kallast Stökkvarar og er hundelt af ráðandi öflum sem vilja ekkert með það hafa.

Leikstjóri: Doug Liman (*Bourne Identity*, *Mr. & Mrs. Smith*).

Aðalhlutverk: Hayden Christiansen, Samuel L. Jackson og Jamie Bell.

Before The Devil Knows You're Dead

Þeir eru ekki af verri endanum leikararnir í glæpamyndinni *Before The Devil Knows You're Dead* sem Græna ljósið sýnir. Myndin hefur fengið góða dóma og þykir sanna að leikstjórinn Sidney Lumet hafi engu gleymt.

Leikstjóri: Sidney Lumet (*Dog Day Afternoon*, *Serpico*)

Aðalhlutverk: Philip Seymour Hoffman, Ethan Hawke, Marisa Tomey og Albert Finney.

Dómur IMBD: 7,7/10.

Mr. Magorium's Wonder Emporium

Þessi fjölskyldumynd fjallar um herra Magorium sem ákveður að erfa verslunarstjórnann Molly Mahoney að flottustu leikfangabúð í heimi, henni til mikillar armæðu.

Leikstjóri: Zach Helm.

Aðalhlutverk: Dustin Hoffman, Natalie Portman og Jason Bateman.

Dómur IMBD: 6,3/10.

Lovewrecked

Eftir siglingu á Karíbahafinu lendir Jenny á eyðilegri strönd með átrúnaðargoði sínu Jason Masters. Þegar hún kemst að því að ströndin er skammt frá hóteli þeirra ákveður hún að halda því leyndu fyrir stóru ástinni sinni.

Leikstjóri: Randal Kleiser (*Grease*, *The Blue Lagoon*).

Aðalhlutverk: Amanda Bynes og Chris Carmack.

Dómur IMBD: 4,9/10



INTO THE WILD Emilie Hirsch leikur hinn efnilega Christopher McCandless sem stakk óvænt af í óbyggðir Alaska.

Einn í óbyggðum Alaska

Kvikmyndin *Into the Wild* í leikstjórn Seans Penn verður frumsýnd á morgun. Myndin er sannsöguleg og segir frá liðlega tvítugum strák sem losaði sig óvænt við allar sínar eigur og hélt af stað út í óbyggðir Alaska.

Christopher McCandless var afburðanemandi og góður íþróttamaður í Emory-háskólanum í Atlanta. Eftir að hafa útskrifast 1992 ákvað hann óvænt að losa sig við allar sínar veraldlegu eigur, gefa ævisparnað sinn sem nam rúmri einni og hálfri milljón til góðgerðamála og halda af stað á puttanum til Alaska, án vitneskju foreldra sinna. Þar ætlaði hann sér að lifa aleinn í óbyggðunum.

Barátta við náttúruöflin

Á leið sinni þangað hitti hann fyrir margar undarlegar manneskjur sem höfðu mikil áhrif á hann og hafði hann vafalítið einnig áhrif á þær með þeirri ákvörðun sinni að umbylta lífi sínu.

Þegar hann komst loksins til Alaska byrjaði hættaferin fyrir alvöru og hann komst að því að baráttan við náttúruöflin er enginn hæðgarleikur.

Uppreisn gegn ströngum föður

Into the Wild er byggð á metsölu-bók rithöfundarins og fjallagarpsins Jon Krakauer sem spyr sig í bókinni hvernig þessi ungi og efnilegi piltur gat einfaldlega gengið í burtu frá lífi sínu út í óvissuna. Í bókinni segir Krakauer frá deilum McCandless við föður sinn, Walt, sem var verkfræðingur og starfaði við geimvísindi. Líkir hann sambandi

þeirra við það þegar hann sjálfur, að hluta til í uppreisn gegn ströngum föður sínum, kleif fjallið Devils Thumb við landamæri Alaska og Bresku Kólumbíu árið 1977.

Fjórða mynd Penns

Into the Wild, sem hefur verið tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna, er fjórða myndin sem Sean Penn leikstýrir. Síðast sendi hann frá sér *The Pledge* með Jack Nicholson í aðalhlutverki en þar áður gerði hann *The Crossing Guard*, einnig með Nicholson, og *The Indian Runner*.

Með aðalhlutverki í *Into the Wild* fer Emilie Hirsch sem margir muna eflaust eftir úr *The Girl Next Door*. Þykir hann eiga framtíðina fyrir sér í Hollywood, sérstaklega eftir góða frammistöðu sína sem ævintýramaðurinn McCandless. frey@frettabladid.is

Þriggja mánaða verkfalli lokið

Þriggja mánaða verkfall handritshöfunda í Hollywood er á enda runnið eftir atkvæðagreiðslu sem fór fram á þriðjudag. Þá ákvaðu handritshöfundar með miklum meirihluta, eða 92,5 prósentum atkvæða, að hefja störf á nýjan leik.

Þetta þýðir að Óskarsverðlaunin verða haldin með hefðbundnum hætti í ár, auk þess sem framleiðsla á hinum ýmsu sjónvarpsþáttum kemst á skrið á nýjan leik. Margir óttuðust að örlög Óskarsins yrðu þau sömu og Golden Globe-hátíðarinnar, þar sem nöfn verðlaunahafanna voru lesin upp á hálf tímalöngum blaðamannafundi. „Ég er í skýjunum yfir því að áttugasta Óskarsverðlaunahátíðin verði haldin af fullum krafti,“ sagði Sid Ganis, forseti Óskarsakademíunnar um tíðindin.

Handritshöfundarnir höfðu

krafist þess að fá meiri laun fyrir það myndefni sem er selt á DVD-mynddiskum og á netinu. Á sunnudag náðu þeir loks samkomulagi við framleiðendur sem nú er komið í gildi. „Á endanum unnu allir aðilar. Þetta var sanngjarn samningur sem framleiðslufyrirtækin geta sett sig við auk þess sem hann virðir hið mikla framlag handritshöfunda til iðnaðarins,“ sagði Leslei Noonves, yfirmaður hjá CBS-sjónvarpsstöðinni.

Verkfallið lamaði efnahag Los Angeles svo um munaði. Talið er að það hafi kostað sýsluna um 214 milljarða króna bæði í beinum og óbeinum tekjum enda fer þar fram mesta sjónvarps- og kvikmyndaframleiðsla landsins.

ÓSKARINN Óskarsverðlaunahátíðin verður haldin með hefðbundnum hætti í ár, mörgum til mikils léttis.



NÝTT OG BETRA HÁSKÓLABÍÓ!



Framundan frábærar myndir!




Horton



Semi Pro



Indjana Jones



Sex and the City



Flugdreka hlauparinn

SENA BÝÐUR HÁSKÓLABÍÓ
VELKOMIÐ Í HÓP BETRI KVIKMYNDAHÚSA LANDSINS

SMÁRA BÍÓ

REGNBOGINN

HÁSKÓLABÍÓ

BORGAR BÍÓ

Dagur elskenda – Stjanaðu við ástina

Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt

Valentínusar-
dagurinn

2.998 kr/kg

Verð áður 3.846.-

Innfluttar nautalundir
- úr kjötbörði

30%
afsláttur
við kassa

1.609 kr/kg

Merkt verð 2.298.-

Íslenskt nautasnitsef
- pakkað

30%
afsláttur
við kassa

1.609 kr/kg

Merkt verð 2.298.-

Íslenskt nautagúllas
- pakkað

30%
afsláttur
við kassa

909 kr/kg

Merkt verð 1.298.-

Íslenskt nautahakk
- pakkað

30%
afsláttur
við kassa

335 kr/pk

Merkt verð 479.-

Hamborgarar
- 4 stk. með brauði



35%
afsláttur
við kassa

Pipp ís, Tromp ís,
Bananasprengju ís og Konfekt ís



Jarðaber í hjartalaga öskju
- sprauturjóni fylgir með í kaupbæti



Rómanstísk ostakarfa
- smekkkfull af ást



Pepsi Max
- 2 ltr.

139 stk.

Verð áður 184.-

Gildir til 17. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Nýtt
kortatímabil!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> ENGINN ÍS

PETA-samtökin hafa skorad á foreldra Britney Spears að halda mjólkurafurðum frá dóttur sinni, þar sem mjólkurvörur geti haft slæm áhrif á sjúklinga með geðhvarfasýki, séu þeir viðkvæmir fyrir mjólk. Britney er mjög hrifin af ís, en samkvæmt Peta ætti hún nú að forðast hann.

fólk
folk@frettabladid.is



Ljósmyndasýning fyrir blinda

„Við á tæknideildinni áttum frumkvæðið að þessu. Settum áður upp ljósmyndasýningu sem var helguð Dorrit. Hún tókst svo vel að við náðum að pota henni í anddyri húsakynna Sambands íslenskra myndlistarmanna,“ segir Hafþór Ragnarsson, tæknimaður á Blindrabókasafninu - til húsa í Hamraborg í Kópavogi.

Nýlega var opnuð ljósmyndasýning í Blindrabókasafninu. Hún er helguð feðrum og mun standa alveg til sumardagsins fyrsta. Þeir sem sýna eru aðstandendur safnsins. „Ljósmyndasýning fyrir blinda? Jú, það má alveg halda því fram. Meira að segja er ein mynd tekin af manni sem er með minna en tíu prósent sjón,“ segir Hafþór. En bendir jafnframt á að þrátt fyrir nafnið þá komi sjaldan blindir á safnið. Þeir sem

eru blindir fá sendar bækur heim til sín en þeir sem koma eru ýmist að sækja bækur fyrir blinda eða eru lesblindir eða lesfatlaðir á annan hátt.

Í augnablikinu eru níu myndir á sýningunni en að sögn Hafþórs fer þeim fjölgandi. En allir sem starfa við safnið geta komið með mynd af sínum eigin föður og sýnt hana. „Jú, sýningin hefur mælst gríðarlega vel fyrir og margir komið til að skoða. Eða allir þeir sem hingað eiga erindi. Við höfum ekki auglýst sýninguna að ráði enda höfum við ekki efni á því.“



OPNUN SÝNINGARINNAR Glatt var á hjalla þegar ljósmyndasýningin á Blindrabókasafninu var opnuð en hún er helguð feðrum og heitir „Ó, pabbi“.

Gísli Einars ruglað saman við Dr. Gunna

„Já, ég var heldur betur skammaður fyrir „Laugardagslögurinn“ þá staddur fyrir utan skemmtistaðinn Broadway,“ segir Gísli Einarsson sjónvarpsmaður.

Heitt var í kolum baksviðs eftir síðasta þátt Laugardagslaga Ríkisútvarpsins en yfirlýsingar Guðrúnar Gunnarsdóttur um að hún vildi að alvöru tónlistarmenn færu utan sem fulltrúar lands og þjóðar fóru þversum ofan í ýmsa. Meðal annars bauðst Egill „Giz“ Einarsson til þess að syngja fyrir Guðrúnu. Að sögn Gísli var Guðrún ekki sú eina sem komst í hann krappan eftir þáttinn.

„Ég var seinna um kvöldið staddur fyrir utan Broadway og þá vatt sér að mér maður af erlendu

bergi brotinn. Og sagði í sífellu: „Þú stela lagið!“ Ég var á hraðferð en sagði honum að ég hefði ekki samið neitt lag. „Jú,“ sagði þá maðurinn. „Þú vera Dr. Gunni! Og þú stela lagið.“ Ég átti í stökustu vandræðum með að koma honum í skilning um að ég væri ekki Dr. Gunni. En það er með okkur sköllóttu mennina eins og kollóttu rollurnar. Manni finnst þeir allir eins.“

Gísli átti í nokkru stappi með að koma umræddum manni í skilning um að hann væri ekki Dr. Gunni. Maðurinn var hins vegar fullviss um að „Dr. Gunni“ væri að koma sér hjá því að viðurkenna að framlag hans í úrslitakeppninni,

„Hvar ertu nú?“, væri í raun lagið „Indian Summer“ með hljómsveitinni Doors. Gísli segist síðar hafa hlustað á Indian Summer og telur auðheyrt að þar sé ekki nota lík því sem Dr. Spock og félagar syngja. „En það er greinilega ýmislegt að varast í þessu,“ segir Gísli.

- jgb

GÍSLI OG GUNNI

Með þessa sköllóttu eins og kollóttu rollurnar – manni finnst þeir allir eins.



Laddi nálgast 50 þúsund gesti

Ótrúleg velgengi Ladda-sýningarinnar heldur áfram. Sjálfur hefur Laddi ekki hugmynd um hvað veldur.

Á laugardaginn verður 90-tugasta sýning á Laddi 6-tugur í Borgarleikhúsinu. Frumsýnt var 17. febrúar og sýningin því ársögumul. Alltaf sýnt fyrir fullu húsi og í lok hverrar sýningar er Laddi hylltur. „Já, ekkert bara hylltur,“ segir Hjörtur Hovser tónlistarstjóri sýningarinnar sem kann að koma orðum að hlutunum: „Missir alla sjálfstjórn, hlær og grætur, öskrar og klappar og ris að lokum úr sætum sínum til að votta honum virðingu og þakklæti fyrir að hafa með snilli sinni, einn og óstuddur, hækkað meðalaldur þjóðarinnar því eins og vitað er lengir hláturinn lífið,“ segir Hjörtur. „Já! Það er aldeilis,“ segir Laddi og kímur.

Salurinn tekur 530 manns og hafa þá hátt í 50 þúsund manns mætt á sýninguna eða um 15 prósent þjóðarinnar. „Já, ég átta mig ekki á þessu. Árið 2000 setti ég upp sýningu í Austurbæ sem gekk ágætlega. En, Guð minn góður, ekkert í líkingu við þetta. Þetta er óskiljanlegt,“ segir Laddi.

Menn reikna út að Laddi hljóti að vera orðinn breiðvaxinn milljónir en svo er ekki. Þannig er að Laddi er launþegi en Sena framleiðir sýninguna. Laddi neitar því ekki að þessi umræða pirrar hann.

„Já, því fólk heldur að ég sé að fá allan þennan pening. Það er velta á þessu. Að sjálfsgöðu. En þetta er stórt batterí. Fimmtán manns keyra sýninguna. Húsið er stórt. Ekkert til sparað og tekjurnar dreifast víða. En það eru allir í góðri vinnu. Löng og góð vertíð sem allir njóta góðs af.“

Vegna vinsælda stefnir allt í að sýnt verði fram á sumar og í undirbúningi er að fara með sýninguna norður. Laddi hefur verið að leika í sýningum Borgarleikhússins „Viltu finna milljón“ og „Lík í óskilum“. „Já, ég er bara alltaf í Borgarleikhúsinu. Sem er fínt.“



ELSKAÐUR OG DÁÐUR „Alltaf trúðull hjá Ladda og í lok sýningar missir fólk alla sjálfstjórn hlær og grætur, öskrar og klappar...“

Björn Sigurðsson framkvæmdastjóri Senu er ánægður með þetta sameiginlega verkefni Senu og Ladda. Sena sér um allt sem lýtur að fjármálastjórn og praktískum atriðum og Laddi fær frið til að sinna því sem snýr að hinu listræna. „Árið 2007 var árið hans Ladda. Best of plata hans seldist í hátt í 10 þúsund eintökum. Og jólaplata hans fór í fimm þúsund. Já, báðir geta vel við unað. Án þess að ég vilji fara nánar út í það þá skila 50 þúsund áhorfendur einhverju í kassann,“ segir Björn. Hann bendir á að tekin hafi verið nokkur áhætta í upphafi, sýningin hafi verið sett upp í tengslum við „best of“ plötuna. „Engan óraði fyrir þessari velgengi.“

jakob@frettabladid.is



Biblían er jafn órjúfanlegur hluti af hugarheimi okkar og dulvitundin af hugarstarfseminni. Öldum saman var Biblían eina bókin og aðrar bækur voru ýmist útlekking eða afsprengi hennar. Biblían horfir yfir öxlina á höfundu Njálu og gervallur sagnaarfur Íslendinga er samofinn Biblíunni. Áhrif hennar eru slík að jafnvel þótt maður hafi aldrei opnað hana er hún smogin manni í merg og bein. Að kannast ekki við Biblíuna er eins og að kunna ekki skil á uppruna sínum. Við það er hægt að búa, þótt hitt sé óneitanlega skemmtilegra.

Pétur Gunnarsson

JPU
JPU UTGAFA
www.forlagid.is



NYTT PAR? Söngvarinn Johnny Borrell og leiknonan Emma Watson skemmtu sér saman í London um helgina.

NORDICPHOTOS/GETTY

Rokkari nældi sér í Harry Potter-stelpu

Svallrokkarinn Johnny Borrell úr hljómsveitinni Razorlight er nú orðaður við leiknonu Emmu Watson. Emma er fræg fyrir að leika Hermione Granger í kvikmyndunum um Harry Potter. Þau skötu hjúin skemmtu sér saman í London um helgina og bresk dagblöð segja að afar vel hafi farið á með þeim.

Söngvarinn Borrell er 27 ára og hefur lengi glímt við áfengis- og eiturfjávanda. Hann átti í stormasömu sambandi við leiknonuna Kirsten Dunst á síðasta ári en hún

sparkaði honum vegna djammlíf-ernis hans. Emma er hins vegar aðeins 17 ára og hefur hingað til lítið látið fyrir sér fara í djammlífinu í Bretlandi.

Borrell og Watson sóttu tvö partí saman um helgina og fóru saman á braut í leigubíl. Sagan segir að Borrell hafi verið hent út úr seinna partínu fyrir ólæti. „Emma virtist afar ánægð. Hún er aðdáandi Razorlight og var með stjórnur í augunum,“ sagði heimildarmaður The Sun.



PÚRSAR Safnkassinn með Púrsaflokknum hefur að geyma fjórar plötur sveitarinnar ásamt aukaplötu.

Safn frá Púrsunum

Safaríkur safnkassi með Púrsaflokknum kemur út á mánudag. Hann inniheldur fjórar plötur hljómsveitarinnar ásamt aukaplötu með fimm lögum af plötunni sem aldrei kom út – Ókomin forneskjan. Einnig eru í kassanum lög frá ýmsum tónleikum sveitarinnar.

Allar plöturnar hafa verið endurhljóðblandaðar í tilefni útgáfunnar auk þess sem bæklingar og kápa innihalda áður óbirtar myndir úr sögu Púrsanna. Þess má geta að forsiðu plötuumslagsins Ókomin forneskjan teiknaði rithöfundurinn Hallgrímur Helgason á sínu níjtjándá ári þegar hann var nemandi í Menntaskólanum í Hamrahlíð.

Púrsaflokkurinn fagnar þrjátíu ára starfsafmæli sínu með tónleikum í Laugardalshöll laugardaginn 23. febrúar ásamt Caput-flokknum.



STAR WARS Teiknimynd í fullri lengd, The Clone Wars, kemur í bíó í ágúst.

Stjörnustríð í bíó í ágúst

Star Wars-teiknimynd í fullri lengd, The Clone Wars, verður frumsýnd í bandarískum kvikmyndahúsum í ágúst. Í framhaldinu verða sýndir sjónvarpsþættir byggðir á sama efni. „Mér fannst ég þurfa að segja mun fleiri sögur,“ sagði höfundur Star Wars, George Lucas, sem starfar nú með framleiðandanum Warner Bros. en ekki 20th Century Fox eins og áður. „Ég var mjög spenntur fyrir því að segja einhverjar þeirra með hjálp teiknimynda.“ Kvikmyndin gerist á milli atburðanna sem áttu sér stað í myndunum Attack of the Clones og Revenge of the Sith. Á meðal kunnuglegra persóna sem koma við sögu eru Anakin Skywalker, Obi-Wan Kenobi og Padme Amidala.



DUSTY KID Ítalskur plötusnúður sem spilar hér á landi um helgina.

Dusty Kid með tónleika

Ítalski plötusnúðurinn Dusty Kid heldur tvenna tónleika á Íslandi á föstudags- og laugardagskvöld. Fyrri tónleikarnir verða í Sjallanum á Akureyri á föstudag þar sem aldurstakmark er 18 ár og hinir síðari á Organ í Reykjavík með 20 ára aldurstakmarki. Félagarnir President Bongo og Jack Schidt koma einnig fram.

Dusty Kid hefur gefið út fjölda vinsælla laga og heitir það nýjasta Twister. Kemur það út hjá plötufyrirtækinu Southern Fried, sem hefur einnig Trabandt á sínum snærum. Miðasala á tónleikana fer fram á midi.is.

Árni Johnsen á árshátíð MR í kvöld

Nemendur Menntaskólans í Reykjavík eiga von á góðu því sjálfur Árni Johnsen treður upp á árshátíð Framtíðarinnar á Broadway í kvöld. Magnús Þorlákur Lúðvíksson, forseti Framtíðarinnar, segir mikið lagt í árshátíðina að þessu sinni þar sem félagið á stórafmæli um þessar mundir; er 125 ára. Von er á um 900 manns á ballið sem verður að teljast býsna gott því 870 nema í MR.

Þó að von sé á mörgum og væntingarnar miklar er Árni hinn rólegasti. Enda öllu vanur. „Þetta verður ekkert mál,“ segir hann vitandi þó að hann á að stýra fjöldasöng í sal á efri hæðinni í heilar þrjár klukkustundir. Og það í samkeppni við stuð- og fónksveitina Jagúar sem verður á sviðinu við stóra dansgólfið. „Þetta eru talsverðar andstæður, Brekkusöngvarinn og Jagúar,“ segir Árni sem hefur útbúið hefti með tugum söngtexta fyrir krakkana.

Árni segist ekki ákveðinn í hvaða lagi hann



ÁRNI Á MENNTASKÓLABALLI Árni Johnsen alþingismaður treður upp á árshátíð Framtíðarinnar, skólafélags í MR, á Broadway í kvöld.

byrjar prógrammið. Hann ákveði það aldrei fyrirfram. „Ég met það þegar ég kem á staðinn en ég byrja alltaf á einhverju sem allir kunna örugglega. Kátir voru karlar eða einhverju slíku.“ Annars er af nægu að taka því Árni kveðst kunna um sex hundruð lög.

Árni hefur víða farið og sungið og er býsna vel að sér um sönghætti Íslendinga. Hann telur að meðal-Íslendingurinn kunnir á bilinu 60 til 90 lög sem svo eru misjöfn eftir landshlutum. Í það heila kunnir þjóðin því á bilinu 120 til 140 lög. „Það er heimikill munur eftir landshlutum hvað fólk er vant að syngja á mannamótum.“ Spurður í hvaða sveitum menn syngi best segir nefnir Árni fyrst Skagfirðingana. „Þeir eru rosa legir söngmenn. Leggja sig alla fram. Svo er sungið vel í uppsveitum Árnessýslu, Grindavík og Vestmannaeyjum, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Árni sem hefur upp raust sína um hálf ellefu í kvöld.

HREYFING, HEILBRIGÐI, SKEMMTUN.

Herþjálfun Egilshöll/Lækjarskóla Hfj. Ein árangursríkasta og skemmtilegasta þjálfun sem völ er á. Eini sérútbúni herþjálfunarröllur landsins.	Lífsstílnámskeið/ Askorunarnámskeið Egilshöll/Lækjarskóla Hfj. Fjölbreytt og persónuleg þjálfun fyrir konur. Góð fræðsla og mikið aðhald.	Karlapúl Egilshöll Fjölbreytt þjálfun fyrir karla á öllum aldri. Hörkupúl í góðum félagsskap.	Eitt L.I.F. Egilshöll Skemmtilegt námskeið fyrir börn yfir kjörþyngd.
Tækjasalur Egilshöll Frábær tækjasalur og opnir tímar. Body Pump, Spinning, MRL o.fl. Einkapjálfun í hæsta gæðaflokki.	Tarzan Egilshöll Námskeið fyrir 5-12 ára börn á sérútbúnum Tarzan velli.	Fit- Pilates Egilshöll/Lækjarskóla Hfj. Enginn hamagangur en virkilega vel tekið á gefur langa og fallega vöðva.	Rope Yoga Egilshöll Heildrænt heilsuræktarkerfi sem sameinar líkama og sál.
Dansskóli Birnu Björns Egilshöll/Lækjarskóla Hfj. Freestyle, Jazzballet, Hip Hop og söngleikjadan fyrir börn og unglinga.	Scientific fighting Egilshöll Ein besta alhliða sjálfsvörn sem völ er á. Nemandinn fær að upplifa alvöru aðstæður.	Sundskóli 2 - 5 ára Lækjarnúð, Mosfellsbæ Sundkennsla fyrir 2-5 ára börn. Frábær undirbúningur fyrir skólasundið.	Breakdans Egilshöll Natasha kennir breakdans frá götum New York borgar. The Basic Break moves.
Pole Fitness Egilshöll Í fyrsta sinn á Íslandi. Alþjóðlegt líkamsræktarkerfi. Frábær líkamsrækt þar sem dans, styrk og úthaldi er blandað saman.	Mömmuprek Egilshöll/Lækjarskóla Hfj. Frábær leið fyrir nýbakaðar mæður að komast í sitt fyrra form í góðum félagskap.	Afþreying Egilshöll Hópefli, barnaafmæli í Tarzansal, gæsanir, steggjanir og fyrirtækjaskemmtanir.	Nudd & snyrtistofa Egilshöll Nýtt Heilsuakademían í Egilshöll býður nú upp á nudd og snyrtistofu þar sem boðið er upp á úrval meðferða.



sími: 594 9666 - www.heilsuakademian.is

Heilsuakademían býður upp á landsins mesta úrval námskeiða. Næstu námskeið hefjast 18. febrúar í Egilshöll Íþróttahúsi Lækjarskóla Hfj. og Íþróttamiðstöðinni Lækjarhlíð, Mos.

Heilsuakademían í Egilshöll býður einnig upp á frábæran tækjasal, gufu, heitan pott, nudd og snyrtistofu.



heilsuakademían

Hreyfing, heilbrigði, skemmtun
www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666

Næstu námskeið hefjast 18. febrúar

Frítt æfingahúsnæði Erfitt að vera góður sítarleikari

Músiktilraunir fara fram dagana 10.-15. mars. Skráning hófst á mánudaginn og eins og í fyrra verða aðeins fimmtíu bönd skráð til keppni. Í ár bíður Hitt húsið hljómsveitum sem ætla að taka þátt í keppninni upp á æfinga- og/eða upptökuástöðu fram að keppni. Aðstaðan er í kjallara Hins hússins á sama stað og tónleikar í Fimmtudagsforleiknum fara fram. Kjallarinn er búinn öllum helstu græjum sem þarf til tónlistariðkunar, til dæmis gítarmögnurum, bassamagnara, trommusetti (án symbala) og góðu söngkerfi. Einnig verður hægt að taka æfinguna upp á ProTools-kerfi sem Hitt húsið á. Ætlunin er að bjóða upp á aðstöðuna á laugardögum en þetta er hugsað sem skammtíma úrræði, ekki æfingaraðstaða til frambúðar. Ekki verður hægt að panta nema eina viku fram í tímann. Þeir sem vilja nýta sér þetta geta haft samband við Evu í síma 411 5500 eða sent tölvupóst á eva.einarsdottir@reykjavik.is.



KAMPAKÁTIR MEÐ SIGURINN Bingi afhenti Shogun-sigurverðlaunin í fyrra.

Músiktilraunir eru haldnar í 26. skipti í ár. Þessi uppskeruhátíð bíl-skúrsbandanna er fyrir löngu orðin ómissandi hluti tónlistarmeningarinnar. Rokkbandið Shogun sigraði í fyrra.

„Ég myndi ekki segja að ég væri „mega“-sítarmaður en ég á sítar og spila á hann,“ segir tónlistarmaðurinn Júlíus Freyr Guðmundsson, sem spilar á sítar á bitlatónleikum í Laugardalshöll 22. mars. Þá verður tímamótaplátan Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band flutt í heild sinni.

Upphaflega átti Björgvin Gíslason að spila á sítar á tónleikunum en hann var vant við látinn og því var hringt í Júlíus Frey. „Það vissi einhver að ég ætti sítar enda er ekki mikið af þeim á landinu.“

Júlíus, sem er sonur Rúnars Júlíussonar, segist ekki hafa orðið var við mikinn áhuga á sítarum hjá föður sínum þrátt fyrir bitlaaðáun hans. „Hann hefur aldrei spilað á hann. Ég held hann hafi

ekki einu sinni tekið sér hann í hönd.“

Sítarinn var keyptur í New York árið 1991, ekki þó út af einskærum bitlaáhuga heldur frekar áhuga Júlíusar á framandi hljóðfærum. „Það er mjög erfitt að vera mjög góður á sítar en það er hægt að spila einföldustu hluti,“ segir hann. „Þetta er aðeins öðruvísi hljóðfæri en gítar þótt það sé strengjahljóðfæri. Það er ekki sama nótnaborð á sítarum og hann er ekki mikið hljómahljóðfæri.“

Júlíus er fjölhæfur hljóðfæraleikari, kann á gítar og spilar á trommur með hljómsveitinni Deep Jimi and the Zep Creams. Næstu tónleikar sveitarinnar verða á Organ 27. febrúar. - fb



JÚLÍUS FREYR GUÐMUNDSSON Júlíus Freyr með sítarinn sem hann ætlar að nota á tónleikunum í Höllinni.

MYND/ELLERT GRÉTARSSON



HÖGNI EGILSSON Högni og félagar í hljómsveitinni Hjaltalín halda útgáfutónleika á Nasa.

Blásarasveit með í för

Hljómsveitin Hjaltalín heldur síðari útgáfutónleika sína á Nasa í kvöld. Fyrri tónleikarnir voru haldnir á Græna hattinum Akureyri 25. janúar. Hjaltalín ætlar að spila lög af plötu sinni Sleepdrunk Seasons sem kom út fyrir jóla og fékk úrvals viðtökur gagnrýnenda. Blásarasveit sem kom fram á plötunni spilar með þeim á tónleikunum. Hljómsveitin Borko og Ólöf Arnalds sjá um að hita upp.

Fram undan hjá Hjaltalín eru tónleikar í Belgíu 26. febrúar og tvennir tónleikar í Danmörku; þeir fyrri með múm og Borko 27. febrúar og hinir síðari með Sprengjuhöllinni 1. mars. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21 og kostar 1.500 krónur inn.



BREYTTUR MUNNSVIPUR Það voru helst stórar varir Brittany Murphy sem vöktu athygli þegar hún sótti tiskuvíkuna í New York heim á dögunum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Varir Murphy vekja athygli

Leikkonan Brittany Murphy vakti mikla athygli á tiskuvíkunni í New York á dögunum. Það var þó ekki vegna sérstakra tilburða á sviði tiskunnar, heldur þóttu varir leikkonunnar heldur betur áhugaverðar. Svo virðist sem hún hafi leitað á náðir lýtalækna til að lagfæra munnsvipinn. Í það minnsta var efri vör hennar töluvert ólík því sem áður var.

Orðrómur annars efnis komst svo á kreik skömmu síðar, því talið er að Murphy gæti komið í stað Lindsay Lohan í kvikmyndinni Poor Things. Hún myndi þá leika á mótí Rosario Dawson og Channing Tatum.

FULLKOMIN VALENTÍNUSARGJÖF!



FRÁBÆR SAFNPLATA FYRIR ELSKUNA ÞÍNA!

John Lennon Ragnheiður Gröndal Katie Melua Amy Winehouse Coldplay Pink Avril Lavigne MIKA Helgi Björnsson Lily Allen Corinne Bailey Rae Roxette Billy Paul Christina Aguilera George Michael Beverley Knight Sade David Bowie Björgvin og Krummi Michael Jackson Timbaland feat. OneRepublic Fergie Michael Buble Norah Jones Sálín hans Jóns mins The Fray Rihanna Kylie Minogue Diana Ross Ný dönsk og Símfó Brandy Aretha Franklin Natasha Bedingfield Prince Irene Cara Des'ree Garðar Thor Cortesil Divo



BT

URRANDI GÓÐ TILBOÐ!

ENNI MEIRI LÆKKUN

Panasonic

TX-32LE7F
Panasonic 32" LCD LE7
Myndstýring: VIERA
Upplausn: 1366x768 HD ready
Contrast Automatic tracking system
Video noise reduction
Borðstandur fylgir
3D Comb filter
Progressive Scan
Q-link og VIERA link
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 550
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 1

Ein fjarstýring
fyrir bæð tækin

79.999

99.999

BT
LÁN
Verð frá:
2.368
59 mánaða



1000 RMS WÖTT

Panasonic

SC-PT450EB-K
PANASONIC HEIMABÍÓ 450
1.000 RMS Wött
Full HD (1080p) Up-Conversion
Dolby Digital Decoder
DTS Decoder
Progressive Scan
HDMI tengi / Scart tengi
Music Port fyrir MP3 spilara
Viera Link tækni
Spilar: MP3, JPG, SCVD,
- VCD, CDR, DVD+-R

29.999

34.999



DENVER®

TFD-1504
DENVER 15" LCD M/DVD SPILARA

29.999

39.999



DENVER®


TFD-1904
DENVER 19" LCD M/DVD SPILARA

39.999

49.999

ENN A NY
HINN EINI SANNI

14.febrúar - 24.febrúar



STÓRI SKÓMARKAÐURINN Í PERLUNNI

NÝTT!

Mikið úrval af fatnaði beint frá London. Glæsilegt úrval af Adidas og Reebok vörum, fatnaði og skóm! Barna, dömu og herrafatnaður í miklu úrvali á frábærum verðum.

Nýjar og nýlegar vörur frá þekktum framleiðendum!

Adidas, Studio London, Vagabond, Blend, Reebok, Skechers, Zoo York, Marc Ecko Conway, Sanilet, Flexi footwear, Timeless, No Doubt, Sixty Seven, SixMix, SMS UK, Betty Blue ofl. ofl. Stök pör, tilboð dagsins.

EINFÖLD VERÐ



Opnunartími

Opið alla daga frá 12.00 til 18.00

Markaðurinn er á jarðhæð Perlunnar frá fimmtudeginum 14. febrúar til sunnudagsins 24. febrúar

Komdu og gerðu skókaup ársins á stærsta skómarkaði landsins...

NÝTT KORTATÍMABIL hefst í dag



> Calista Flockhart

Flockhart sló fyrst í gegn í þáttunum um lögræðinginn Ally McBeal. Síðan þá hefur hún leikið í ýmsum þáttum og myndum en þessa stundina er hún líklegast þekktust fyrir samband sitt við Harrison Ford, sem er 22 árum eldri en hún. Leiknan geðþekka leikur eitt aðalhlutverkanna í Brothers & Sisters sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR FÆR HJARTSLÁTTARTRUFLANIR AF AMAZING RACE

Lætur kapphlaupin eiga sig

Þegar ég kem mér fyrir framan sjónvarpið hef ég það yfirleitt að markmiði að dreifa huganum og slaka á. Enda er mig sjaldan að finna í námunda við imbakassann ef meiri orku er til að dreifa. Hér um daginn var ég komin í afslappelsisstillingar í sjónvarpssófanum góða þegar ég sogaðist inn í þátt af Kapphlaupinu mikla, eða Amazing Race eins og það heitir á frummálinu. Ég hef lítið fylgst með þessari þáttaröð, hvorki nú né á árum áður, en ákvað að gera mér hana að góðu þetta kvöldið.

Áð þætti loknum var ég hins vegar allt annað en afslöppuð. Þvílíkt og annað eins tempó. Ég veit ekki hvort að ég er bara svona áhrifagjörn, en ég var að minnsta kosti komin með hjartsláttartruflanir af stressi og farin að svitna alveg jafn mikið og námumannafrúin frá Kentucky, ef ekki meira. Þetta hlaust ekki af því að ég væri svo heltekin af spenningsi yfir því hverjir yrðu fyrstir á áfangastað, heldur voru hróp og köll þátttakenda, eilíf hlaup og stress-reiði-köst farin að smita út frá sér. Ég fæ ekki alveg skilið af hverju fólk er æst í að taka



þátt í þessum þætti, til að „ferðast og sjá heiminn“. Miðað við hraðann á hlaupunum sérðu í mesta lagi Taj Mahal þjóta hjá, eða pýramíðana í gegnum móðuna sem stígur yfir augun. Næst þegar ég vil slaka á mun ég í það minnsta forðast kapphlaupið mikla. Fyrir einhverja kaldhæðni örlaganna varð ég svo vitni að öðrum kapphlaupsþætti á dögunum, þó ég vilji taka það fram að fjarstýringin hafi ekki verið í mínum höndum. Skjár einn hefur til sýninga þáttinn Bullrun, sem stýrt er harðri hendi af fyrrum glímuköppnum

Bill Goldberg. Með fullri virðingu fyrir fyrrum glímuköppnum þá er þátturinn nákvæmlega jafn slappur og val á þáttastjórnanda ber vitni um. Að því er ég best fékk skilið keppast þar nokkur lið um að aka þvers og kruss yfir Bandaríkin, öll á mismunandi bílum. Það get ég sagt að ég var fljót að sofna yfir þessu kapphlaupi, alveg laus við hjartsláttartruflanir. Hvort að það þýði að Bullrun sé svona lélegur, eða að Amazing Race sé svona vel heppnaður skal látið liggja milli hluta.

EKKI MISSA AF



► 18.00 Dirty Dancing
STÖÐ 2 BÍÓ



► 20.30 Utan vallaar
SÝN



► 20.45 Brothers & Sisters
SJÓNVARPIÐ



► 21.00 House – Lokapáttur
SKJÁREINN



► 21.05 Flight of the Conchords
STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan
16.35 Leiðarljós
17.20 Tákn málsfréttir
17.30 Eðlukurúsín
18.00 Stundin okkar
18.30 Svona var það (21:22)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 07/08 bíó leikhús í þættinum er pulsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu.
► 20.45 Bræður og systur (Brothers and Sisters II) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjöru samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
21.30 Trúður (3:10) (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð um uppstandarann Frank Hvam og líf hans. Atriði í þáttinum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Túfréttir
22.25 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives IV) Ný syra af þessari vinsælu bandaríska þáttaröð um nágrenna-konur í úthverfi sem eru ekki allar þær sem þær eru séðar.
23.10 Gatan (6:6) (The Street) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágrenna í götu í bæ á Norður-Englandi. Þættirnir hluta alþjóðlegu Emmy-verðlaunin á dögunum. e.
00.10 Kastljós
00.45 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Air Panic
08.00 2001. A Space Travesty
10.00 Everyday People
12.00 Dirty Dancing: Havana Nights
14.00 2001. A Space Travesty
16.00 Everyday People
► 18.00 Dirty Dancing: Havana Nights Sjálfstætt framhald af einni vinsælustu dans- og söngvamynd sögunnar, Dirty Dancing.
20.00 Air Panic Háspennamynd.
22.00 Undisputed
00.00 Movern Callar
02.00 Assault On Precinct 13
04.00 Undisputed



07.00 Barnatími Stöðvar 2 Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar
08.10 Jack Osbourne - No Fear
08.55 Í finu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella
10.15 Sisters (e)
11.00 Joey
11.25 Örlagadagurinn (Tómas Tómasson)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours
13.10 Wings of Love
13.55 Wings of Love
14.40 Commander In Chief
15.30 Heima hjá Jamie Oliver
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Sabrina – Unglingsnomin, Normafélagið, Doddi líti og Eymastór, Doddi líti og Eymastór, Magic Schoolbus
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veðurfréttir
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag og íþróttir
19.25 The Simpsons
19.50 Friends
20.15 Back To You Grammer leikur hér vinsælan og óþolandi sjálfumgláðan fréttalesara sem ræður sig aftur á gömlu stöðina, þar sem ennþá starfar sem fréttalesari gamla kærastan og barnsmóðir hans, leikin af Heaton.
20.40 My Name Is Earl – NÝTT (2:28)
► 21.05 Flight of the Conchords (4:12) Þættirnir fjalla um tvo nýsjálfenska galgopa sem fluttir eru til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama.
21.30 Numbers
22.15 All About George
23.00 Far Side of the Moon (La Face cachée de la lune)
00.45 Cold Case
01.30 Young Adam
03.05 Ready When You Are Mr. McGill
04.40 All About George
05.25 Fréttir og Ísland í dag
06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SYN besta sætið

07.00 Brann - Everton UEFA CUP Útsending frá leik Brann og Everton í Evrópukeppni félagsliða.
16.10 Brann - Everton UEFA CUP Útsending frá leik Brann og Everton í Evrópukeppni félagsliða.
17.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar
18.45 Inside the PGA Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og tímabilið fram undan skoðað.
19.10 Inside Sport (Justin Henin / Rory McIlroy)
19.35 World's Strongest Man 2007
► 20.30 Utan vallaar (Umræðupáttur) Nýr umræðupáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
21.15 Nation on Film (Sir Bobby Remembers Munich) Seinni heimildarmyndin um slysið í München en í ár eru 50 ár liðin frá hinu hörmulega slysi. Í þessari mynd ræðir Sir Bobby Charlton slysið frá sínu sjónarhorni og ræðir meðal annars um þá leikmenn sem létust í slysinu.
21.45 Kraftasport 2008
22.15 Heimsmótaröðin í póker
23.10 Ultimate Blackjack Tour 1
00.05 Utan vallaar

SYN2

15.40 Man. Utd. - Man. City (Enska úrvalsdeildin)
17.20 West Ham - Birmingham (Enska úrvalsdeildin)
19.00 Ensku mörkin Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
20.00 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
20.30 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches
21.30 Season Highlights (Hápunktar leiktíðanna)
22.30 4 4 2
23.55 Coca Cola mörkin

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
10.00 Annað – Áhráttíð Menntaskólans í Reykjavík
16.25 Vörutorg
17.25 Less Than Perfect (e)
17.45 Dr. Phil – Lokapáttur
18.30 The Drew Carey Show (e)
19.00 Fyrstu skrefin (e)
19.30 Game tívi (5:20)
20.00 Everybody Hates Chris – NÝTT Bandarísk gamanseria þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín um uppvarðarín sínum.
20.30 The Office (9:25) Ricky Gervais og Stephen Merchant, mennirnir á bak við bresku fyrmyndina af þáttunum, skrifuðu handritið að þessum þætti.
► 21.00 House - Lokapáttur Bandarísk þáttaröð um lækinn skapstírða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Það er komið að dramatískum lokapætti seríunnar. Kúbverskur flóttamaður leggur allt undir til að koma konu sinni í hendurnar á House. Þegar hjarta hennar gefur sig þarf kraftaverk til að bjarga henni.
22.00 C.S.I. Miami (16:24) Leyndarmál og lygar snobblisins koma upp á yfirborði þegar morð er framið í hverfi fina og ríka fólksins. Barnapia er að gæta sonar nágrenna sinna þegar pabbi hennar birtist alblóðugur í dyragættinni og deyr í fanginu á henni.
22.50 Jay Leno
23.35 The Drew Carey Show
00.00 Canada's Next Top Model (e)
01.00 Dexter (e)
01.55 NÖTHRAFAR
01.55 C.S.I. Miami
02.40 Less Than Perfect
03.05 The World's Wildest Police Videos
03.55 Vörutorg
04.55 Óstöðvandi tónlist
N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS
12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.
OMEGA
Dagskrá allan sólarhringinn.

Besti afþreyingarvefurinn 2007

Samtök vefiðnaðarins völdu visir.is besta afþreyingarvefinn fyrir árið 2007.

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn sem hlýtur verðlaunin Afþreyingarvefur ársins 2007 er í senn fræðandi, áhugaverður, yfirgripsmikill og vinsæll en hefur um leið mikið afþreyingargildi. Vefurinn inniheldur allt sem góður afþreyingarvefur þarf að hafa, vel unninn texta, gott myndmál, útvarpsefni, sjónvarpsefni, sem og síaukna aðkomu notenda, sem er eitt af því sem skiptir sífellt meira máli hjá framsæknum vefjum í dag. Vefurinn verður að teljast inni í daglegum rúnti íslenskra netverja enda einn af fjölsóttustu vefjum landsins.“



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.40
My Name Is Earl

Þriðja þáttaröð eins allra ferskasta og skemmtilegasta gamanþáttar síðari ára. Þátturinn sló í gegn þegar hann var sýndur á Sirkus og nú er hann kominn á Stöð 2. Jason Lee er að sjálfsögðu áfram í hlutverki sveitalubbans Earls sem rembist við að bæta fyrir misgjörðir sínar með æði misjöfnum árangri.



VIÐ MÆLUM MED
Everybody Hates Chris
Skjár einn kl. 20.00

Ný þáttaröð um uppvöxt skrautfuglsins Chris Rock. Í fyrsta þættinum í nýrri þáttaröð stendur Chris sig illa á prófi og kennarinn sendir hann til námsráðgjafa. Chris Rock leikur sjálfur námsráðgjafann sem lætur Chris litla ganga í gegnum ýmis sálfræðipróf til að ákveða til hvaða aðgerða er best að grípa.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.45 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 08.00 Morgunfréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Svörtu sönggyðjumar
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 13.00 Vött og breitt
- 14.03 Á tónsviðinu – Sígild tónlist
- 15.03 Útlarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 19.00 Seiður og hélog
- 19.27 Með á nótonum
- 21.10 Smásaga: Kórvilla á Vestfjörðum
- 22.07 Veðurfregnir
- 22.12 Lestur Passíúsálma
- 22.20 Útlarpssleikuhúsið: Andvaka
- 23.10 Krossgötur
- 00.07 Útlarpáð á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

- 16.00 Hollyoaks
- 16.30 Hollyoaks
- 17.00 Talk Show With Spike Feresten
- 17.25 Special Unit 2 (8:19)
- 18.15 Wildfire (9:13) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
- 19.00 Hollyoaks
- 19.30 Hollyoaks
- 20.00 Talk Show With Spike Feresten (19:22)

20.25 Special Unit 2 (8:19) Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málín sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftast en ekki eru af yfirmáttúrulegum toga.

- 21.15 Wildfire (9:13)
- 22.00 Gossip Girl (6:22)
- 22.45 Nip/Tuck (5:14)

23.30 The Closer (11:15) Þriðja sería þessa geysisterka spennuþáttar, sem orðinn er langvinsælasti þátturinn sem sýndur er á kapalstöð í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick fékk Golden Globe-verðlaunin 2007 fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnson sem þarf stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni. Aðalhlutverk: Kyra Sedgwick. 2007. Bönnuð börnum.

- 00.15 Bandið hans Bubba (2.12)
- 01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

- 20.00 Hrafnáþing í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar Heimastjórn stöðvarinnar, þeir Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snædal, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag liðandi stundar.
- 21.00 Vangaveltur í umsjá Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur Jóna Sætran er gestur þáttarins og ræðir um námstæknina myndlestur.

DR 1

- 11.10 Penge 11.35 Aftenshowet 12.05 Aftenshowet 2. del 12.30 Grøn glæde 12.50 Hvad er det værd? 13.20 Godt arbejde 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Boogie Update 15.30 Pucca 15.55 Kim Possible 16.00 Bårda 16.30 Fandango med Sebastian 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Rabatten 19.00 Rejseholdet 20.00 TV Avisen 20.25 Ærlig talt 20.50 SportNyt 20.55 Super Sucker 22.25 Blind Justice 23.05 Battlestar Galactica 0.30 Boogie Update

NRK1

- 8.55 Frokost-tv 11.00 NRK nyheter 11.10 Fra Filippinene til Finland 11.40 Spektet 12.35 'Allo, 'Allo! 13.05 Landsbylegane 14.00 Fabrikken 14.30 Heilt vilt 14.55 Sketsj 15.05 Hannah Montana 15.30 Megafon 16.00 VM skiskyting 2008 17.55 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Schrödingers katt 18.55 Krafttaket 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Isprinsessen 21.30 VM skiskyting 2008 22.00 Kveldsnytt 22.15 Urx 22.45 Livets porto 23.35 P3tv live 0.35 Norsk på norsk jukeboks 2.00 Sport Jukeboks

SVT 1

- 11.05 Landet som Stalin tog 11.35 Lantz i P4 12.05 Robins 13.10 Kalle Blomkvist och Rasmus 14.30 Dubbat 15.00 Rapport 15.10 Plus 15.45 Sagoträdet 16.00 Skidskytte: VM Östersund 17.15 Bollbompa 17.40 Lycka är... 17.45 Krumelurdir 17.50 Körtusmakaren och den lilla hunden 18.00 Lilla Aktuellt 18.15 Bobster 18.30 Rapport 19.00 Antikrundan 20.00 Brottet 20.55 Hugg 21.00 Debatt 22.00 Rapport 22.10 Kulturmytterna 22.20 Uppdrag Granskning 23.20 Klass 9A 0.20 Out of Practice

20 kr. af hverjum pakka

Nicotinell hjálpar þér að hætta að reykja og styrkir Krabbameinsfélagið um 20 kr. af hverri seldri pakkningu

Tvöfaldaðu möguleika þína til að hætta að reykja hvort sem þú kýst tyggjó, plástra eða mintur og þú styður gott málefni um leið.

Nicotinell nikótínlyfj fast án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykningum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, hvort hætta á reykningum eða draga úr þeim. Því þér að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaröreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að lækisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

MORGUNMATURINN



„Stundum er það ABT-mjólk, en stundum læt ég það bíða þar til ég er komin í vinnuna og fæ mér þá bara kaffi. Það er ekki mjög hollt að sleppa morgunmatnum en hollusta hefur aldrei verið mér mjög ofarlega í huga.“

Nanna Rögnvaldardóttir, ritstjóri og matargúrur.

Jóhanna Vilhjálms hætt við að hætta

„Staðan er sú að ég er að athuga hvernig ég get komið til móts við hana og hennar aðstæður. Hún hefur verið í fæðingarlofi, er með ungabarn heima og það er meira en segja það að fara frá því í 10 til 12 tíma vinnu á dag. Það er rosalegt álag eins og gefur að skilja,“ segir Þórhallur Gunnarsson ritstjóri Kastljóss.

Frétt þess efnis að Jóhanna Vilhjálmsdóttir væri hætt í Kastljósinu vakti mikla athygli í gær. Faðir Jóhönnu er Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi sem átt hefur undir högg að sækja og berst nú fyrir sínu pólitíska lífi. Meðal þess sem honum sem stjórn-málmanni er legið á hálsi fyrir eru ummæli sem hann lét falla í

Kastljósi, í samtali við Sigmar Guðmundsson, þess efnis að hann hefði borið umboð sitt undir borgarlögmann í hinu svokallaða REI máli. Borgarlögmaður neitaði að tjá sig um málið og kom síðar á daginn að það var fyrirverandi borgarlögmaður sem Vilhjálmur vísaði til. Menn hafa gert því skóna að Jóhanna hafi hætt í Kastljósinu vegna þess að hún sé ósatt við framgöngu fjölmiðla, og þar með Kastljóssins, í tengslum við umfjöllun um vandræði Vilhjálms. Vísir greindi svo frá því, eftir samtal við Jóhönnu, að ekki sé búið að ganga frá neinu, og hún líti svo á að hún sé enn starfsmaður Kastljóss.

„Margir eru ósattir við umfjöll-



un Kastljóss. En, við erum ekki að semja um hvort hún sé sátt við umfjöllun þáttarins eða ósátt. Þá værum við einfaldlega ekki að ræða saman,“ segir Þórhallur.

Hann segir að starf við fréttabáttinn Kastljóss sé langt í frá fjölskylduvænt. Þórhallur segist gjarnan vilja fá Jóhönnu aftur til starfa og verið sé að finna flöt á því hvort hægt sé að koma til móts við hennar aðstæður með hugsanlega breyttu vinnufyrirkomulagi. „Við erum öll góðir vinir innan þessa hóps og þar með talin Jóhanna.“

-jbg

JÓHANNA OG ÞABBI Þórhallur Gunnarsson leitast til að Jóhanna Vilhjálmsdóttir geti starfað áfram í Kastljósinu.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. lampi 6. guð 8. eldsneyti 9. fornafn 11. núna 12. fáni 14. grín 16. utan 17. rá 18. yfirgef 20. belti 21. fullnægja.

LÓÐRÉTT

1. gryfja 3. kringum 4. áttfætla 5. traust 7. dávænn 10. þunnur vökví 13. loft 15. glyðra 16. upphrópun 19. holskrúfa.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. gróf, 3. um, 4. kónguldi, 5. trú, 7. allstór, 10. lap, 13. gas, 15. slá, 18. fór, 20. öl, 21. tíða.
LÁRÉTT: 2. lukt, 6. ra, 8. mör, 9. öll, 11. nú, 12. flagg, 14. spaug, 16. út, 17. gála, 19. íff, 19. íó.

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

VALGEIR GUÐJÓNSSON: SLÆR Í GEGN MEÐ GEYMSLUR.COM-LAGINU

Fyndið lag selur ósexí vöru

Fátt hefur vakið jafn mikla athygli í auglýsingabransanum síðustu mánuði og auglýsingin frá Geymslur.com. Það er helst hið grípandi lag sem vekur athygli og fær fólk til að brosa. Tvihöfði gerði grín að laginu á dögnum í Laugardagslögnum þegar Jón Gnarr þóttist vera höfundur auglýsingarinnar. Það var reyndar Valgeir Guðjónsson sem samdi lagið.

„Þetta var alveg kostulegur skets hjá þeim,“ segir Valgeir, sem er himinlifandi með viðtökurnar. „Það er gaman að vita til þess að þessi litla fjölskylduön-aðarauglýsing skuli hafa risið svona til hæstu metorða.“

Eigandi Geymslur.com er Hallgrímur Tómas Ragnarsson, mágur Valgeirs, en Kári Schram, frændi Hallgríms, tók auglýsinguna upp. „Við hlógum mikið að þessu þegar Hallgrímur bað mig um að gera lag því þetta er náttúrlega einhver mest ósexí vara sem hægt er að láta sér detta í hug,“ segir Valgeir. „Það var lítill tími til stefnu. Eg settist niður og notaði svo það fyrsta sem mér datt í hug. Það hefur oftast reynst betur en að rembast eins og rjúpan við staurinn. Sem betur fer fannst Hallgrími lagið jafn myndið og mér.“

Hin einfalda auglýsing sló strax í gegn. „Það var eins og við maninn mælt að eftir nokkrar birtingar var allt orðið fullt í geymslunum í Garðabæ. Nú er verið að opna nýtt útibú úti á Grandá svo auglýsingin var sett aftur af stað. Það er á góðri leið með að fyllast allt þar líka.“

Valgeir vann mikið við auglýsinga-lagagerð á árum áður fyrir stóra kúnna. Hann samdi til að mynda „Mjólk er góð“-stefið sem hann segir að hafi verið notað í áttatíu mismunandi auglýsingum. „Menn koma og fara í þessum bransa,“ segir Valgeir, „en þetta



GEYMSLUR! Valgeir Guðjónsson er höfundur Geymslur-lagsins vinsæla.

er skemmtileg vinna. Í dag er ég að vinna í allt öðrum heimi. Ég og konan mín höfum verið að þróa hugbúnað fyrir skólamarkaðinn sem miðar meðal annars að því að nemendur fái hærri einkunnir.

Nemar þurfa líka að hvíla sig og því eru þarna inni nokkur slökunarstefir eftir mig. Slökunartónlist er yfirleitt alveg hræðilega leiðinleg, en ég reyni að fara nýjar leiðir.“

gunnarh@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Frétt blaðsins af sérkennilegri uppkomu í umhverfis- og samgönguráði í gær í tengslum við hvort varaformaður ráðsins yrði **Ásta Þorleifsdóttir** eða **Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir** hefur vakið mikla furðu manna á meðal. Ekki sist þau ummæli Ástu, í tengslum við að F-listinn ætti að eiga tvo fulltrúa í ráðinu, að sjálfstæðismenn hafi talið **Helgu Jóhannesdóttur** til F-listans af því hún er kona **Ómars Ragnarssonar**. „Krúttlegur misskilningur,“ segir Ásta. En víst er að Helgu þykir fátt eitt krúttlegt við þessa neyðarlegu uppkomu. Hún gekk í Sjálfstæðisflokkinn 18 ára gömul og hefur verið þar jafn lengi og **Gamli góði Villi**.

Nokkurt uppþot varð á fréttastofu Ríkisútlagsins í gær og var **Óðinn Jónsson** fréttastjóri ókátur vegna fréttar blaðsins sem var undir fyrirsögninni „Stolin frétt af stolnu vörumerki“. **Ómar Örn Ólafsson** á Eyjuni birti frétt af sláandi líkindum milli merkja kinnverska fyrirtækisins Sutor og merkis Símans. Korterí síðar birtu RÚV-arár á sinni síðu svipaða frétt. Og furðuðu sig á því að frétt þeirra fór sem eldur í sínu um netið án þess að heimilda væri getið. Ómari þótti þetta líka furðu sæta og dró þá ályktun að sín frétt hefði kveikt í RÚV-urum með að

segja af málinu. En þeir hjá RÚV höfðu þá lengi verið að kanna málið og vissu ekki af frétt Ómars. Þeim líður nú eins Jóni sem ávallt var kallaður Jón þjófur – af því að frá honum var stolið.

-jbg

Bjarni á grænu framsóknarhjóli

„Ég lenti fyrir öðru hjóli síðasta sumar, hruflaðist töluvert í andliti þannig að það þurfti að sauma í kringum augað tuttugu spor. Ég var nú reyndar bara heppinn að halda auganu,“ segir þingmaðurinn skeleggi Bjarni Harðarson sem þeysist um á mótörhjóli við hvert tækifæri.

Á sögn þingmannsins eru hjólin sem hann þeysist um á svokölluð Enduro-hjól eða fjallabífhjól. „Þau fara út um allt, upp á hálendi og ég veit ekki hvað og hvað. Við getum nokkurn veginn farið það sama og jeppar komast þótt við eigum kannski stundum í erfiðleikum með stórar jökulár. En við komumst samt glettilega leiða okkar,“ segir Bjarni sem að sjálfsgöðu er á stærsta hjólinu í sínum hópi og það lék aldrei neinn vafi á því hvernig litur væri á hjólinu, grænn eins og litur framsóknarflokksins. „Mitt er miklu þyngra og meira krassandi en að sama skapi er auðveldara að sitja það.“

Óg þingmaðurinn er augljóslega ánægður með að vera kominn aftur á ferðina. „Já, það var mikill fögnuður að komast út í náttúruna,“ segir Bjarni



ÞINGMAÐUR Á FERÐ Bjarni Harðarson, fyrir miðju, með græna hjólið sitt sem hann keyrir um náttúru Íslands.

sem óttast þó ekki að slasast aftur þrátt fyrir ófarir síðasta árs. „Oftast eru vegirnir þannig að fimmtíu til sjöttu kílómetra hraða þykir nokkuð mikið þannig að þetta er aldrei rosaleg ferð. Við erum heldur ekki mikið innan um aðra umferð heldur bara einir einhvers staðar úti í náttúrunni,“ bætir Bjarni við en segir það þó algjört lyklatríði að vera með hjálum og í réttu græjunum.

-fgg

SÉÐ OG TÆTT

Stjórnuárshátíð 365 miðla.

GLAMUR OG GLEÐI!

Sjónmáttur

Súrt og sætt!

Rebekka stefnir á Evróvisjón.

SJÓD-HEITT ÍPÓTTAPAR!

GAMLAR FEGURÐAR-DROTTNINGAR

ÁSTFANGIN Í ALVÖRU!

Safnar Rassi!

OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++



Fallegar hettupeysur
Nokkrar gerðir

Verð áður 3990

Verð nú 1990



Fallegar herra-
og dömuúlpur

Verð áður 4990

Verð nú 2990

Sendum í póstkröfu út á land!



Kuldaskór

Með ískló
41-46

2999



Kvenskór

36-41

1999



Kuldaskór

Með grófum sóla
36-46

1499



Kvenskór

36-41

999



Mokkasía

Leðurfóðraður
40-46

2999



Herraskór

Leðurfóðraður
40-46

2499

Smart að spara – Outlet 10

Faxafeni 10

Opið alla virka daga og á laugardögum frá 11 til 18
Sími: 534-4450

Sokkar fylgir ókeypis
með öllum skóm!

BAKÞANKAR

Ólafs Sindra
Ólafssonar



Svona er ástin


Það er táknrænn dagur í dag. Valentínusardagur er notaður til að minna hluta af þjóðinni á að hún eigi maka og hinn hlutann á að hún eigi engan. Elsta ritaða heimildin um Valentínusardag er eftir sjálfan Chaucer. Hann skrifaði hjartnæmt ástarljóð vorið 1382 nær yfirkominn af hamingju vegna ásta Ríkarðs II og konu hans Önnu af Bæheimi. Þau voru fjórtán ára.

SAMBAND Ríkarðs og Önnu er stundum haft til marks um hina hreinu, sönnu ást. Þrátt fyrir að Anna væri af óskaplega fínu fólki var hún bláfátæk – í raun svo fátæk að fjölskyldan hafði ekki einu sinni efni á að greiða með henni. Að auki var hún ekkert sérstaklega lagleg. Hjónabandið var farsælt að öllu leyti nema því að þau eignuðust engin börn. Anna var skapgóð en Ríkarður bráðlátur; Anna var miðskunnöm, Ríkarður hefningjarn. Ást þeirra styrktist með árunum og tók á sig göfugri mynd með auknum þroska. Framtíðin brosti sérlega björt við þeim þegar Anna varð drepsótt að brád – þá 27 ára.

RÍKARÐUR var óhuggandi. Í heilt ár neitaði hann að koma inn í nokkurt það herbergi sem Anna hefði svo mikið sem heimsótt. Hann lagði í rúst heilt óðalssetur sem geymdi of margar sárar minningar og byggði í staðinn grafhýsi fyrir sjálfan sig. Og hann fékk sér nýja eiginkonu. Sú var frönsk. Hún hét Ísabella. Hún var sex ára.

HIN nýja eiginkona reyndist kjörin. Þar sem hún var ekki nema rétt hálfnuð á vegferð sinni til blæðinga var ekki ætlast sérstaklega til mikils líkamlegs samneytis fyrst um sinn. Ríkarður fékk því nokkur ár til að syrgja fyrri konu sína áður en hann tók til við þá seinni. Hann dekraði Ísabellu litlu og heimsótti hana oft. Smám saman varð hin unga drottning yfir sig ástfangin af hinum nær þrítuga kóngi.

EKKI varð Ísabellu og Ríkarði heldur barna auðið. Ástæðan var ekki síst sú að Ríkarður dó. Hin ellefu ára gamla ekkja ól sorg sína í örfá ár, allt þar til hún var gefin landa sínum, hertoganum af Orléans. Sá var handtekinn árið 1415 og haldið fongnum í Lundúnum, hvaðan hann sendi fyrsta Valentínusarkort skráðrar sögu yfir sundið til sinnar heittelskuðu. Kortið var hins vegar ekki til Ísabellu – hún hafði látist af barnsförum 6 árum áður – heldur til Bonne af Armagnac. Sem hrökk upp af áður en hertoganum var sleppt úr þrúundinni.



Nýtt langdrægt GSM kerfi

Stærsta GSM þjónustusvæðið


Að lokinni uppsetningu nýrra senda víða um land býður Vodafone upp á stærsta GSM þjónustusvæðið á Íslandi. Þetta er bylting fyrir fólk á landsbyggðinni, sjómenn og ferðamenn á fjölmörgum stöðum þar sem ekki hefur verið GSM samband til þessa.

Meðan við höldum uppbyggingunni áfram skiptir þú yfir til Vodafone, án þess að skipta um símanúmer, með einu símtali í 1414 – strax í dag.

Gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone



GÓÐAN DAG!
Í dag er fimmtudagurinn
14. febrúar, 45. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9.28	13.42	17.56
Akureyri	9.22	13.27	17.33

Heimild: Almanak Háskólans